# FRÉTTABLAÐIÐ

59. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 10. MARS 2016




**Á hálum ís** Fjölmennt var við Seljalandsfoss í gær. Lögðu margir á sig að ganga bak við fossinn þótt skilti vari nú við slíku vegna mikillar hálku á stígnum. Tvísýnt var á köflum hvort fólk kæmist óskaddað niður og fylgdist mannskapurinn spenntur með þegar einhver lagði í erfiðasta hjallann, klakabrynjaðan stiga í átt að meira öryggi á jafnsléttu. Sjá síðu 16 FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Enn kallað eftir Katrínu á Bessastaði

**Katrín Jakobsdóttir nýtur langmests stuðnings í embætti forseta Íslands. Hefur þó gefið út yfirlýsingu um að hún ætli ekki í framboð.**

**STJÓRNMÁL** Fjórðungur þeirra sem afstöðu taka vill að Katrín Jakobsdóttir verði næsti forseti Íslands. Þetta sýna niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar fréttastofu 365.

Spurt var út í afstöðu til níu manna sem ýmist hafa verið orðaðir við forsetaembættið eða hafa gefið kost á sér í það. Tólf prósent vilja Vigfús Bjarna Albertsson sem næsta forseta og ellefu prósent myndu vilja sjá Ólaf Ragnar Grímsson áfram í embætti. „Ég er afskaplega glaður með það og þakklátur,“ segir Vigfús Bjarni við Fréttablaðið.

Þegar framkvæmd könnunarinnar var rétt liðlega hálfnuð tilkynnti Katrín að hún myndi ekki gefa kost á sér í embætti forseta. Afstaða fólks virðist þó lítið hafa breyst eftir að hún gaf út yfirlýsinguna.

Könnunin var gerð þannig að hringt var í 1.082 manns þar til náðist í 794 dagana 8. og 9. mars. Svarhlutfall var því 73,4 prósent. Alls tóku 39 prósent þeirra sem spurðir voru afstöðu til spurningarinnar. – jhh / sjá síðu 4

**Fylgi þriggja efstu forsetaframbjóðendanna**

Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins 8. og 9. mars 2016.




## Eiður Smári sjaldgæfastur

**FÓTBOLTI** Strákarnir okkar í karlalandsliðinu í fótbolta eru nú fáanlegir á fótboltamyndum sem tengjast Evrópumótinu í Frakklandi. Nexus, einn seljandi myndanna, pantaði úr Norðurlandasettinu til að auka möguleika á að þeir sem kaupi myndirnar fái íslensku strákana.

Alls eru 32 íslenskar myndir í boði, sumar þeirra sjaldgæfari en aðrar. „Eiður Smári verður súperspjald og líklega bara til í glans,“ segir Ingimar Bjarni Sverrisson sem sér um sölu myndanna fyrir Nexus. – tom / sjá síðu 36



## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Umræðan um áfengi er á villigötum, skrifar Stefán Hrafn Jónsson. 24-35

**SPORT** Fótboltalandsliðið er komið á fótboltamyndir. 36-38

**MENNING** Kvikmyndin Reykjavík er fyrsta mynd leikstjórans Ásgríms Sverrissonar í fullri lengd. 44-50

**LÍFIÐ** Augnsviprigði Ilmar vekja athygli í Bretlandi. 54-62

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Suðaustan hvassviðri og jafnvel stormur á stöku stað, slydda eða rigning og hiti 0 til 7 stig, en suðvestlægari með éljum um og eftir hádegi og kólnar, fyrst vestan til.
SJÁ SÍÐU 42

# Segir auglýsingar ímyndarherferð

**ALÞINGI** Fullyrðingar forsætisráðherra á þingi í gær um kostnað við auglýsingar ríkisstjórnarinnar eru vafasamar að mati Katrínar Júlíusdóttur, þingmanns Samfylkingarinnar.

Í svari ráðherra við fyrirspurn Katrínar segir að ríkisstjórnin hafi birt tvær auglýsingar á síðustu þremur árum. Þær hafi kostað rúmar 2,5 milljónir króna. Fyrri auglýsingin hafi verið til að hvetja neytendur til að fylgjast með verðlagi og beina viðskiptum sínum til þeirra sem skiluðu lækkunum eða niðurfellingu opinberra gjalda. Hin hafi verið til að „vekja athygli almennings á þeirri þverpólitísku samstöðu sem náðist á Alþingi við samþykkt fjárlaga um að verja bæri tekjum sem rynnu í ríkissjóð vegna stöðugleikaframlaga föllnu bankanna, á grundvelli nauðasamninga þeirra, til niðurgreiðslu skulda ríkissjóðs og ná þannig fram lækkun á vaxtabyrði ríkissjóðs.“

Katrín segir vafasamt að fullyrða að seinni auglýsingin hafi varðað almannahagsmuni. „Það er mjög villandi að segja að þeir hafi verið að vekja athygli á einhverri þverpólitískri samstöðu um ráðstöfun fjármagns í fjárlagagerðinni,“ segir hún. Þá sé skrítið að ríkisstjórnin hafi talið sig þurfa að auglýsa fyrir skattfé hvernig hún verji fjármunum þegar hún var í erfiðri stöðu. „Mér finnst þetta vafasöm ráðstöfun á fénu og mér finnst þetta mjög villandi framsetning í svarinu.“

„Auglýsingin var augljóslega ímyndarherferð sem þjónaði flokkspólitískum tilgangi,“ segir Katrín Júlíusdóttir. – þea



Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar

# Mótmæla biðlistum



Meðlimir ungmennaráðs UNICEF á Íslandi mótmæltu biðlistum fyrir börn með geðræn vandamál á Íslandi á biðstofu Þroska- og hegðunarstöðvarinnar í Mjódd í gær. Með mótmælunum vildi ráðið vekja athygli á því að bið barna á Íslandi eftir hjálp væri of löng að þeirra mati og krafðist ráðið þess að stjórnvöld skilgreini hámarksbiðtíma barna eftir geðheilbrigðisþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Heimildarmynd Benedikts sýnd á Tribeca

**MENNING** Heimildarmyndin The Show of Shows: 100 Years of Vaudeville, Circuses and Carnivals, í leikstjórn Benedikts Erlingssonar hefur verið valin til sýningar á kvikmyndahátíðinni Tribeca sem haldin er árlega í New York í Bandaríkjunum. Myndin er framleidd af Margréti Jónasdóttur og Sagafilm.

Myndin fjallar um sirkusfólk og er í henni áður óséð myndefni við tónlist Georgs Holm og Orra Páls Dýrasonar úr Sigur Rós. Myndin hefur fengið góða dóma.

Til stendur að frumsýna myndina á hátíðinni 17. apríl og verður hún sýnd endurtekið á nútímalistasafninu MoMa.

„Við erum auðvitað himinlifandi með að myndin okkar hafi verið valin inn á þessa virtu kvikmyndahátíð,“ segir Margrét Jónasdóttir, framleiðandi myndarinnar. – þea

# Vilja gera mynd um baráttu fyrir betra lífi

**Systurnar Áslaug Ýr og Snædís Rán vilja fræða stjórnvöld og almenning um aðstæður fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Þær vilja gera heimildarmynd um baráttu sína og bresti í þjónustu til þeirra sem eru með sömu fötlun.**

**SAMFÉLAG** Systurnar Áslaug Ýr og Snædís Rán Hjartardætur hafa barist ötullega fyrir bættum lífsgæðum sínum og annarra með sömu fötlun, en þær eru báðar með sjaldgæfan taugarhrörnunarsjúkdóm.

Snædís Rán stefndi íslenska ríkinu fyrir að veita henni ekki þá túlkaþjónustu sem hún þarf og systurnar hafa báðar ítrekað vakið athygli á skertum lífsgæðum fólks í sömu stöðu. Nú ætla þær að leggja fyrir sig kvikmyndagerð og stefna á að gera heimildarmynd um aðstæður sínar og annarra í sömu stöðu.

Áslaug Ýr segist ekki hafa áttað sig á því hversu slæm lífsgæði hennar voru fyrr en hún varð sjálfráða. Hennar lífsgæði séu þó góð í samanburði við aðra með sömu fötlun sem búa ekki í Reykjavík. „Þó lífsgæði mín séu frekar slæm, þá er annað fólk með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu hér á landi sem býr við miklu verri lífsgæði en ég. Þetta fólk fær ekki nauðsynlega aðstoð eins og það þarf, fær ekki nauðsynlega túlkaþjónustu af því það býr ekki í Reykjavík.“

Áslaug Ýr segir að fengi hún tækifæri til að bæta lífsgæði sín og annarra í sambærilegri stöðu myndi hún fyrst og fremst lögleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

„Ég myndi vilja lögfesta NPA-þjónustuna, breyta fyrirkomulagi túlkaþjónustunnar, samræma reglur sveitarfélaga um félagsþjónustu svo fólk þurfi ekki sífellt að vera að flytja á milli staða til að fá þá þjónustu sem það þarf. En fyrst og fremst er að lögleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, því þá verða réttindi okkar tryggð og ég hef trú á því að það eigi eftir að stórbæta lífsgæði margra.“



Áslaug Ýr Hjartardóttir vill gera heimildarmynd með systur sinni Snædísi Rán, kvikmyndagerðarkonunni Söndru Helgadóttur og Guðnýju Einarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Þó lífsgæði mín séu frekar slæm, þá er annað fólk með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu hér á landi sem býr við miklu verri lífsgæði en ég.
>
> Áslaug Ýr Hjartardóttir

Að heimildarmyndinni koma einnig Guðný Katrín Einarsdóttir sem starfar sem ráðgjafi hjá Fjólu, félagi fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, og Sandra Helgadóttir, leikkona og kvikmyndagerðarmaður, sem hefur yfirumsjón með myndinni og framleiðir og leikstýrir myndinni.

Guðný, Sandra, Áslaug og Snædís safna fyrir gerð hennar á Karolina Fund undir heitinu; Manneskja eins og þú. kristjanabjorg@frettabladid.is







PIPAR\TBWA • SÍA

Kringlan

KRINGLAN.IS

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

# Segir aðgerðir stjórnvalda ýta undir hærra húsnæðisverð

**FASTEIGNIR** Núverandi aðgerðir stjórnvalda í húsnæðismálum hafa meiri áhrif til hækkunar á almennu fasteignaverði en til lækkunar. Ef stjórnvöld vilja lækka húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu þurfa þau að afmarka betur þá hópa sem fá stuðning við húsnæðiskaup og styrkja forsendur fyrir auknum nýbyggingum. Þetta tvennt mun lækka húsnæðisverð að mati Björns Brynjúlfs Björnssonar, hagfræðings Viðskiptaráðs Íslands. Björn heldur erindi um málið á fundi VÍB í VÍB stofunni í morgun.

Björn bendir á að þrátt fyrir miklar umræður um hátt húsnæðisverð og erfiðleika ungs fólks við að kaupa fasteign bendi fátt til þess að erfitt sé að eignast húsnæði á höfuðborgarsvæðinu, ef frá er talinn miðbærinn. Fasteignaverð sem hlutfall af launum hafi haldist óbreytt í 22 ár. Hann segir Viðskiptaráð ekki telja ástæðu til inngripa stjórnvalda á húsnæðismarkaði.

> **Aðgerðir stjórnvalda hafa því umtalsverð áhrif til hækkunar húsnæðisverðs, þó að þau séu að reyna að styðja við íbúðakaupendur með öllum þessum kerfum.**
>
> Björn Brynjúlfur Björnsson



„Heildarstuðningur stjórnvalda er orðinn mjög mikill í húsnæðismálum en hann nam rúmlega fjörutíu milljörðum í fjárlögum síðasta árs. Þau stuðningskerfi sem stjórnvöld starfrækja í dag hafa meiri áhrif til hækkunar á almenna fasteignaverði en til lækkunar. Það eykur eftirspurn eftir húsnæði að afhenda stórum hluta þjóðarinnar fjármuni sem eru sérstaklega eyrnamerktir húsnæðiskaupum. Framboðsmegin er skortur af lóðum, skipulagsreglur eru strangari en áður og byggingarkostnaður var hækkaður verulega með nýrri byggingarreglugerð árið 2012, sérstaklega fyrir smærri íbúðir. Aðgerðir stjórnvalda hafa því umtalsverð áhrif til hækkunar húsnæðisverðs, þó að þau séu að reyna að styðja við íbúðakaupendur með öllum þessum kerfum,“ segir Björn.

Þörf er því á að afmarka húsnæðisaðgerðirnar sem mun draga úr eftirspurn, og auka lóðaframboð og lækka byggingarkostnað. **– sg**



Á Grettisgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Maður settur í gæsluvarðhald vegna brunans

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fertugsaldri var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald í tengslum við brunann á Grettisgötu 87 á mánudag. Í samtali við mbl.is í gærkvöldi sagði Jóhann Karl Þórisson aðstoðaryfirlögregluþjónn að lögreglumenn hefðu þekkt manninn þegar farið var yfir upptökur úr öryggismyndavélum.

Til stendur að yfirheyra annan mann í tengslum við málið en báðir hafa komið við sögu lögreglu áður.

Tveir sáust yfirgefa húsið skömmu eftir að elds varð vart og sagði Jóhann Karl í samtali við fréttastofu í gær að kannað væri hvort þessir tveir væru þeir sem sást til. **– þea**

## Þriðjungur segir skort á vinnuafli

**EFNAHAGSMÁL** Þriðjungur stjórnenda fjögur hundruð stærstu fyrirtækja landsins segist í nýrri könnun Samtaka atvinnulífsins og Seðlabanka Íslands finna fyrir vinnuaflsskorti, samanborið við sautján prósent fyrir ári.

Samkvæmt könnuninni sjá þrjátíu og átta prósent stjórnenda fram á fjölgun starfsmanna á næstu sex mánuðum. Búast má því við tveggja prósenta fjölgun starfsmanna á almennum vinnumarkaði á næstu sex mánuðum sem svarar til 2.500 starfa. Skortur á starfsfólki og áformuð fjölgun starfsmanna er langmest í ferðaþjónustu og byggingariðnaði. **– sg**

# Margir eiga eftir að ákveða sig

**Katrín Jakobsdóttir hefur yfirburðastuðning í embætti forseta Íslands. Séra Vigfús Bjarni Albertsson og Ólafur Ragnar Grímsson hafa einnig forskot á aðra. Afar stór hluti svarenda vill ekki taka afstöðu.**

**STJÓRNMÁL** „Ég mun ekki bjóða mig fram til embættis forseta Íslands að þessu sinni. Ég vona að kosningabarátta þeirra einstaklinga sem gefa kost á sér í þetta embætti verði málefnaleg og innihaldsrík og í þetta embætti veljist góður þjónn þjóðarinnar sem beiti sér fyrir mannréttindum og lýðræðisumbótum, vernd náttúru og umhverfis og stöðu íslenskrar tungu,“ sagði Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, á fésbókarsíðu sinni í gærkvöldi.

Ný skoðanakönnun Fréttablaðsins Stöðvar 2 og Vísis bendir engu að síður til þess að Katrín njóti langmests stuðnings allra til þess að gegna embættinu. Fjórðungur, eða 25 prósent, þeirra sem afstöðu tekur vill að Katrín verði næsti forseti Íslands. Spurt var út í afstöðu til níu manna sem ýmist hafa verið orðaðir við forsetaembættið eða hafa gefið kost á sér í það. Tólf prósent vilja Vigfús Bjarna Albertsson sem næsta forseta og ellefu prósent myndu vilja sjá Ólaf Ragnar Grímsson áfram í embætti. „Ég er afskaplega glaður með það og þakklátur,“ segir Vigfús Bjarni við Fréttablaðið.

Vigfús Bjarni segir mikinn stuðning við þau Katrínu og Ólaf Ragnar ekki koma sér á óvart. „Katrín Jakobsdóttir hefur verið farsæll stjórnmálamaður og vinsæl meðal þjóðarinnar og hefur fengið skýr skilaboð um fylgi sitt. Greinilegt er að fólk saknar líka Ólafs Ragnars,“ segir Vigfús Bjarni.

Fimm prósent nefna Andra Snæ Magnússon, 4 prósent Davíð Oddsson, þrjú prósent nefna Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur og 2 prósent nefna Össur Skarphéðinsson og Ólaf Jóhann Ólafsson. Eitt prósent nefnir svo Höllu Tómasdóttur. Athygli vekur svo að 37 prósent nefndu einhvern annan en þá níu sem nefndir voru í könnuninni.

Þegar framkvæmd könnunarinnar var rétt liðlega hálfnuð tilkynnti Katrín að hún myndi ekki gefa kost á sér í embætti forseta. „Ég mun ekki bjóða mig fram til embættis forseta Íslands að þessu sinni. Ég vona að kosningabarátta þeirra einstaklinga sem gefa kost á sér í þetta embætti veljist góður þjónn þjóðarinnar sem beiti sér fyrir mannréttindum og lýðræðisumbótum, vernd náttúru og umhverfis og stöðu íslenskrar tungu,“ sagði Katrín. Afstaða fólks til spurningarinnar virðist þó lítið hafa breyst eftir að hún gaf út yfirlýsinguna.

Könnunin var gerð þannig að hringt var í 1.082 manns þar til náðist í 794 dagana 8. og 9. mars. Svarhlutfallið var því 73,4 prósent. Það er vert að taka fram að svarhlutfall í könnuninni er mjög lágt. Alls tóku 39 prósent sem spurðir voru afstöðu til spurningarinnar. Því er greinilegt að fólk er hvergi nærri búið að mynda sér skoðun á málinu. Spurt var: Hvern viltu sjá sem næsta forseta Íslands?

jonhakon@frettabladid.is

### Fylgi mögulegra forsetaframbjóðenda

Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins 8,-9.mars 2016




> **Ég vona að kosningabarátta þeirra einstaklinga sem gefa kost á sér í þetta embætti verði málefnaleg og innihaldsrík.**
>
> Katrín Jakobsdóttir formaður VG

### Margir kallaðir til

Þeir sem þátt tóku í könnun fréttastofu 365 miðla nefndu marga einstaklinga þegar þeim var boðinn sá valkostur að nefna aðra en þá sem spurt var beint um. Hér til hliðar gefur að líta þá sem náðu í heildina yfir eins prósents fylgi. Nöfn allra þeirra sem nefndir voru má finna á vísi.is.

### Aðrir sem voru nefndir

Jón Gnarr
2%


Ástþór Magnússon
1%


Bogi Ágústsson
1%


Salvör Nordal
1%


Sigrún Stefánsdóttir
1%


Stefán Jón Hafstein
1%


Þorgrímur Þráinsson
1%


Þóra Arnórsdóttir
1%


Enginn 1%

Leggja embættið niður 1%




# Slæmt að yfirmenn standi í útskipun

**KJARAMÁL** „Þeir hafa mikilvægum skyldum að sinna annars staðar í verksmiðjunni sem er ekki sinnt á meðan. Það er vissulega mjög slæmt,“ segir Ólafur Teitur Guðnason, upplýsingafulltrúi Rio Tinto Alcan á Íslandi, um yfirmenn álversins í Straumsvík sem hafa gengið í störf hafnarverkamanna fyrirtækisins undanfarið og sinnt útskipun á meðan á verkfalli stendur.

Útflutningsbann hefur nú staðið yfir í um þrjár vikur en sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu úrskurðaði að nítján yfirmenn mættu ganga í störf hafnarstarfsmanna. „Það má segja að þau hafi náð tökum á að koma þessu um borð. En samt sem áður eru ekki allir farmar að fara sem áttu að fara og það hefur þurft að skilja eftir,“ sagði Kolbeinn Gunnarsson, formaður verkalýðsfélagsins Hlífar, við fréttastofu í gær.

„Það má ekki gleyma tjóninu sem þetta veldur í okkar viðskiptasamböndum. Við erum að framleiða



Síðustu misseri hefur verið hart deilt um heimildir álversins í Straumsvík til að nýta sér þjónustu verktaka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

sérsniðna vöru handa viðskiptavinum sem treysta á að fá hana. Það er aðeins farið að bera á að þeir segi upp pöntunum því þeir treysta ekki á að þeir fái málminn,“ segir Ólafur.

Þá segir Ólafur ekkert að frétta af samningaviðræðum. „Að óbreyttu lítur út fyrir að þetta haldi áfram, því miður.“ Kjaradeilan hefur nú staðið yfir í rúmt ár. **– þea**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# 60 ÁRA

## 1956 - 2016

**Húsasmiðjan fagnar 60 ára afmæli í ár. Af því tilefni munum við kynna ýmsar nýjungar á árinu sem koma til með að hjálpa neytendum að byggja á betra verði með Húsasmiðjunni til framtíðar.**

Í febrúar kynntum við verðlækkun á mikilvægum byggingavörum um allt að **20%** og viljum þannig auðvelda neytendum að byggja á enn betra verði.

Nú bjóðum við í sannkallaða tilboðsveislu með afmælistilboðum og fjöri í verslunum okkar um land allt.

**Komdu og fagnaðu með okkur, byggjum saman á betra verði til framtíðar.**

**Byggjum á betra verði**






**Nýtt afmælisblað komið út**

Fullt blað af afmælistilboðum. Gerðu betri kaup.

525 3000 | www.husa.is

# Engin mygla hefur fundist á listasafninu

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekki hefur orðið vart við myglusvepp í húsnæði Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu en velferðarráðuneytið hyggst flytja úr sínum hluta hússins innan skamms vegna hans. Það var tilkynnt á starfsmannafundi ráðuneytisins í gær.

„Við höfum ekki orðið vör við myglusvepp. Það er auðvitað spurning hvort við gerum einhverja skoðun á því í ljósi þessara upplýsinga. Ég held við munum hafa opin augun,“ segir Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur.

Ákvörðun velferðarráðuneytisins um flutningana er byggð á sameiginlegri niðurstöðu eiganda Hafnarhússins, Faxaflóahafna, og ráðuneytisins þar sem ástand húsnæðisins þykir ófullnægjandi. Á síðustu árum hefur tvívegis verið reynt að uppræta vandann en það hefur ekki tekist.

Endurbætur sem ráðast þarf í á Hafnarhúsinu kosta mörg hundruð milljónir króna, að því er haft var eftir Gísla Gíslasyni hafnarstjóra Faxaflóahafna í fréttum Stöðvar 2 í gær. – þea

**Við höfum ekki orðið vör við myglusvepp. Það er auðvitað spurning hvort við gerum einhverja skoðun á því í ljósi þessara upplýsinga.**



Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur

# Mótmæli á Lýðveldistorgi




„Það er skítalykt af breytingunum ykkar,“ segir á skilti þessa mótmælanda á Lýðveldistorgi Parísar, höfuðborgar Frakklands. Mörg þúsund söfnuðust saman á torginu í gær til að mótmæla fyrirhuguðum breytingum ríkisstjórnarinnar á lögum um vinnumál. Á meðal hugmynda ríkisstjórnarinnar er að gera fyrirtækjum auðveldara að reka starfsmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ólögleg búseta sögð varanlegur vandi

**Hópar efnalítilla Íslendinga búa í óleyfilegum herbergjum og íbúðum í atvinnuhúsnæði með ónógum eldvörnum. Ástandið þarf að vera afar slæmt til að húsnæði sé lokað. Oft eina skjól íbúanna. Eigendur eru beittir dagsektum ef þeir draga lappirnar við úrbætur.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Búseta í óleyfilegum herbergjum og íbúðum í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu er vandamál sem komið er til að vera, að mati Bjarna Kjartanssonar, sviðsstjóra forvarna hjá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Að minnsta kosti 1.200 manns bjuggu í slíku húsnæði árið 2007 samkvæmt kortlagningu slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu. Brunavörnum var víða ábótavant.

„Við höfum ekki kortlagt þetta aftur og vitum þess vegna ekki nákvæmlega hver staðan er núna. En væntanlega er vandinn ekki minni núna. Hópar efnalítilla Íslendinga búa við þessar aðstæður. Útlendingarnir sem bjuggu í slíku húsnæði hurfu af landi brott þegar kreppan skall á en nú eru útlendir farandverkamenn að koma aftur. Sveitarfélögin eru ekki með húsnæði tilbúið handa þeim,“ tekur Bjarni fram.

Hann segir ástæðuna fyrir því að vandinn var ekki kortlagður aftur vera þá að slökkviliðið hafi í raun verið með fá úrræði. „Sveitarfélögin voru í fyrstu svolítið varfærin og treystu sér ekki til að við færum að gera kröfu um úrbætur um brunavarnir. Við hefðum þá fyrir þeirra hönd verið að fallast á ólöglega notkun á húsnæði. Slökkviliðið krafðist hins vegar að eigendur atvinnuhúsnæðisins létu af ólöglegri notkun þess. En svo veittu sveitarfélögin okkur heimild til að krefjast úrbóta eftir að hafa farið yfir þessi mál með lögfræðingum og við tökum þetta eftir því sem við dettum um það.“

Ástandið þarf að vera afar slæmt til að slökkviliðið loki ólöglegu íbúðarhúsnæði vegna lélegra brunavarna, að því er Bjarni greinir frá. „Við værum þá að henda fólki út á götu frá eina staðnum þar sem það hefur skjól. Þar með værum við í raun að hengja bakara fyrir smið. Fólkið sem býr þarna á ekki annarra kosta völ.“

**Við værum þá að henda fólki út á götu frá eina staðnum þar sem það hefur skjól. Þar með værum við í raun að hengja bakara fyrir smið.**



Bjarni Kjartansson, sviðsstjóri forvarna hjá slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu

Verði eigendur atvinnuhúsnæðis, sem leigja það út sem íbúðarhúsnæði, ekki við kröfu slökkviliðsins um úrbætur í eldvörnum er dagsektum beitt. „Við erum nú búin að fá aðfararheimild út af dagsektum,“ segir Bjarni.

Þegar slökkviliðið gerði úttekt á ástandinu árið 2007 bjó einstæð, íslensk móðir með tvö börn í herbergi í iðnaðarhúsnæði. Fleiri dæmi voru um að börn byggju við slíkar aðstæður. Sveitarfélög hafa þá reynt að greiða götu fólks í þeim tilvikum, að sögn Bjarna.

ibs@frettabladid.is



Eldvörnum í þessu atvinnuhúsnæði, þar sem er óleyfileg búseta, hefur verið komið í sæmilegt horf en ekki nógu gott. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Opnuðu nýja útskriftardeild

**HEILBRIGÐISMÁL** Opnuð hefur verið ný útskriftardeild fyrir aldraða á Landakoti. Deildin rúmar átján sjúklinga og er eingöngu ætluð þeim sem taldir eru geta útskrifast eftir umfangsmikla endurhæfingu.

Algengt er að sjúklingar sem liggja á bráðalegudeildum missi getu til að fara í endurhæfingu á meðan þeir bíða eftir slíku úrræði. Við opnun nýju deildarinnar mun flæði innan Landspítalans batna þar sem rúm á bráðadeildum munu nýtast til meðferðar á bráðveiku fólki fremur en sem biðpláss eftir endurhæfingu.

Í dag bíða rúmlega þrjátíu sjúklingar á bráðalegudeildum Landspítalans eftir endurhæfingu á Landakoti og ljóst er að stór hluti þeirra mun geta nýtt sér nýju deildina. – þv

# Sýrlendingar mótmæla í vopnahléinu

**SÝRLAND** Stjórnarandstæðingar í Sýrlandi hafa notað tækifærið í stuttu vopnahléi til þess að mótmæla stjórn Bashars al Assad forseta, sem þeir kenna enn alfarið um borgarastyrjöldina sem nú hefur staðið yfir í sex ár.

Vopnahléið hófst fyrir tæpum tveimur vikum og að mestu hafa bæði stjórnarherinn og uppreisnarhópar staðið við loforð sín og haldið aftur af sér.

Ekki liðu margir átakalausir dagar áður en fólk tók að flykkjast út á götur með mótmælaspjöld og hrópandi slagorð gegn Assad.

„Sýrland er fagurt, án Assads verður það stórkostlegt,“ hljóðar eitt slagorðið, samkvæmt frásögn á fréttavef þýska vikuritsins Die Zeit.

Á einu mótmælaspjaldinu stóð: „Sýrland er orðið að bananatré: Allir apar vilja klifra upp í það.“

Á öðru stóð: „Vopnahlé þýðir ekki að byltingin hafi stöðvast.“

Öfgasamtök á borð við Íslamska ríkið og Al Nusra-fylkinguna eru reyndar ekki aðilar að vopnahléinu, þannig að bæði Bandaríkjamenn og Rússar hafa haldið áfram loftárásum á yfirráðasvæði þeirra. – gb

**Sýrland er fagurt, án Assads verður það stórkostlegt.**

Áletrun á einu fjölmargra mótmælaspjalda sem sést hafa í Sýrlandi.



Mótmælendur komu saman í borginni Aleppo á mánudaginn, og spöruðu ekki stóryrðin gegn Assad forseta og Rússum. NORDICPHOTOS/AFP


F&F
ENGIR TOLLAR
Jakki
9.870
Buxur
4.930
NÝJAR VÖRUR
ENN BETRA VERÐ
Kringlan, Skeifan, Garðabær, Smáralind
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri

# Aukin tækifæri á erlendum mörkuðum?

Landsbankinn býður til morgunfundar um tækifæri og horfur á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í aðdraganda afnáms fjármagnshafta á Íslandi. Norðurljós í Hörpu, fimmtudag 17. mars kl. 8.30–10.15.

**Dagskrá** #hoftin



**Páll Harðarson** *forstjóri Kauphallarinnar* mun fjalla um íslenskan fjármálamarkað við afnám fjármagnshafta.





**Sigurður B. Stefánsson** *hagfræðingur* og **Svandís Rún Ríkarðsdóttir** *sjóðstjóri* fjalla um nýja bók sína „Lesið í markaðinn - Eignastýring og leitin að bestu ávöxtun." Bókin rekur fjárfestingarhugsunina frá 1890 fram á 21. öld. Í ljós kemur að kenningar gömlu meistaranna eru enn í fullu gildi og mikið má læra af sögunni í 125 ár.



**Yngvi Harðarson** *framkvæmdastjóri Analytica og formaður félags markaðsgreinenda* fjallar um tímasetningu markaðarins og hagkvæma nýtingu upplýsinga til viðskipta.



**Matt King** *Global Head of Credit Products Strategy hjá Citigroup* flytur erindi sem nefnist Ég kaupi (bara) ef þú kaupir (e. "I'll buy (only) if you will.")



**Steinþór Pálsson** *bankastjóri Landsbankans* slítur fundi.



**Fundarstjóri:**
Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir
*framkvæmdastjóri Markaða Landsbankans.*

**Boðið verður upp á morgunhressingu frá kl. 8.00.**
**Skráning fer fram á landsbankinn.is.**

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000




Bernie Sanders hefur styrkt stöðu sína verulega, þótt enn sé Clinton spáð nokkuð öruggum sigri. NORDICPHOTOS/AFP

# Óvænt úrslit í Michigan opna allt upp á gátt

**Trú manna á skoðanakönnunum í forkosningum bandarísku flokkanna hefur minnkað nokkuð, eftir að óvæntustu úrslit síðustu áratuga urðu á þriðjudaginn. Sanders hafði þá betur á móti Clinton.**

**BANDARÍKIN** Kosningafræðingar vestra velta nú mjög fyrir sér hvernig á því standi, að Bernie Sanders hafi borið sigur úr býtum í forkosningum Demókrataflokksins í Michigan á þriðjudaginn.

Skoðanakannanir höfðu eindregið bent til þess að Hillary Clinton myndi sigra, en þegar upp var staðið hafði Sanders betur. Úrslitin eru sögð hin óvæntustu í sögu bandarískra skoðanakannana í nokkra áratugi.

Clinton er að vísu enn með mikið forskot á Sanders í forkosningum Demókrataflokksins, en þeim lýkur ekki fyrr en í júní og enn vantar Clinton töluvert upp á að hafa tryggt sér sigurinn.

Sigur Sanders í Michigan, þótt naumur sé, hefur valdið nokkrum óróa í herbúðum Clinton, enda er Michigan eitt af miðvesturríkjum Bandaríkjanna og líkara mörgum þeim ríkjum sem enn á eftir að halda forkosningar í en þeim sem búið er að kjósa í.

Þar eru til sögunnar nefnd bæði Ohio og Illinois, þar sem forkosningar verða haldnar á þriðjudaginn kemur. Clinton hefur verið spáð sigri í þeim báðum, en nú hefur trú manna á þeim spám dvínað nokkuð.

„Ef Michigan var bara tilviljun (sem er mögulegt), þá mun kvöldið í kvöld gleymast hratt," skrifar Harry Enten, sérfræðingur á vefnum fivethirtyeight.com, sem sérhæfir sig í skoðanakönnunum og kosningavangaveltum. „En ef þeim sem gera skoðanakannanir hefur sést yfir eitthvað mikilvægara um kjósendur þá gæti orðið mun mjórra á mununum í Ohio og Illinois en búist er við."

> **Ef þeim sem gera skoðanakannanir hefur sést yfir eitthvað mikilvægara um kjósendur þá gæti orðið mun mjórra á mununum í Ohio og Illinois en búist er við.**
>
> Harry Enten, sérfræðingur á vefnum fivethirtyeight.com

Í herbúðum repúblikana styrkti Donald Trump mjög forskot sitt á hina frambjóðendurna, bæði í Michigan og Mississippi. Hvorki Ted Cruz né Marco Rubio tókst að ná þar umtalsverðum árangri, þótt Cruz hafi sigrað í Idaho.

**gudsteinn@frettabladid.is**

## Staðan í kapphlaupinu í stól forseta

- Á þriðjudaginn voru haldnar forkosningar beggja flokka í Mississippi og Michigan, en repúblikanar héldu einnig forkosningar á Hawaii og í Idaho.
- Frambjóðandi demókrata þarf 2.383 fulltrúa á flokksþinginu í júlí til að verða forsetaefni flokksins, en á flokksþingi repúblikana þarf 1.237 fulltrúa til sigurs.

**Demókratar**
Hillary Clinton **1.220***
Bernie Sanders **571**

**Repúblikanar**
Donald Trump **446**
Ted Cruz **347**
Marco Rubio **151**
John Kasich **54**

**Fjöldi fulltrúa, sem hver frambjóðandi hefur tryggt sér, að meðtöldum svonefndum ofurfulltrúum.*




DRÖGUM KL. 18.00 Í DAG | **TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á HHI.IS**

PIPAR\TBWA • SÍA • 161225

# Hæstaréttardómurum fækki í fimm

**Fyrrverandi hæstaréttardómari fagnar stofnun millidómstigs. Gerir þó athugasemdir við nýtt frumvarp innanríkisráðherra. Mál verði einungis flutt á tveimur dómstigum. Dómurum verði gert óheimilt að taka að sér störf innan stjórnsýslunnar önnur en dómarastörf.**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is

Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, fagnar stofnun millidómstigs og segir tilurð þess löngu tímabæra. Ólöf Nordal innanríkisráðherra hefur kynnt í ríkisstjórn frumvarp um nýjan dóm sem verður kallaður Landsréttur. Jón segist þó hafa athugasemdir við frumvarpið og telur að gera þurfi frekari breytingar á réttarfarslögum.

„Í fyrsta lagi þá tel ég að um leið og þetta er gert eigi að fækka dómurum í Hæstarétti niður í fimm en ekki sjö eins og er í frumvarpinu,“ segir Jón. Hann segir að dómararnir fimm í Hæstarétti ættu að dæma í öllum málum. „Þetta tel ég að sé nauðsynlegt að gera til að styrkja fordæmisgildi dómanna og minnka hættuna á því að tilfallandi ákvarðanir og skipan dómsins í einstökum málum skapi óvissu um niðurstöðu.“

### Sitjandi dómarar hafi ekki áhrif

Í öðru lagi telur Jón Steinar að ekkert mál eigi að fara á fleiri en tvö dómstig, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að mál geti farið í gegnum öll þrjú dómstigin. Þetta telur Jón Steinar að sé óþarfi. Hæstiréttur eigi að dæma í stærstu málunum; mestu prinsippmálunum og fordæmismálunum. Hægt sé að koma þessum málum til réttarins á tvennan hátt.

„Annaðhvort að rétturinn leyfi áfrýjun beint af fyrsta dómstigi til Hæstaréttar ef prinsippið er mikið. Eins hitt að menn ættu að geta sótt um það til Hæstaréttar að byrja á millidómstiginu,“ segir Jón Steinar. Hæstiréttur myndi þá veita leyfi til þess og í því leyfi fælist þá um leið heimild til að áfrýja dómi þaðan til Hæstaréttar. Hann segir að ef fallist yrði á þetta þá þyrfti ekki fimmtán dómara á millistigi. Nóg yrði að hafa þá á bilinu níu til tólf.

Í fjórða lagi telur Jón Steinar að það þurfi að afnema með öllu áhrif sitjandi dómara þegar ákvarðanir um skipun nýrra dómara eru teknar. Það sé algjörlega nauðsynlegt að ráðherra setji nýjar og skýrari reglur um skipun dómara. Jón Steinar telur að núverandi kerfi brjóti í bága við stjórnarskrá Íslands að sett sé upp nefnd sem skuli í raun ákveða hver verði næsti dómari í Hæstarétti.

> Annaðhvort að rétturinn leyfi áfrýjun beint af fyrsta dómstigi til Hæstaréttar ef prinsippið er mikið. Eins hitt að menn ættu að geta sótt um það til Hæstaréttar að byrja á millidómstiginu.
>
> Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttardómari

### Fordæmi að finna í útlöndum

Í fimmta lagi vill Jón Steinar sjá breyttar reglur um það hvernig atkvæði í Hæstarétti verði samin. Jón Steinar hefur lagt áherslu á að hver dómari semji sínar eigin forsendur undir eigin nafni. Núna er fyrirkomulagið þannig að sá sem les dóminn veit ekki hver hefur samið forsendurnar.

„Ég var með tillögu um það að þessu yrði breytt og við tækjum upp kerfi sem þekkist víða erlendis, í Englandi, við Mannréttindadómstól Evrópu, í Hæstarétti Bandaríkjanna og í Noregi svo dæmi séu nefnd, að menn skrifa undir nafni,“ segir Jón Steinar. Þannig að sá sem skrifar aðalatkvæði skrifar það með sínum forsendum og setur nafn sitt undir. „Síðan geta hinir bara sagt sammála frummælanda og nafnið sitt við það. Eða þá að þeir geta samþykkt niðurstöður frummælanda með einhverri efnislegri athugasemd,“ segir Jón Steinar. Hann segir það vera lykilatriði að þegar menn leggi nafnið sitt við verkefnið og geta ekki falið sig í hópnum þá vandi þeir sig meira og leggi meira af mörkum.

Þá segir Jón Steinar að hann vilji gjarnan hafa í lögum reglu um að skipuðum dómurum í Hæstarétti ætti að vera óheimilt að taka að sér störf á vegum stjórnsýslunnar. Þar með talar hann um réttarfarsnefnd, þar sem Eiríkur Tómasson gegnir formennsku.



Jón Steinar Gunnlaugsson fyrrverandi hæstaréttardómari telur að nægjanlegt sé að flytja mál á tveimur dómstigum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Frumvörpin sem innanríkisráðherra leggur fram eru tvö

**Viðamestu breytingar eru eftirfarandi:**

- Stofnaður verði nýr áfrýjunardómstóll, Landsréttur, sem skipaður verði á milli héraðsdómstólanna og Hæstaréttar Íslands sem verður eftir sem áður æðsti dómstóll þjóðarinnar.
- Lagt er til að 15 dómarar eigi sæti við Landsrétt og að þrír dómarar taki að meginstefnu þátt í meðferð hvers máls.
- Lagt er til að dómurum í héraði verði fjölgað úr 38 í 42. Með þessari fjölgun er tryggt að ekki þurfi að koma til setningar í embætti dómara vegna forfalla eða leyfa, nema í undantekningartilvikum.
- Lagt er til að dómstólaráð verði lagt niður en í stað þess verði sett á fót sérstök stjórnsýslustofnun innan dómskerfisins. Stofnunin beri heitið dómstólasýslan, sem hafi það hlutverk að annast og vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnsýslu dómstólanna allra.
- Lagt til að heimild dómara til að gegna aukastörfum verði þrengd þannig að dómara verði að meginstefnu til óheimilt að taka að sér stjórnsýslustörf í þágu hins opinbera.
- Lagt er til að lögfest verði ákvæði sem tryggja að kynjahlutfall í nefnd um dómarastörf og dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara verði sem jafnast.
- Lagt er til að framvegis verði ekki sett í embætti dómara nema í undantekningartilvikum og þá fyrst og fremst þegar hætta er á að dómstóll verði óstarfhæfur vegna forfalla fleiri en eins dómara.




www.volkswagen.is

Nýr Volkswagen Transporter

**Byggir á traustum grunni**

Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnuþjarki að halda sem leysir krefjandi og fjölbreytt verkefni. Hann er framhjóladrifinn með fullkominni stöðugleikastýringu og spólvörn en er einnig í boði með fjórhjóladrifi og sjö þrepa sjálfskiptingu.

International Van of the Year

Nýr Volkswagen Transporter kostar frá
**4.590.000 kr.**
(3.701.613 kr. án vsk)

Atvinnubílar

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# DEBENHAMS

## NÝ SENDING



**Verð kr. 9.990,-**



**Verð kr. 9.990,-**



**Verð kr. 9.990,-**



**Verð kr. 6.990,-**



**Verð kr. 6.990,-**



**Verð kr. 6.990,-**



**Verð kr. 8.990,-**



**Verð kr. 8.990,-**



**Verð kr. 7.990,-**



**Verð kr. 5.990,-**



**Verð kr. 6.990,-**



**Verð kr. 6.990,-**

Finndu okkur á facebook

**Opið í dag frá 11 - 21**

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Eyða tæpum þremur milljörðum gegn Trump

**BANDARÍKIN** Repúblikanar sem vilja koma í veg fyrir að Donald Trump verði næsta forsetaefni flokksins ætla að verja allt að tuttugu milljónum dollara, jafnvirði 2,6 milljarða íslenskra króna, í sjónvarpsauglýsingar gegn Trump í ríkjunum Flórída og Illinois þar sem kosið verður í forvali 15. mars næstkomandi.



Donald Trump

New York Times greinir frá því að fjórir mismunandi hagsmunahópar hafa varið 10 milljónum dollara, 1,3 milljörðum króna, nú þegar í Flórída. Auk þess hefur Club for Growth Action varið þremur milljónum dollara, 387 milljónum króna, í auglýsingar í ríkjunum.

Our Principles PAC, samtök sem búin voru sérstaklega til til að stoppa Trump, munu eyða 3,5 milljónum dollara, 450 milljónum króna, í Flórída og Illinois. Conservative Solutions, sem styður Marco Rubio, mun einnig verja nokkrum milljónum dollara í Flórída. **– sg**

## Listasmíð



Hollenska listakonan Marieke van der Meer vinnur að skúlptúrverki sínu „Flora“ á sandlistaverkasýningunni í Binz á Rügen-eyju í Þýskalandi í gær. 16 þúsund tonn af sandi eru notuð í verk yfir 50 listamanna, en um er að ræða sérstakan sand sem pressaður er í kubba og svo mótaður. Er þetta sjöunda sýningin, en hún verður opnuð á 5.600 fermetra sýningarsvæði 12. þessa mánaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

ENDURGJALDSLAUS
RÁÐGJÖF
VIÐ GERÐ
SKATTFRAMTALA

Lögrétta
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík

KPMG
Arion banki
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Lögfræðiþjónusta Lögréttu veitir endurgjaldslausa ráðgjöf við gerð skattframtala í samstarfi við KPMG og Arion banka.

Ráðgjöfin er veitt sunnudaginn 13. mars kl. 13-17 í Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1 í Sólinni (aðalbyggingu).

Allir velkomnir.

Hvað þarf að hafa meðferðis?
• Lykilorð og auðkennislykil til að komast inn á heimabanka
• Veflykil inn á rsk.is
• Verktakamiða síðasta árs (ef við á)

Skilafrestur á skattframtali einstaklinga er til 15. mars.

Pólskur túlkur er á staðnum



Urðun er meiri hérlendis en í nágrannalöndum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stjórnvöld uppfylli lagalega skyldu sína

**UMHVERFISMÁL** Almenn stefna um meðhöndlun úrgangs hefur ekki verið mótuð þó stjórnvöldum beri til þess lagaleg skylda. Í nýrri skýrslu til Alþingis hvetur Ríkisendurskoðun umhverfis- og auðlindaráðuneytið til að ráða bót á þessu.

Í skýrslunni segir að Ísland standist ekki að öllu leyti samanburð við nágrannaríkin þegar kemur að meðhöndlun heimilisúrgangs, þrátt fyrir ákveðin skref í rétta átt. Urðun heimilisúrgangs sé t.d. meiri hér en annars staðar á Norðurlöndum. Á móti sé sorpbrennsla hér mun minni.

Fram kemur að stjórnvöldum beri að móta almenna stefnu um meðhöndlun úrgangs. Ríkisendurskoðun hvetur ráðuneytið til að ljúka hið fyrsta gerð slíkrar stefnu sem gildi fyrir landið allt, með tímasettri áætlun um aðgerðir og fjárframlög.

Fram kemur í skýrslunni að vísbendingar séu um að svæðisáætlanir sveitarfélaganna séu ekki það stjórntæki sem þeim er ætlað að vera. Þá skorti á að stjórnvöld fylgi því eftir að áætlanirnar séu gerðar og þeim fylgt. Ríkisendurskoðun hvetur ráðuneytið til að bæta úr þessu. Einnig þurfi ráðuneytið að stuðla að aukinni og samræmdri flokkun heimilisúrgangs á landsvísu.

Í skýrslunni er bent á að Umhverfisstofnun eigi lögum samkvæmt meðal annars að upplýsa og fræða almenning um meðhöndlun heimilisúrgangs í samvinnu við sveitarfélögin. Stofnunin hafi þó ekki sinnt þessu verkefni sem skyldi þar sem hún fái enga fjármuni til þess. Ríkisendurskoðun hvetur stjórnvöld til að sjá til þess að Umhverfisstofnun geti sinnt þessu lögbundna verkefni sínu. **– shá**



NÝTT

## Multi-Active
## dag- og næturkrem

Til að viðhalda
sléttri og ljómandi húð.

# 30+
# og full af orku!

*(Ætti ekki húð þín að vera það líka?)*

Kynntu þér sem allra fyrst yfirburði Multi-Active tvíeykisins sem hefur að geyma þykkni úr fræbelgjum teasel-jurtarinnar en þykkni þetta er afar auðugt af andoxunarefnum og öðrum uppbyggjandi efnum fyrir húðina. Multi-Active kremin hafa skilað glæsilegum árangri í þeim tilgangi að draga úr ummerkjum þreytu og aldurs á húðinni, þökk sé því besta úr náttúrunni og því nýjasta úr heimi vísindanna.
Húðkremin þín eiga að vera jafn einstök og orkurík og þú sjálf.

Teasel extract
er stútfullt af andoxunarefnum
og öðrum uppbyggjandi efnum.




It's all about you.

CLARINS

Veglegur kaupauki fylgir* þegar keyptar eru tvær Clarins vörur.




## Clarins kynning í Hagkaup*
## 10. – 16. mars

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

*Á meðan birgðir endast * Ekki Hagkaup Selfossi



iPad mini 4 | Verð **72.990.-**
iPad Air 1 | Verð **69.990.-**
iPad Air 2 | Verð **89.990.-**



iPhone 6S | Verð frá **124.990.-**
iPhone 6S Plus | Verð frá **134.990.-**

Retina skjár, 12MP myndvél, 4K video.



Zipp þráðlaus hátalari | Verð frá **39.990.-**

Magnaður, þráðlaus hátalari frá Libratone. Léttur og einfaldur í notkun.



Kreafunk þráðlaus hátalari | Verð frá **10.990.-**

Þráðlaus (Bluetooth) hátalari frá Kreafunk í Danmörku

beats by dr. dre



Pill+ Þráðlaus hátalari | Verð **42.990.-**

beats by dr. dre



Solo2 | Verð **31.990.-**
Solo2 þráðlaus | Verð **47.990.-**

Ný þráðlaus útgáfa af vinsælustu heyrnartólunum frá Beats!



Active Lense Aðdráttar og víðlinsa | Verð **13.990.-**

Aðdráttar og víðlinsa fyrir iPhone 6 / 6 Plus



Uproar þráðlaus heyrnartól | Verð **7.990.-**

Einföld, nett, þægileg og endast allt að 10 klst. á fullri hleðslu. Frá Skullcandy



"Original" LuMee | Verð frá **8.990.-**
Hulstur fyrir iPhone 6/6s

"Original" LuMee er fyrir selfie-meistarana, símahulstur með innbyggðu LED ljósi sem snýr að þér og gerir myndirnar glæsilegar.

Skiptu gömlu Apple TV upp í nýtt
**Apple TV 64GB**
og þú greiðir aðeins
**29.990.-****



Apple TV 3 | Verð **12.990.-**
Apple TV 4 | Verð frá **26.990.-**

Apple TV er eitt sniðugasta smátækið á heimilinu



MacBook
Verð frá **224.990.-**

Gullfallegur 12" Retina skjár, sem er engu líkur

***Vaxtalaus greiðsludreifing**

Við bjóðum handhöfum VISA og Mastercard greiðslukorta vaxtalaus kortalán í verslunum Epli í allt að 6 mánuði.
Við kaupverð bætist 3,5% lántökugjald og færslugjald, nú 405 kr., við hvern gjalddaga.

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. * Incase fæst á 4.990 ef keypt er með Macbook Air eða MacBook tölvu
**Rafmagnskapall og fjarstýring þarf að fylgja með og tækið þarf að vera í nothæfu ástandi.

# Tilvalin



VAXTALAUS EPLI
Í ALLT AÐ 6. MÁN*

Incase Sleeve | Verð **6.990.-**
Incase Sleeve | Verð **4.990.-**
með Macbook Air
og MacBook*

**Þráðlaust frelsi og öflug tækni með alvöru rafhlöðuendingu.**
11" MacBook Air endist í allt að 9 klukkustundir í fullri hleðslu en 13" í allt að 12 klukkustundir. Þar að auki getur MacBook Air verið í biðstöðu í allt að 30 daga og því er ekkert mál að halda áfram þar sem frá var horfið þó að tölvan hafi tekið sér blund í daga eða vikur.

## MacBook Air
## Verð frá **189.990.-**

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

Þjónustudeild Epli er opin laugardaga 12-16

EPLI

# Mjög sátt í flughálku við Seljalandsfoss

**Glerhált er við flestar náttúruperlur landsins um þessar mundir og ferðamönnum verður mörgum hált á svellinu. Við Seljalandsfoss í gær lentu sumir í örlítilli svaðilför er þeir hlýddu ekki tilsögn leiðsögumanna.**



Stiginn við Seljalandsfoss var torfarinn jafnvel þótt Meredith McCormac og Matt Leonard væru á mannbroddum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Þetta var ekki svo mikið mál, það var stiginn niður sem var erfiðastur,“ sögðu þau Meredith McCormac og Matt Leonard sem voru meðal fjölmargra ferðamanna við Seljalandsfoss í gær og gengu bak við fossinn.

Glerhált er á stígnum sem liggur bak við Seljalandsfoss en þau Meredith og Matt voru á mannbroddum sem þau fengu hjá leiðsögumanni í hópferð sem þau voru í.

Við stígana upp hlíðarnar sitt til hvorrar handar við fossinn voru viðvörunarskilti sem sýndu á skýran hátt að leiðin væri hál og viðsjárvert væri að halda lengra upp. Reyndar er flughálka meira og minna spölinn frá bílastæðinu og ekkert gert í því

Leiðsögumaður sem fylgdi hópi ferðamanna var með mannbrodda sem hann úthlutaði sínu fólki. Hann sagði flesta fara að tilmælum um að freista ekki gæfunnar með því að fara mannbroddalausir upp stíginn bak við fossinn. Hann ráðlegði þeim að fara að fossinum og snúa þar við sömu leið til baka því illfært væri niður hinu megin. Alltaf væru nokkrir sem hunsuðu það og lentu þá í raunum.

Aðra viðstadda sem ekki voru með slíkan búnað varaði leiðsögumaðurinn við að feta stiginn og hlýddu þeir sem gerðu sig líklega til þess á meðan útsendarar Fréttablaðsins stöldruðu við. Það sagði hann síður en svo alltaf vera tilfellið og kvað afar líklegt að mannskapurinn myndi streyma upp hlíðina um leið og hann væri horfinn á braut enda væri þá enginn eftir til að leiðbeina ferðamönnunum. Honum þætti ótrúlegt að ekkert væri gert í því og margir fengju slæma byltu.

Þau Meredith og Matt sögðust vera frá Oklahoma og New York en búa í Kaíró í Egyptalandi. Þau hafi verið búin að vera hér í nokkra daga í fríi og meðal annars farið á Snæfellsjökul. Í gær ætluðu þau að fara að Öræfajökli í íshellaskoðun og gista þar í sveitinni.

„Þetta hefur verið stórfenglegt,“ svöruðu Meredith og Matt aðspurð um það hvort Íslandsferðin hefði staðist væntingar þeirra. „Eina sem ekki hefur gengið upp er að sjá Norðurljósin,“ bættu þau við og kváðust vondauf að úr því myndi rætast þar sem þau myndu halda af landi brott á morgun, föstudag, og veðurspáin fram að því væri ekki hagstæð.

Varðandi það hvort aðstæður við Seljalandsfoss væru boðlegar ferðamönnum yppti bandaríska parið öxlum. „Þetta er alls ekki svo slæmt,“ svöruðu þau og héldu brosandi sína leið. **gar@frettabladid.is**



Matt Leonard og Meredith McCormac skruppu frá landi pýramídanna og brugðu sér bak við Seljalandsfoss.



Flestir létu nægja að halda sig á jafnsléttu og taka þar myndir í gríð og erg.



Handan Seljalandsfoss.



Fjölmargir dáðust að Seljalandsfossi í blíðviðri í gær.



Betra að fara varlega.

www.n1.is facebook.com/enneinn

# N1 kortatilboð í mars



Betri kjör og tilboð til korthafa alla daga. Kynntu þér kosti N1 kortsins á www.n1.is



## Ævintýraferð til Balí og Bangkok

Mannlíf og menning, dekur og sæla í tvær vikur á paradísareyjunni Balí og einstök verslunartækifæri í Bangkok.

**Kortatilboð**
**398.300 kr.***
Fullt verð: 569.000 kr.

**30% afsláttur** til N1 korthafa.

Nota þarf að lágmarki 5.000 N1 punkta sem greiðslu.

Sjáðu meira um þetta magnaða tilboð á **www.n1.is**

N1 PUNKTAR GILDA x2

### Hátalari
Jam Dynamite Bluetooth



**4.990**
krónur eða punktar
Almennt verð: 7.990 kr.

FRÁBÆR FERMINGARGJÖF

### Þráðlaus heyrnartól
BTS-010 Wireless sound



**7.990**
krónur eða punktar
Almennt verð: 11.990 kr.

FRÁBÆR FERMINGARGJÖF

### Hársnyrtitæki
Groom Kit Lithium




**9.995**
krónur eða punktar
Almennt verð: 13.995 kr.

MOTTU MARS

### Skíðafestingar
Pro-Slider EVO PS-60



**19.900**
krónur eða punktar
Almennt verð: 29.900 kr.

Nýttu þér mánaðartilboð N1 Klúbbsins á þjónustustöðvum okkar um land allt.

FARVEL

Hluti af ánægjunni N1

* Verð á mann í tvíbýli.

# Ástand heimsins










**1.** Búddamunkur gengur yfir götu í borginni Jangon í Mjanmar. Landið hefur einnig gengið undir nafninu Búrma og borgin Jangon, sem er fyrrverandi höfuðborg landsins, var til skamms tíma nefnd Rangún. Í dag kemur þing landsins saman til að ræða forsetakjör, fjórum mánuðum eftir sögulegar þingkosningar. NORDICPHOTOS/AFP

**2.** Íbúi í Manila á Filippseyjum tyllti sér á bekk, með barefli úr málmi, og beið átekta þar sem lögreglan bjó sig undir að rífa niður eitt af fjölmörgum hreysahverfum borgarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

**3.** Welnie heitir þessi kona, sem þarna fylgir dóttur sinni heim úr skólanum eftir þröngu húsasundi í hverfinu Jalousie í Port-au-Prince, höfuðborg Haítí. NORDICPHOTOS/AFP

**4.** Íbúar í Aceh-héraði á Indónesíu fylgdust með almyrkva á sólu sem sást þar í gær. NORDICPHOTOS/AFP

**5.** Þröng var á þingi á lestarstöðinni Saint Lazare í París í gærmorgun, þegar fólk bjó sig undir mikinn mótmæladag gegn óvinsælum breytingum á vinnulöggjöf landsins. NORDICPHOTOS/AFP










ENNEMM / SÍA / NM74095


# EINSTAKT BMW TÆKIFÆRI.

## BJÓÐUM NOKKRA GLÆSILEGA BMW FÓLKSBÍLA Á EINSTÖKU VERÐI.

Það er komið að þér að gera einstök kaup og upplifa BMW gæði, sparneytni og afl. Komdu og reynsluaktu BMW 1 series 118d, BMW 2 series 218d eða fjórhjóladrifinn BMW 4 series 420d og upplifðu aksturseiginleika BMW og aflmiklar dísilvélar sem eiga fáa sína líka.

**BMW 118d sjálfskiptur 2,0 dísil**
**150 hestöfl - 4,3 l/100 km***

**BMW 218d sjálfskiptur 2,0 dísil**
**150 hestöfl - 4,3 l/100 km***

**BMW 420d xDrive sjálfskiptur 2,0 dísil**
**190 hestöfl - 4,9 l/100 km***

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# NEYTENDUR

**Ráð**
**Húsnæði**



## Viðvarandi svindl á leigumarkaði

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gaf á ný út viðvörun og ráð til borgarbúa vegna svindltilrauna í tengslum við íbúðir til leigu í gær. Lögreglan sá ástæðu til að vara við slíku svindli í ársbyrjun. Tilraunir til þess séu nokkuð algengar. Þetta eigi bæði við um leigu íbúða í útlöndum og á Íslandi. Oft séu kjörin eðlileg en húsnæðið óvenju gott. „Í einu tilviki var íbúð boðin til leigu á Íslandi á bland.is, í einu tilviki þá hafði Bandaríkjamaður samband við okkur þar sem honum var boðið að leigja Laugaveg 75 og í einu tilvik þá voru námsmenn á leið til Svíþjóðar sem var boðin íbúð,“ segir í viðvörun lögreglunnar. Þess ber að geta að Laugavegur 75 er ekki til.

Ráð lögreglunnar snúa að því að greiða aldrei nema það sé tryggt og að skoða íbúðir vel sem stendur til að leigja. „Farið alltaf og skoðið íbúðina ef það er hægt eða fáið einhvern til að fara fyrir ykkur, segir í einu af mörgum ráðum á Facebooksíðu lögreglunnar.

**App**
**Vivino Wine Scanner**

## Allt um vínið

Vivino hjálpar við val á vínum. Hægt er að skanna inn merkimiða margvíslega vína og fá upplýsingar um verð, umsagnir og dóma, ásamt ráðleggingum um hvaða matur passar með víninu. Vivino er með stóran gagnagrunn vína, með yfir 10 milljónir tegunda, og skilar niðurstöðum á nokkrum sekúndum. Appið er ókeypis. Hægt er að senda inn eigin umsagnir og reynslu af vínum.

**UMSAGNIR** eru meira og minna allar jákvæðar, en engar umsagnir hafa borist eftir nýjustu uppfærslu á appinu.



Mjög erfitt getur verið að greina mun á umbúðum falsaðra lyfja og löglegra lyfja, að því er segir á vef Lyfjastofnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Kaup á lyfjum á netinu gerð öruggari með nýrri reglugerð

**Sérstakt tákn verður á vefsíðum vottaðra seljenda og lyfjastofnana viðkomandi landa innan EES.**

Frá og með 1. júlí verður auðveldara fyrir þá sem kaup lyf á netinu innan Evrópusambandsins að vita hverjir hafa leyfi til sölu á lyfjunum. Tekið verður í notkun sérstakt tákn sem verður á vefsíðum vottaðra seljenda og lyfjastofnana viðkomandi landa.

„Það er verið að innleiða nýja reglugerð um fölsuð lyf sem gera á dreifingarkeðjuna á lyfjum öruggari. Það á eftir innleiða hana hér á landi þótt búið sé að taka hana inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Við erum búin að gera okkur klár til að birta lista á okkar heimasíðu yfir löglega seljendur lyfja á netinu þegar reglugerðin hefur verið innleidd hér,“ segir Rúna Hauksdóttir Hvannberg, forstjóri Lyfjastofnunar.

Hún getur þess að reglugerðin hafi verið sett í kjölfar mikils átaks vegna sölu falsaðra lyfja. „Einn þátturinn í að tryggja öryggið er að aðilar séu vottaðir.“

Neytendur á Íslandi geta nú flutt inn 100 daga skammt af lyfseðilsskyldum lyfjum í gegnum apótek á Norðurlöndum eða frá seljendum á Evrópska efnahagssvæðinu,EES, að því er Rúna greinir frá.

Hún kveðst ekki vita um umfang kaupa lyfja hingað frá útlöndum. „En við erum í samstarfi og samráði við Póstinn og tollayfirvöld og erum stundum kölluð til ef skera þarf úr um hvort um lyf sé að ræða eða 100 daga skammt.“

Kaupendur lyfja erlendis frá eru í sumum tilfellum útlendingar sem eru búsettir hér í stuttan tíma. „Þeir eru kannski hjá lækni erlendis. Þetta er orðið svo alþjóðlegt samfélag,“ tekur Rúna fram.

Engin íslensk vefverslun eða vefsíða á samskiptamiðlum hefur leyfi Lyfjastofnunar til að selja lyf.



„Einn þátturinn í að tryggja öryggið er að aðilar séu vottaðir,“ segir Rúna Hauksdóttir Hvannberg, forstjóri Lyfjastofnunar. MYND/ARNALDUR HALLDÓRSSON

> **100 daga skammt af lyfseðilsskyldum lyfjum geta neytendur nú flutt inn í gegnum apótek á Norðurlöndum eða frá seljendum á Evrópska efnahagssvæðinu.**
>
> Rúna Hauksdóttir Hvannberg, forstjóri Lyfjastofnunar

Á vefsíðu Lyfjastofnunar er bent á að áhætta fylgi því að kaupa lyf frá þeim sem ekki uppfylli gæðakröfur sem gerðar eru til framleiðenda lyfja. Að gefnu tilefni bendir Lyfjastofnun á að sala lyfja á Facebook og öðrum samfélagsmiðlum auk söluvefja á netinu svo sem Bland.is, sé með öllu óheimil.

Dæmi séu um að framleiðendur ólöglegra lyfja líki eftir löglegum lyfjaumbúðum. Algjörlega óvíst sé þess vegna hvaða efni eru í slíkri vöru og í hvaða magni efnin eru. Mjög erfitt geti verið að greina mun á umbúðum falsaðra og löglegra lyfja.

Ísland hefur frá 2010 tekið þátt í árlegum aðgerðum Interpol, Europol og Alþjóðatollasamvinnuráðsins sem stefnt er gegn fölsuðum og ólöglegum lyfjum. Þúsundum vefsíðna um allan heim, þar sem stunduð er ólögleg lyfsala, hefur verið lokað. Þungir dómar hafa fallið í lyfjafölsunarmálum, t.d. Bretlandi, að því er segir á vef Lyfjastofnunar.

ibs@frettabladid.is



**Neytandinn** Kristján Freyr Kristjánsson, framkvæmdastjóri Viðskipta á Íslandi hjá Meniga

# Spara má fjárútlát með því að halda bókhald yfir útgjöldin

Mikilvægt er að vera með heildaryfirsýn yfir öll fjármál og setja sér markmið í sparnaði, að sögn Kristjáns Freys Kristjánssonar, hjá Meniga. Fækkun ferða í matvörubúðina geti líka dregið verulega úr eyðslu.

„Til að byrja með mæli ég með að vera með app, eins og Meniga-appið, því að það leyfir fólki að vera með heildaryfirsýn yfir öll fjármálin, notendur geta á einni til tveimur sekúndum verið með yfirlit úr öllum bankareikningum og kortum á einum stað. Það að geta séð þá stöðu oftar gerir fólk meðvitaðra um hvert fjármálin eru að fara,“ segir Kristján Freyr.

„Annað sem er skynsamlegt að gera er að setja sér markmið, það er að segja taka stöðu á því hvað er verið að eyða miklu í ákveðna flokka og sjá hvernig sú staða er og setja sér markmið um að gera betur. Inni í Menigakerfinu, til dæmis, þá gerir kerfið það sjálfkrafa fyrir fólk. Notendur geta farið inn, sett sér markmið og fylgst svo með hvernig þau markmið ganga.

Eitt mjög gott ráð er að sjá fyrir sér hvað fólk vill eyða miklu í matarinnkaupin fyrir alla vikuna og ná að versla einu sinni í viku í stað þess að fara oft. Íslendingar almennt eru að fara þrettán sinnum í mánuði að kaupa sér í matinn, eða 2-3 sinnum í viku. Ef fólk nær að brjóta það niður í að plana vikuna, þá getur það sparað 20-25 prósent í matarinnkaupum,“ segir hann.

Kristján Freyr bendir einnig á tíu boðorð í fjármálum fyrir fólk á þrítugsaldri en þau fela í sér meðal annars að íhuga vandlega í hvað maður eyðir ráðstöfunartekjum, læra að spara reglulega, ekki safna yfirdráttarlánum eða raðgreiðslusamningum á kreditkortum, auk þess sem mikilvægt sé að passa upp á greiðslugöngu sína og greiða reikninga á eindaga og standa við allar skuldbindingar. – sg



Með því að fara sjaldnar í matvörubúðina segir Kristján Freyr Kristjánsson hægt að draga úr útgjöldum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




OPIÐ: FIMMTUDAG 10-18
FÖSTUDAG 10-18
LAUGARDAG 11-16

REKSTRARLAND

Mörkin 4 | Sími 515 1100 | www.rekstrarland.is

# VIÐSKIPTI



Björgólfur Thor er laus við dómsmál þar sem hann var sakaður um ólögmæta framgöngu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Málsókn gegn Björgólfi vísað frá dómi

Máli málsóknarfélags gegn Björgólfi Thor Björgólfssyni var vísað frá í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun.

Málið var höfðað eftir að Vilhjálmur Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Samtök sparifjáreigenda og lífeyrissjóðurinn Stapi auglýstu eftir þátttakendum í hópmálsókn gegn Björgólfi Thor Björgólfssyni með heilsíðuauglýsingum í blöðum. Þeir sem stóðu að málinu voru hluthafar í Landsbankanum þegar hann féll í október 2008. Í október 2015 voru þátttakendur í hópmálsókninni orðnir 207 og vonast var til að fleiri bættust við.

Jóhannes Bjarni Björnsson, lögmaður á Lögmannsstofunni Landslögum, rak málið fyrir hönd þeirra. Þeir sem standa að málsókninni töldu að rannsókn og gagnaöflun hefðu leitt til þess að fram væru komin gögn sem gæfu sterklega til kynna að Björgólfur Thor hefði með saknæmum hætti komið í veg fyrir að hluthafar fengju upplýsingar um umfangsmiklar og líklega ólögmætar lánveitingar tengdar Björgólfi. Þá hafi einnig verið brotið gegn reglum um yfirtökuskyldu. – jhh

## Hreinsar húsarústir á Gasa



Cihad Abu Muhsin, palestínsk kona, hleður múrsteinum og steypubrotum úr húsarústum í Gasaborg á vagn. Abu Muhsin fær 5 dollara greidda á dag, jafnvirði um 650 íslenskra króna, fyrir að koma byggingarefni úr húsum, sem eyðilögð hafa verið í loftárásum Ísraela á Gasaströndinni, í verksmiðju sem endurvinnur efnið. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Tilraunir til að selja Ísland fyrr á öldum hluti af hrunrannsókn

Lítill áhugi erlendra aðila á Íslandi þegar landið var boðið til sölu frá 16. og fram til 19. aldar er orðinn hluti af rannsókn Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, prófessors í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, um erlenda áhrifaþætti bankahrunsins.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið gerði samning við Félagsvísindastofnun um að styrkja verkefnið um 10 milljónir króna sumarið 2014. Búið er að greiða 7,5 milljónir króna en lokagreiðsla á að berast þegar verkinu verður skilað. Verkefninu var komið á fót að frumkvæði Hannesar.

„Hinrik áttunda var boðið landið þrisvar til sölu á árunum 1518-1535 en hafði ekki áhuga. Hamborgarkaupmönnum var boðið það einu sinni árið 1645 en árangurslaust. Danir veltu jafnvel fyrir sér á árunum 1784-1785 að rýma Ísland!“ er haft eftir Hannesi í Tímariti Háskóla Íslands.

„Hann er bara kominn aftur, þessi litli áhugi. Ísland er útkjálki, afkimi, en það getur vel verið að þessi áhugi birtist aftur af því að norðurslóðir verði mikilvægari en áður,“ segir Hannes.

Ísland hafi tímabundið orðið hernaðarlega mikilvægt á 20. öld en þetta hafi breyst aftur til fyrri vegar eftir að Bandaríkjaher yfirgaf Ísland árið 2006. „Við þurfum að glíma við þetta, Íslendingar, það vill okkur enginn,“ segir hann.

Upphaflega var stefnt að því að verkinu lyki síðasta sumar.

Rannsóknin átti í meginatriðum að snúa að forsendum ákvarðana bandarískra og breskra seðlabanka í aðdraganda hrunsins, ákvörðun breskra stjórnvalda um að setja hryðjuverkalög á Íslendinga og mat á tjóni íslenskra banka og fyrirtækja vegna skyndisölu ýmissa eigna, sem knúin hafi verið fram með ákvörðunum erlendra stjórnvalda eða fyrirtækja.

RÚV greindi frá því í október að fjármálaráðuneytið ætti von á að Hannes myndi skila stuttri framvinduskýrslu fyrir áramót og lokaskýrslu fljótlega eftir áramót. „Hún birtist þegar hún er tilbúin og ég er orðinn ánægður með hana,“ segir Hannes um hvenær standi til að ljúka skýrslunni. – ih



Hannes Hólmsteinn Gissurarson segist ætla að skila skýrslu um erlenda áhrifaþætti hrunsins þegar hann verði orðinn ánægður með niðurstöðuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# 130 milljónir í ráðgjöf vegna skuldaviðræðna

**Reykjanesbær greiddi 130 milljónir króna fyrir aðkeypta ráðgjöf vegna viðræðna við kröfuhafa 2015. Mun borga sig náist samkomulag um milljarðaafskriftir, að sögn bæjarstjóra. Jöfnunarsjóður endurgreiðir stóran hluta.**

Reykjanesbær og Reykjaneshöfn greiddu 130 milljónir króna fyrir aðkeypta ráðgjöf og aðra sérfræðivinnu á síðasta ári vegna viðræðna við kröfuhafa sína um niðurfellingu skulda. Þetta kemur fram í svari bæjarins við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, telur ráðgjöfina hafi verið nauðsynlega forsendu viðræðna við kröfuhafa bæjarins sem hófust í mars á síðasta ári. „Við hefðum ekki farið í þær annars,“ segir hann.

Inni í upphæðinni sé meðal annars greiðsla fyrir fjárhagslega úttekt sem gerð var á Reykjanesbæ árið 2014. Fjöldi utanaðkomandi lögfræðinga, viðskiptafræðinga og endurskoðenda hafi unnið fyrir Reykjanesbæ í viðræðunum að sögn Kjartans. „Þessar útseldu stofur eru með háa taxta,“ segir Kjartan Már.

Reykjanesbær greiddi sjálfur meginþorra upphæðarinnar eða 120 milljónir króna en Reykjaneshöfn 10 milljónir króna. Kjartan segir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga muni endurgreiða stóran hluta af útlögðum kostnaði vegna ráðgjafarinnar. Það verði hins vegar ekki gert upp fyrr en viðræðum við kröfuhafa ljúki.

Í kynningu Reykjanesbæjar til allra kröfuhafa frá 22. febrúar kemur fram að samkomulag hafi náðst við kröfuhafa Eignarhaldsfélagsins Fasteignar ehf. (EFF), um að afskrifa þyrfti 6.350 milljónir króna af heildarskuldum bæjarins svo hann geti uppfyllt lögbundið 150% skuldaviðmið árið 2022. Reykjanesbær hafði hótað því að óska eftir því að innanríkisráðuneytið skipaði fjárhagsstjórn yfir bænum myndi samkomulag ekki nást við kröfuhafa EFF.

Samþykki annarra kröfuhafa fyrir afskriftarupphæðinni liggur hins vegar ekki fyrir að sögn Kjartans. Þá segir Kjartan ekkert samkomulag komið á um hve háa upphæð hver kröfuhafi afskrifi, hvorki í tilfelli kröfuhafa EFF né annarra.

Bæjarfélagið skuldaði EFF 12,6 milljarða króna í árslok 2015. Heildarskuldir Reykjanesbæjar samkvæmt fjárhagsáætlun verða 44 milljarðar króna í árslok 2016 verði engar af skuldum bæjarins afskrifaðar.

„Þetta er búið að taka miklu lengri tíma heldur en við reiknuðum með í upphafi,“ segir Kjartan Már. Hins vegar sé of seint að snúa við nú.

„Við erum komin allt of langt í málinu til að setja niður fótinn eða hætta við núna,“ segir Kjartan Már. Þá muni ráðgjöfin borga sig, og vel það, takist að semja um tæplega 6,4 milljarða króna afskrift á skuldum bæjarins. „Þó að þetta séu vissulega háar tölur, ég er ekki að gera lítið úr því,“ segir Kjartan Már.

Reykjanesbær ber ábyrgð á skuldum Reykjaneshafnar. Höfnin hefur verið í greiðslustöðvun frá 15. október og fékk síðast greiðslufrest framlengdan til 15. mars. Kjartan segir að upphaflega hafi staðið til að funda þá með öllum kröfuhöfum en nú standi til að fresta fundinum um mánuð, til 15. apríl.

Markmið viðræðnanna hefur verið að gera Reykjanesbæ kleift að koma bænum undir lögbundið 150% skuldaviðmið fyrir árið 2022. Skuldaviðmið Reykjanesbæjar eru nú 221 prósent og miðað við áætlunar Reykjanesbæjar verður hlutfallið yfir 200 prósent árið 2022 fáist skuldir ekki afskrifaðar.

ingvar@frettabladid.is

> **Þetta er búið að taka miklu lengri tíma heldur en við reiknuðum með í upphafi.**
>
> Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar



# VINSÆLUSTU ATVINNUBÍLAR EVRÓPU

*Gríðarsterk sendibílalína Ford*




*Standard heitir á morgnana*

| FORD TRANSIT **CONNECT** | FORD TRANSIT **CUSTOM** | FORD TRANSIT **VAN** |
|---|---|---|
| FRÁ **2.379.000** KR. ÁN VSK | FRÁ **3.491.000** KR. ÁN VSK | FRÁ **4.431.000** KR. ÁN VSK |
| FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR | FÁANLEGUR Í TVEIMUR LENGDUM | FÁANLEGUR FJÓRHJÓLADRIFINN AWD |

# FORD TRANSIT SENDIBÍLAR

Í áratugi hafa fyrirtæki sett traust sitt á styrk, virkni og áreiðanleika Ford atvinnubíla. Þeir hafa fengið fjölda verðlauna enda harðgerðir, sparneytnir og þekktir fyrir lága bilanatíðni. Á síðasta ári var Ford stærsta merkið í flokki atvinnubíla í Evrópu.

Bluetooth GSM símkerfi, olíumiðstöð með tímastillingu (standard heitir á morgnana), spólvörn og brekkubremsa er hluti af ríkulegum staðalbúnaði allra Ford Transit.

*EIGUM TRANSIT SENDIBÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX*

Kíktu í kaffi og spjall. Í sameiningu finnum við hagstæða fyrirtækjalausn fyrir þig.

Veldu traust umboð með einstöku þjónustuframboði fyrir bíla- og tækjaflota.

**Komdu og prófaðu Ford Transit**

ford.is

brimborg

***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Transit Connect, EcoBoost bensín 100 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,6 l/100 km. $CO_2$ losun 129 g/km. Verð með bensínvél frá 2.950.000 kr. m/vsk. ◆ Ford Transit Connect, 1,6TDCi dísil 75 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,4 l/100 km. $CO_2$ losun 115 g/km. Verð með dísilvél frá 3.210.000 kr. m/vsk. ◆ Ford Transit Custom, 2,2TDCi dísil 100 hö., 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,9 l/100 km. $CO_2$ losun 183 g/km. Verð frá 4.330.000 kr. m/vsk. ◆ Ford Transit Van, 2,2TDCi dísil 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,3 l/100 km. $CO_2$ losun 194 g/km. Verð frá 5.495.000 kr. m/vsk. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

## Af arðgreiðslum



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Það er óforsvaranlegt að hluthafar holi tryggingafélögin að innan ef þau starfa á ábyrgð okkar skattgreiðenda. Og það er fyrirsláttur að halda því fram að neytendur geti lýst vanþóknun á arðgreiðslum með því að skipta um tryggingafélag.

Stóru tryggingafélögin þrjú eru hlutafélög og eiga vátryggingartakar því ekki eignir sem félögin nota á móti vátryggingarskuld. Ákvæði hlutafélagalaga og laga um vátryggingarstarfsemi gilda um arðgreiðslurnar. Arðgreiðslurnar eru lögmætar en eru þær tilhlýðilegar? Og standast þær siðferðilega skoðun?

VÍS, TM og Sjóvá ætla að greiða hluthöfum samtals 9,6 milljarða króna í arð vegna rekstrar síðasta árs. VÍS greiðir arð sem er meira en tvöfaldur hagnaður ársins. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi þótt VÍS og Sjóvá hafi ekki greitt arð til hluthafa á árunum 2009-2013. Sjóvá var gjaldþrota eftir hrunið og ríkissjóður þurfti að bjarga félaginu með eiginfjárframlagi. Gerð voru ævintýraleg mistök þegar ráðist var í björgunarleiðangur á kostnað skattgreiðenda í stað þess að selja vátryggingarsamninga viðskiptavina Sjóvár og setja félagið í slitameðferð. Tjón ríkisins vegna þess er þegar orðið rúmlega 4 milljarðar króna. Ríkissjóður fékk síðar 13 prósent í Sjóvá sem hluta af stöðugleikaframlagi Glitnis í algjörlega aðskildum viðskiptum.

Ákvörðun um arðgreiðslu hjá VÍS er sérstaklega einkennileg en félagið ætlar að greiða 5 milljarða arð þótt hagnaður félagsins í fyrra hafi numið 2,1 milljarði króna. Erfitt er að sjá að arðgreiðslan standist skoðun jafnvel þótt gjaldþol VÍS leyfi slíka arðgreiðslu og hún sé heimil í krafti Solvency II reglnanna. Þær ákvarðanir VÍS að senda bréf á viðskiptavini sína í lok nóvember þar sem tilkynnt var að iðgjöld yrðu hækkuð vegna slæmrar afkomu og síðan ákvörðun í lok febrúar um arðgreiðsluna virka ekki gjaldfugar. Héldu stjórnendur og stjórnarmenn VÍS að arðgreiðslan yrði ekki sett í samhengi við bréfið sem sent var á viðskiptavini í nóvember eða hefur þetta fólk bara yfirsýn yfir tvo mánuði í senn? Héldu stjórnendur VÍS að fólki þætti eðlilegt að greiddur yrði út arður sem væri tvöfalt hærri en hagnaður ársins á undan? Þar fyrir utan gaf VÍS út víkjandi skuldabréf fyrir tvo milljarða króna í lok síðasta mánaðar sem vekur spurningar um hvort arðgreiðslan verði fjármögnuð að hluta með láni. Ef ég væri hluthafi í VÍS væri mér ekki rótt yfir dómgreind stjórnenda tryggingafélagsins.

Það sem er hins vegar mesta áhyggjuefnið við háar arðgreiðslur tryggingafélaga er viðurkenningin á því að þau starfi í skjóli óbeinnar ríkisábyrgðar. Arðgreiðslurnar veikja félögin fjárhagslega en þegar þau lenda í vandræðum fáum við skattgreiðendur þau í fangið.

Það er jafnframt hægara sagt en gert fyrir viðskiptavini tryggingafélaga að færa sig annað jafnvel þótt gildandi lagaheimildir geri þeim kleift að flytja sig strax. Það eru þrjú fyrirtæki ráðandi á þessum markaði og þau eru öll að greiða svimandi háan arð. Hvert ættu neytendur að færa sig? Það er kannski eitt félag í viðbót að bjóða sömu þjónustu. Að þessu virtu virka tilmæli FME til neytenda, um að þeir geti sýnt óánægju sína í verki með því að skipta um tryggingafélag, dálítið sérkennileg.

**Arðgreiðslurnar veikja félögin fjárhagslega en þegar þau lenda í vandræðum fáum við skattgreiðendur þau í fangið.**

### Halldór







## Frá degi til dags

**Góðu tækifæri glatað**

Katrín Jakobsdóttir ætlar ekki að gefa kost á sér sem forseti Íslands. Þetta er leiðinleg niðurstaða fyrir þá sem hafa gaman af smá pólitískri óvissu og hræringum. Brotthvarf Katrínar hefði þýtt upplausn á vinstrivængnum enda hefðu Vinstri græn staðið uppi formannslaus. Samfylkingarfólk hefur horft til sameiningar undir Katrínu Jakobsdóttur og þau áform hefðu horfið ef Katrín hefði farið á Bessastaði. Spurningin er hins vegar hvort brotthvarf Katrínar hefði kannski verið hressandi fyrir vænginn sem hefði þá þurft að fara í naflaskoðun og kannski endað með sterkari forystu og meira fylgi þegar til lengri tíma er litið. Nýtt og ferskt fólk hefði jafnvel fengið að spreyta sig með góðum árangri.

**Plott pólitíkusanna**

Nú þegar Katrín hefur tilkynnt um sína ákvörðun má búast við því að fleiri frambjóðendur fari að stíga fram. Heimildir herma að þeir sem sverma fyrir Bessastöðum hafi verið að tala saman og skipuleggja framboð sín. Þannig hafi Katrín Jakobsdóttir og Þorgerður Katrín átt í samtali og sú síðarnefnda beðið eftir niðurstöðu Katrínar. Halla Tómasdóttir hafi sömuleiðis beðið eftir Katrínu en hún og Andri Snær hafa líka skipulagða strategíu. Leiðin á Bessastaði er sem sagt ekki greið heldur þarf að klifra heljarinnar spunavef.

snaeros@frettabladid.is

## Einskiptisáhugi



Steinbergur Finnbogason
héraðsdómslögmaður

Í síðustu viku var lögmaður handtekinn og í kjölfarið úrskurðaður í gæsluvarðhald. Það var ég.

Eðlilega þótti málið fréttnæmt enda væntanlega fá – ef nokkur – dæmi þess að lögmaður sem mætir í venjulega skýrslutöku með skjólstæðingi sínum sé handtekinn og fluttur í einangrun. Til viðbótar var það gert að frétta- og fyrirsagnarefni að lögmaðurinn væri með gamla dóma á bakinu fyrir skjalafals. Lesist sem glæpamaður. Dómur fjölmiðla var fallinn.

Það reyndist síðan minni áhugi fyrir því að ekki þótti ástæða til að nýta þriggja daga gæsluvarðhaldsúrskurðinn yfir lögmanninum til fulls. Söguskoðunin á brotaferlinum gerði heldur ekki mikið úr því að málin væru annars vegar síðan á unglingsárum og hins vegar frá „ungsmannsárum“ sem því miður einkenndust af taumlausu tilhugalífi við áfengisdrauginn og aðra óreglu. Og auðvitað var því sleppt í þessari hraðsoðnu rannsóknarblaðamennsku að síðastliðin 18 ár, eða frá því að ég setti tappann í flöskuna 25 ára gamall, gerðist fjölskyldumaður og réðist í lögfræðinám, hefði mér auðnast að lifa í ágætri sátt við bæði sjálfan mig og samfélagið.

Lög og leikreglur í íslensku samfélagi eru afdráttarlaus hvað varðar rétt fólks til annars tækifæris eftir að hafa tekið út refsingu sína. Þau eru líka afdráttarlaus hvað varðar sakleysi fólks þar til sekt þess er sönnuð. Þegar fjölmiðlar taka sér dómsvald og kveða jafnvel upp úrskurði sína á örfáum mínútum virðast þessar mikilvægu grundvallarreglur okkar því miður gleymast og einnig hið fornkveðna að aðgát skuli höfð í nærveru sálar. Í þeim efnum á ég við fleiri en mína. Eftir krassandi frétt með hraustlegum uppslætti beinist kastljósið svo að næsta máli. Eftir sitja „gömlu umfjöllunarefnin“ gjarnan með sárt ennið og fá ekki rönd við reist. Ég er eitt þeirra. Eitt af mörgum.

Ég vil þakka vinum mínum og viðskiptavinum fyrir mikinn stuðning og velvild síðustu dagana. Ég mun að sjálfsögðu halda mínu striki og takast á nýjan leik við dagleg störf mín. Hvernig til mun takast verður aldrei fréttnæmt. Á mér var „eins dags áhugi“.

**Ég mun að sjálfsögðu halda mínu striki og takast á nýjan leik við dagleg störf mín. Hvernig til mun takast verður aldrei fréttnæmt.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is




# Klofningar

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Svo virðist nú geta farið að Repúblikanaflokkurinn í Bandaríkjunum klofni vegna forsetakosninganna þar vestra í haust. Flokkseigendafélagið sættir sig ekki við Donald Trump, kaupsýslumanninn sem virðist líklegur til að hljóta tilnefningu sem forsetaframbjóðandi flokks síns á flokksþinginu næsta sumar.

Horfurnar á klofningi Repúblikanaflokksins gefa tilefni til sögulegrar upprifjunar. Fimm sinnum og raunar oftar frá 1912 hefur annar hvor flokkurinn, demókratar eða repúblikanar, klofnað fyrir forsetakosningar, fjórum sinnum með miklum afleiðingum.

**1912 og 1948**

Árið 1912 buðu repúblikanar fram tvo menn úr sínum röðum, Willam Taft sitjandi forseta og Theodore Roosevelt sem hafði verið forseti 1901-1908. Hann hafði brotið upp fyrirtækjasamsteypur til hagsbóta fyrir neytendur og stofnað þjóðgarða, fyrsti umhverfisverndarforsetinn. Þeir tveir, fornvinirnir Roosevelt og Taft, fengu samtals 51% atkvæða. Þetta gerði demókratanum Woodrow Wilson kleift að fara með sigur af hólmi með 42% atkvæða að baki sér.

Næst dró til sambærilegra tíðinda 1948 þegar flokkur demókrata klofnaði í þrennt. Suðurríkjaþingmaðurinn Strom Thurmond, andstæðingur blökkumanna, og umbótasinninn Henry Wallace sem hafði áður verið varaforseti Franklins Roosevelt fengu samtals 5% atkvæða. Það dugði ekki til að fella flokksbróður þeirra Harry Truman forseta sem hafði nauman sigur og óvæntan með tæpum 50% atkvæða. Þetta er í eina skiptið sem frambjóðandi klofins flokks ber sigur úr býtum. Undantekningin sannar regluna.

**1968 og 1992**

Suðurríkjademókratinn George Wallace, ríkisstjóri í Alabama, klauf flokk sinn 1968, hlaut 14% atkvæða og hafði sigur í fimm suðurríkjum með hatrömmum áróðri gegn réttindum blökkumanna. Þannig hafði hann trúlega sigurinn af Hubert Humphrey frambjóðanda demókrata, varaforseta Lyndons Johnson 1963-1968. Repúblikaninn Richard Nixon náði því kjöri með 43% atkvæða. Vænta má að kjósendur Wallace hefðu frekar greitt flokksbróður sínum Humphrey atkvæði sitt en Nixon, en það er þó ekki víst. Óvissan stafar af mannréttindalöggjöfinni sem forsetar úr röðum demókrata, John Kennedy og Lyndon Johnson, beittu sér fyrir og Johnson fékk samþykkta í þinginu 1964-1965. Aukin réttindi blökkumanna leiddu til þess að afkomendur þrælahaldara í suðurríkjunum sem áður höfðu fylgt demókrötum að málum tóku nú yfirleitt að halla sér heldur að repúblikönum og hafa gert það síðan. Mannréttindalöggjöfin mun kosta okkur, þ.e. demókrata, suðurríkin í heilan mannsaldur, er haft eftir Johnson forseta.

Viðskiptajöfurinn Ross Perot bauð sig fram til forseta 1992 gegn George H. W. Bush sitjandi forseta repúblikana og áskorandanum úr röðum demókrata, Bill Clinton. Perot hlaut 20% atkvæða, fleiri en nokkur annar þriðjaflokksmaður fyrr eða síðar. Perot var ekki repúblikani, en líklegt virðist miðað við málflutning hans að hann hafi dregið til sín fleiri atkvæði frá Bush en Clinton. Þannig náði Bill Clinton kjöri með 43% atkvæða líkt og Woodrow Wilson hafði gert 1912 og Nixon 1968.

**2000**

Sagan átti eftir að endurtaka sig árið 2000 þegar neytendafrömuðurinn Ralph Nader bauð sig fram og dró til sín 3% atkvæða sem flest hefðu trúlega fallið á Al Gore varaforseta, frambjóðanda demókrata, og tryggt honum sigur eða réttar sagt forðað honum frá að lenda í klónum á rammpólitískum hæstaréttardómurum sem stöðvuðu endurtalningu atkvæða og dæmdu repúblikananum George W. Bush sigurinn eftir flokkslínum og grófu þannig undan trausti almennings á Hæstarétti langt fram í tímann.

Repúblikanar gengu á lagið, lýstu nánast stríði á hendur demókrötum á þingi og Barack Obama forseta með þeim afleiðingum að fylkingarnar tvær hafa naumast getað náð saman um nokkurn hlut undangengin ár. Atgangur repúblikana á þingi og í ýmsum fjölmiðlum á trúlega sinn þátt í því hversu margir kjósendur í prófkjörum repúblikana taka Donald Trump fram yfir reynda flokksmenn.

**Atgangur repúblikana á þingi og í ýmsum fjölmiðlum á trúlega sinn þátt í því hversu margir kjósendur í prófkjörum repúblikana taka Donald Trump fram yfir reynda flokksmenn.**

# Enn ein skýrslan og hvað svo?



Sæunn Kjartansdóttir
sálgreinir, Miðstöð foreldra og barna

Þakka ber fyrir skýrslu Ríkisendurskoðunar um geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga þó að svört sé. Niðurstaða hennar staðfestir það sem óteljandi skýrslur hafa sýnt undanfarin ár og áratugi; Stjórnvöld hafa ekki staðið við skyldur sínar gagnvart börnum á öllum aldri eins og íslensk lög og alþjóðlegir samningar kveða á um. Mörg hundruð börn bíða mánuðum og jafnvel árum saman eftir nauðsynlegri þjónustu og það þykir orðið venjulegt.

Stefnu- og ráðaleysi stjórnvalda í geðheilbrigðismálum barna varð til þess að árið 2011 tók fagfólk í geðheilbrigðisþjónustu frumkvæði að því að stofna Miðstöð foreldra og barna. Miðstöðin sinnir ítarþjónustu fyrir foreldra og ungbörn með geðheilsuvanda á meðgöngu og fyrsta ári barnsins en hefur árlega þurft að berjast fyrir tilveru sinni. Nú hefur myndast þar biðlisti sem aldrei skyldi vera því að ungbörn geta ekki beðið. Það eiga smábörn ekki heldur að gera en þau komast ekki einu sinni á biðlistana illræmdu. Hvernig stendur á því? Í okkar rómaða velferðarkerfi er sérhæfð geðheilbrigðisþjónusta fyrir börn á aldrinum eins til fimm ára einfaldlega ekki til. Smábörn sem þurfa slíka aðstoð mega bíða þangað til þau komast á biðlista BUGL sem er um það leyti sem þau byrja í grunnskóla.

Ef einhverjir halda að vanlíðan og streita ungra barna sé léttvæg vil ég benda á The ACE Study (Adverse Childhood Experiences/erfið reynsla í barnæsku). Rannsóknin hefur verið í gangi frá árinu 1995 með 17.000 þátttakendum og um hana hafa verið skrifaðir tugir vísindagreina. Í henni kemur fram að áföll og streita í æsku auki verulega líkur á heilsubresti á fullorðinsárum. Því fleiri áföll, þeim mun meiri áhætta. Sem dæmi um áföll sem voru greind í rannsókninni var að verða fyrir ofbeldi (andlegu/líkamlegu/kynferðislegu), vanræksla (líkamleg/tilfinningaleg), heimilisofbeldi, ofneysla áfengis/fíkniefna á heimili, geðröskun fjölskyldumeðlims og skilnaður foreldra.

**Stjórnvöld bretti upp ermar**

Kvíði og streita barna er alvarlegri en í fljótu bragði kann að virðast. Barnsheilinn er viðkvæmur fyrir áhrifum streituhormóna sem geta hamlað eðlilegum þroska hans og dregið úr félagslegri, hugrænni og tilfinningalegri getu barnsins. Streitan getur valdið beinum líffræðilegum breytingum en einnig leitt til þess að barnið/unglingurinn tileinkar sér óheilbrigð bjargráð, til dæmis átröskun, reykingar, ótímabært kynlíf eða áfengis- eða fíkniefnaneyslu. Því fleiri áföll í barnæsku, því meiri líkur eru á margvíslegum sjúkdómum á fullorðinsaldri, svo sem hjarta- og æðasjúkdómum, þunglyndi, ofneyslu áfengis og/eða fíkniefna, ofbeldissamböndum, sjálfsvígstilraunum og ótímabærum dauðdaga.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar er í takt við niðurstöður ACE-rannsóknarinnar en þar segir: „Ef ekki er tekið á markvissan hátt á geðheilsuvanda barna og unglinga um leið og hans verður vart aukast til muna líkur þess að þungbærar og langvarandi afleiðingar, jafnvel örorka, komi síðar fram.“ Það þarf ekki mikla reiknifærni til að átta sig á hversu dýrt þetta er samfélaginu en málið snýst ekki eingöngu um peninga. Siðferðilega er óverjandi að segja við börn og unglinga með geðheilsuvanda að við séum of blönk og upptekin til að sinna þeim og þau verði að bíða. Reynslan, rannsóknirnar, skýrslurnar og ályktanirnar eru fyrir löngu búnar að sýna okkur hversu skaðlegt, óskynsamlegt og dýrt það er. Nú verða stjórnvöld að bretta upp ermar og axla ábyrgð, ekki með fleiri orðum, heldur alvöru úrbótum í geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn á öllum aldri.

**Nú verða stjórnvöld að bretta upp ermar og axla ábyrgð, ekki með fleiri orðum, heldur alvöru úrbótum í geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn á öllum aldri.**

IIA Félag um innri endurskoðun

Innri endurskoðunardagurinn 2016
Föstudagurinn 18. mars kl. 8.00 - 12.30 - Grand Hótel Reykjavík
Ráðstefnustjóri: Anna Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Expectus

08:00 - 08:20 Skráning
08:20 - 08:30 Ráðstefnan sett
Sif Einarsdóttir, eigandi hjá Deloitte og stjórnarmaður í Félagi um innri endurskoðun
08:30 - 09:00 Innra eftirlit og stjórnarhættir frá sjónarhóli Kauphallar
Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar
09:00 - 09:30 Siðfræðileg álitaefni og rétt viðbrögð við þeim
Jón Ólafsson, prófessor á Hugvísindasviði Háskóla Íslands
09:30 - 10:00 Leiðtogafærni og væntingar hagsmunaaðila innri endurskoðunar
Kristín Baldursdóttir, innri endurskoðandi Landsbankans
10:00 - 10:30 Kaffi
10:30 - 11:00 Hegðun og heilindi á fjármálamarkaði - breyttar áherslur í eftirliti með stjórnarháttum
Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins
11:00 - 11:30 Heildstæð sýn á eftirlitsumhverfið
Ágúst Hrafnkelsson, innri endurskoðandi Íslandsbanka og formaður stjórnar Félags um innri endurskoðun
11:30 - 12:00 Samskipti, húmor og innri endurskoðun
Edda Björgvinsdóttir, leikkona
12:00 - 12:30 Umræður og samantekt
12:30 Ráðstefnuslit

Ráðstefnugjald er 17.500 kr.
Ráðstefnan er öllum opin og gefur fjórar endurmenntunareiningar hjá FIE / IIA og FLE.

Skráning sendist í tölvupósti til fie@fie.is fyrir kl. 12:00 þann 17. mars nk.

# Dómgreindarbrestur eða græðgi?



**Willum Þór Þórsson**
þingmaður Framsóknarflokksins

Ekki er til einhlítur mælikvarði á jöfnuð og hann snýst ekki bara um laun. Það er óumdeilt að við viljum jöfn tækifæri fyrir alla og jafnan aðgang að grunnþjónustu. Það er einnig almennur skilningur á því að til þess að auka velferð allra, efla heilbrigðis- og menntakerfið og fara í nauðsynlega innviðauppbyggingu, þarf að auka verðmætasköpun. Til þess að hægt sé að „stækka kökuna“ standa heimshagkerfin frammi fyrir þeirri áskorun að auka framleiðni og draga úr misskiptingu auðs. Þetta viðfangsefni þarfnast sannarlega frumkvæðis stjórnvalda og atvinnulífs en ekkert síður sameiginlegs skilnings á verkefninu.

### Jöfnuður meiri en nokkru sinni áður

Í nýútkomnum félagsvísum fyrir 2015 kemur fram að Gini-stuðullinn, sem mælir hvernig samanlagðar tekjur allra einstaklinga í landinu dreifast, hefur ekki verið lægri síðan mælingar hófust árið 2004. Bilið milli tekjuhæstu og tekjulægstu Íslendinga hefur minnkað og einstaklingar undir lágtekjumörkum hafa aðeins einu sinni áður mælst færri síðan mælingar hófust.

### Lífskjör – Ísland í 4. sæti

Ef tekið er mið af lífskjaramælikvarða SPI-vísitölunnar (Social Progress Index) er Ísland í fjórða sæti. Fyrir ofan Ísland á þessum lista eru Noregur, Svíþjóð og Sviss. Þessi félagslega þróunarvísitala er dæmi um breytta nálgun þar sem ekki er einblínt á einhlítan hagvaxtarmælikvarða. Lífskjör og verðmætasköpun eru meðal annars metin út frá grundvallarþörfum, almennri velferð, aðgengi að velferðarkerfum og tækifærum einstaklinga til að vaxa og dafna.

### Lægri skattar og aukinn stuðningur

Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs hefur markvisst dregið úr skattheimtu og aukið enn frekar félagslega aðstoð. Vörugjöld hafa verið afnumin, sem skilar sér í lægra vöruverði, tekjuskattskerfið einfaldað og skattleysismörk og persónuafsláttur hafa hækkað. Barnabætur eru hærri og bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur hækkuðu um tæp 10% um áramótin. Kaupmáttur allra hefur aukist og atvinnuleysi minnkað. Skuldir heimila hafa lækkað og séreignarsparnaðarleiðin var hluti af velheppnaðri skuldaleiðréttingu en ekkert síður til þess fallin að auðvelda fólki að spara til þess að fjárfesta í húsnæði. Fyrirhugaðar aðgerðir sem samþykktar voru sem hluti af kjarasamningum síðastliðið vor eru svo hugsaðar til þess að auka tekjujöfnuð enn frekar og jafna og bæta eignastöðu fólks.

### Sama farið?

Þjóðin öll tók á sig skell og auknar byrðar en hefur með sameiginlegu átaki náð vopnum sínum. Flestir hagvísar eru nú jákvæðir: aukinn hagvöxtur, minna atvinnuleysi, verðstöðugleiki, aukinn tekjujöfnuður, lækkandi skuldir þjóðarbúsins og lausn á greiðslujafnaðarvanda þar sem erlend staða þjóðarbúsins hefur ekki verið betri síðan á síldarárunum! Aukinn kaupmáttur og ráðstöfunargeta sem skilar sér í auknum ávinningi í atvinnulífinu. Á sama tíma og við erum að komast í betri stöðu til þess að efla velferðarkerfið og auka jöfnuð þá berast okkur fréttir um ofurbónusa fárra, hlutabréfakaup útvalinna, himinháar arðgreiðslur og já, jafnvel arðgreiðslur umfram hagnað!

### Gagnkvæmur skilningur?

Stjórnendur fyrirtækja bera mikla samfélagslega ábyrgð ekkert síður en gagnvart eigendum. Það er skilningur á því að eigendur njóti arðs af fjárfestingum og stjórnendur hljóti umbun fyrir erfiðar ákvarðanir. En um leið þurfa þeir að geta lesið í samfélag sitt. Ef ekki ríkir gagnkvæmur skilningur stjórnvalda og stjórnenda í atvinnulífinu á efnahagslegum áskorunum um framleiðni og aukinn jöfnuð, rofnar hin samfélagslega sátt. Niðurstaðan verður í besta falli brestur á dómgreind eða hrein græðgi.

# Nýtt kerfi almannatrygginga – verulegar kjarabætur



**Jóna Valgerður Kristjánsdóttir**
fulltrúi Landssambands eldri borgara í Endurskoðunarnefnd almannatrygginga

Í grein sem Björgvin Guðmundsson skrifar í Fréttablaðið 8 mars sl. segir í fyrirsögn: „Engar kjarabætur í tillögum um almannatryggingar“. Björgvin er mikill baráttumaður fyrir bættum kjörum aldraðra og öryrkja og hefur skrifað margar greinar um þau mál. Endurskoðunarnefnd almannatrygginga hefur skilað skýrslu til ráðherra og Björgvin fer vel yfir aðalatriði skýrslunnar. Þessi fyrirsögn hans á greininni er hins vegar villandi þar sem það nýja kerfi sem endurskoðunarnefndin hefur lagt til, hefur í för með sér bætt kjör fyrir stóran hóp lífeyrisþega.

Það er hins vegar rétt hjá honum að grunnupphæð sem lagt er upp með í tillögunum er sú sama og gildir eftir 1. janúar sl. eða 246.902 kr á mánuði fyrir þá sem búa einir og hafa heimilisuppbót. Þessi upphæð gildir eftir 9,7% hækkun 1. janúar sl. Þetta gildir um þá sem hafa engar aðrar tekjur sér til framfærslu en lífeyri almannatrygginga. Það á hins vegar við afar fáa eldri borgara, því flestir þeirra eru að fá einhvern lífeyri úr lífeyrissjóðum.

Það hefur undanfarin ár verið gagnrýnt af mörgum, m.a bæði af mér og Björgvin, að ef fólk hefur t.d. 70.000 kr. úr sínum lífeyrissjóði þá sé það jafnsett fjárhagslega og þó það hefði ekkert úr lífeyrissjóði og væri með strípaðar bætur almannatrygginga. Þannig er það í núverandi kerfi almannatrygginga vegna þess að 100% skerðing er á framfærsluuppbótinni vegna allra tekna eða krónu á móti krónu skerðing eins og það er kallað og svo bætast við skerðingar á öðrum tekjuliðum sem eru mjög mismunandi, en hafa einnig áhrif.

Ég get hins vegar alveg fallist á það með Björgvin að grunnupphæð bóta almannatrygginga þyrfti að hækka meira til að fólk hafi sæmilega framfærslu af þeim. Verkefni endurskoðunarnefndarinnar var fyrst og fremst kerfisbreytingar, sem eru umtalsverðar og niðurstaðan er miðuð við það. Tillögurnar bæta þó ekki kjör allra og það þarf að sníða ýmsa agnúa af við samningu frumvarps og við þurfum að fylgjast áfram með hvernig því miðar áfram. Sérstaklega á þetta við um atvinnutekjur og hefur Landssamband eldri borgara lagt til í sinni bókun með tillögunum að áfram gildi frítekjumark hvað varðar þær tekjur.

Með sveigjanlegri starfslokum og hækkun lífeyrisaldurs er verið að skapa hvata til vinnu ef fólk hefur heilsu og löngun til. Ef sá hvati er ekki fyrir hendi fjárhagslega, þá fellur það markmið um sjálft sig.

### Hækkun með nýju tillögunum

Með nýju tillögunum mundu þeir sem hafa 70.000 kr í tekjur á mánuði úr lífeyrissjóði fá hækkun upp á krónur 31.958 ef þeir búa með öðrum og eru ekki með heimilisuppbót, og 28.578. kr. ef þeir búa einir og eru með heimilisuppbót (útreikningar Tryggingastofnunar). Það fer síðan smálækkandi eftir tekjum og við 470.000 kr. lífeyrissjóðstekjur falla allar greiðslur frá almannatryggingum niður.

Jafnframt eru tillögurnar að bæta hag þeirra sem hafa einhverjar fjármagnstekjur, þ.e. vaxtatekjur. Á þær tekjur var sett mikil skerðing árið 2009 sem ekki hefur verið leiðrétt. Með nýju tillögunum er það í rauninni gert og gott betur þar sem skerðingin hafði verið 50% af fjármagnstekjum fyrir breytingu 2009 en verður nú 45 prósent.

Þá þykir mér sú fullyrðing Björgvins að stjórnvöld muni hugsa sér gott til glóðarinnar að láta lífeyrisþega sjálfa greiða kostnaðinn við breytingarnar með hækkun lífeyrisaldurs í 70 ár vera nokkuð langsótt þar sem það gerist á 24 árum samkvæmt tillögum nefndarinnar. Ef þær tillögur sem nefndin hefur lagt til verða að veruleika kosta þær ríkissjóð árlega 9-10 milljarða króna. Það liggur í augum uppi að það hlýtur að koma mörgum til góða.

> **Tillögurnar bæta þó ekki kjör allra og það þarf að sníða ýmsa agnúa af við samningu frumvarps og við þurfum að fylgjast áfram með hvernig því miðar áfram.**

# Tillaga að frumvarpi er ekki frumvarp



**Ari Trausti Guðmundsson**
náttúruvísindamaður og áhugamaður um þjóðmál

Krafan um breytt vinnubrögð við stjórnun landsins, breytingar í efnahagsmálum og réttlátari skiptingu fjármuna er öflug. Hún hefur lengi verið uppi en sjaldan sterkari en eftir kollsteypuna 2008. Mjög margir sjá breytingar á stjórnarskránni sem mikilvægan lið í því, ég þeirra á meðal. Þess vegna mátti fagna verkefninu sem síðasta ríkisstjórn efndi til: Endurskoðun allrar gömlu stjórnarskrárinnar og gerð nýrrar. Góður þjóðfundur 2010 og snörp lota þjóðkjörins stjórnlagaráðs skilaði af sér hæfri tillögu að frumvarpi að nýrri stjórnarskrá í 114 greinum, auk skýringa, í lok júlí 2011. Eigum við ekki að ræða allt málið æsingalaust?

### Gagnrýni er góð

Vinnubrögðin við endurskoðunarferlið voru gagnrýnd. Í sjálfu sér ekki störf ráðsins, meðan það vann í tæpa fjóra mánuði, heldur flýtirinn: Hraður undirbúningur að kosningu stjórnlagaþings (-ráðs sem svo varð), stutt seta þess og svo skortur á skipulagðri umræðu vítt og breitt í samfélaginu eftir að tillagan lá frammi. Ég gagnrýndi vinnulagið og sá fyrir mér bæði hægari og djúptækari vinnubrögð. Nóg var líka um greinar, af þessum 114, til að ræða og gagnrýna eftir framkomna tillögu. Sérfræðingar, t.d. í lögum, höfðu margt við tillöguna að athuga.

Stjórnvöld höfðu síðan ekki frumkvæði að, og forystu fyrir, að virkja almenning til þátttöku í meðhöndlun tillögunnar eins og þeim bar í landi með þingbundnu lýðræði. Til þess voru (og eru) margar leiðir færar með allri samtaka- og félagaflórunni, þjóðfundum, netvæðingu og tilvist stjórnmálaflokka. Alþingi var lítt virkjað í rúmt ár nema til deilna um formsatriði. Í október 2012 fór loks fram leiðbeinandi en því miður lítið forvirkjuð þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögur stjórnlagaráðs.

### Um hvað var kosið?

Valkostirnir um haustið voru ljósir. Sá fyrsti snerist um hvort kjósandi samþykkti eða hafnaði því „að tillagan væri lögð til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá“. Þar var hvorki verið að samþykkja eða hafna nýrri stjórnarskrá né tilbúnu frumvarpi, heldur grundvelli að frumvarpi sem Alþingi átti (og á) að láta útbúa. Með þeirri vinnu hefði orðið til frumvarp alveg eins og tillögurnar, lítið breytt eða mikið breytt, eftir umræður, starf innan og utan þings, og nefndarálit skv. gildandi stjórnarskrá. Ekkert af þessu fór fram eins og allir vita. Hina fimm valkostina í atkvæðagreiðslunni muna flestir. Hvað sem minni gagnrýni leið tók ég þátt og krossaði við nær öll já-in, allra fyrst við valkost 1, en varð fyrir vonbrigðum með úrslitin.

Af 236 þúsund kjósendum tóku 116 þúsund þátt og var hlutfallið 43 til 51% eftir kjördæmum. Sannarlega lögleg kosning og ljós úrslit en ekki nægilega víðtæk þegar um sjálfan lagagrunn samfélagsins og kjarna lýðveldisins er að ræða. Fyrsta valkostinn samþykktu 73 þúsund manns eða tæpur þriðjungur atkvæðisbærra manna. Vissulega meirihluti þátttakenda en hlutfallstalan 32% lýsir varla nægilega almennum stuðningi við tillöguna í heild. Hvers vegna gerðist þátttakan ekki betri en raunin varð?

### Lurða í áhrifamönnum

Við tók tímabil aðgerðaleysis, íhaldssemi og lokaðs nefndarstarfs sem náðist með málamiðlun á Alþingi. Og nú liggja linkulegar niðurstöður fyrir. Þær eru bæði gagnrýnisverðar og nokkuð langt frá því sem má ímynda sér að þorri fólks, þrátt fyrir heimasetu of margra 2012, vill sjá af pólitískri umræðu og þróun að dæma.

Ég spái engu um framhaldið. Flókið verður að tryggja landinu góða stjórnarskrá og komast nær tillögu stjórnlagaráðs en nú stefnir í. Það plagg, grundvöllur að frumvarpi, á að vera upphafspunktur nýs ferlis. Eitt er þó alveg ljóst: Sumum álitsgjöfum ber að hætta að hamra á að ný stjórnarskrá hafi sama sem verið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012 – eða á að nú sé ekkert annað fram undan en að Alþingi skutli tillögunni sem fullburða frumvarpi í gegnum þinglegt og þjóðréttarlegt ferli. Meðferð þings á plagginu frá 2011 hefur ekki farið fram í samræmi við niðurstöðurnar frá 2012. Tillagan er enn grunnur en ekki frumvarpið sjálft.

Til þess að rétta af kúrsinn þarf nýjan þingheim, nýja ríkisstjórn, og yfirgripsmikla og djúptæka skoðun á greinum 114 sem fæðir af sér eiginlegt frumvarp að stjórnarskrá, eftir vandaða vinnu, og glæðir almennan áhuga á að taka þátt í lifandi umræðu og afgerandi kosningu þegar að henni kemur.

> **Til þess að rétta af kúrsinn þarf nýjan þingheim, nýja ríkisstjórn, og yfirgripsmikla og djúptæka skoðun á greinum 114 sem fæðir af sér eiginlegt frumvarp að stjórnarskrá.**

# Endurupptökunefnd – hvað er nú það?



**Ragnar Halldór Hall**
lögmaður

Með lögum nr. 15/2013 var bætt inn í dómstólalög kafla um sérstaka nefnd sem taka skyldi ákvarðanir um hvort mál sem lokið hefur verið fyrir dómstólum skuli endurupptekin. Tilsvarandi ákvæðum var bætt inn í lög um meðferð einkamála og sakamálalög. Nefndin sem hér var sett á fót heitir endurupptökunefnd. Í lögunum segir að hún sé sjálfstæð og óháð stjórnsýslunefnd sem taki ákvörðun um hvort mál skuli endurupptekin. Þar segir enn fremur að fallist nefndin á að mál skuli endurupptekið sé viðkomandi dómur fallinn úr gildi og að nýr dómur skuli þá ganga í málinu, en hafni nefndin beiðni sé sú úrlausn endanleg og verði ekki borin undir dómstóla.

Með dómi Hæstaréttar 25. febrúar 2016 voru lagareglur um endurupptökunefnd til skoðunar í máli þar sem nefndin hafði fallist á endurupptökubeiðni. Niðurstöður dómsins voru afdráttarlausar um eftirfarandi atriði:

- Ákvæðin um að endurupptökunefnd ákveði hvort mál skuli endurupptekin fara í bága við ákvæði 60. gr. stjórnarskrárinnar. Hvað sem liði niðurstöðu nefndarinnar um hvort skilyrði endurupptöku væru uppfyllt tæki dómurinn það sjálfstætt til skoðunar hvort lög hefðu „með réttu“ staðið til þeirrar niðurstöðu sem nefndin hafði komist að í málinu. Dómurinn taldi að svo hefði ekki verið, og er sú niðurstaða rökstudd í alllöngu máli í dóminum.
- Lagaákvæði sem kveða á um að nefnd sem heyrir undir framkvæmdarvald ríkisins geti fellt úr gildi úrlausnir dómstóla séu einnig andstæð meginreglu 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrískiptingu ríkisvaldsins og séu þess vegna ekki gild réttarheimild.

Lagaákvæðum um endurupptökunefnd var á sínum tíma ætlað að taka þann kaleik frá dómstólum að þeir taki ákvörðun um hvort mál skuli endurupptekin. Sú viðleitni hefur farið út um þúfur og lagaákvæðin um nefndina eru því hreinn bastarður. Hér var því verr af stað farið en heima setið.

Spurningunni í fyrirsögn hér að ofan hljóta menn að svara þannig að endurupptökunefnd sé eingöngu umsagnaraðili um hvort rétt sé að fallast á endurupptökubeiðni. Jafnframt sýnist ljóst af efnistökum Hæstaréttar að fallist nefndin ekki á slíka beiðni geti viðkomandi aðili látið reyna á synjunina í almennu dómsmáli með vísan til 60. gr. stjórnarskrárinnar. *Samkvæmt þessu öllu er ljóst að tilraunabúskapurinn með endurupptökunefnd hefur algerlega farið út um þúfur.*



# Umræða um áfengi á villigötum



Stefán Hrafn Jónsson
félagsfræðingur

Enn á ný er drjúgum tíma þingmanna varið í að koma áfengi í matvöruverslanir, að „...smásala [áfengis] verði að ákveðnu marki frjáls“. Rökstuðningur fyrir þessum breytingum snýr annars vegar að því hvert hlutverk ríkisins eigi að vera og hins vegar um frelsi fólks. Vissulega eru það rök, en léttvæg í þessu samhengi. Morfín er lögleg vara en sala þess er ekki frjáls. Sama á við um skotvopn. Þó varan sé lögleg er samfélagsleg sátt um að salan sæti hömlum til að takmarka skaðsemi hennar.

Af illri nauðsyn erum við bæði með dýr ríkisrekin gjaldeyrishöft og dýra ríkisrekna áfengisverslun, án þessara takmarkana væri ástand samfélagsins mun verra en nú er. Ástæða gjaldeyrishafta mun að sögn hverfa í bráð en ástæður áfengisverslunar ríkisins ekki. Ríkissala áfengis felur í sér eftirsóknarverðar hömlur á áfengisneyslu að mati sérfræðinga um áfengismál og eru ein öflugasta forvörnin. Samanburður vopnalöggjafar ríkja heims sýnir glöggt þau áhrif sem hömlur geta haft.

**Áfengisvandi herjar ekki bara á áfengissjúklinga**

Strax um 1960-70 þekktu erlendir sérfræðingar að áfengisvandi er ekki aðeins vandamál fárra ofdrykkjumanna heldur er vandinn samfélagslegur. Umræðan hér á landi ber þess því miður ekki merki að þessi þekking sé til staðar hjá öllum þeim sem fjalla um áfengismál. Í umræðunni er áfengisvandi talinn aðeins eiga við áfengissjúklinga, það er rangt. Skaðsemi af áfengisneyslu er bæði félagsleg (ýmist langtíma eða skammtíma) og heilsufarsleg (ýmist langtíma eða bráð, t.d. morð og banaslys). Við getum ekki bara fjallað um einn þessara flokka og talið umræðuna afgreidda. Aukið aðgengi eykur ekkert endilega neyslu þeirra sem drekka hvað mest, dæmið er mun flóknara.

Skaðsemi áfengisneyslu í samfélaginu er mest meðal þeirra sem drekka miðlungsmikið, vegna þess að margir eru í þeim hópi. Áhættan á skaðsemi hjá hverjum og einum miðlungsdrykkjumanni er minni en hjá ofdrykkjumanni. En áhættan vegin upp með fjöldanum gerir umfang vandans mestan í hópi miðlungsdrykkjumanna. Aukið aðgengi eykur neyslu miðlungsdrykkjufólks, fleiri óvirkir falla mögulega og aukin neysla mun þannig auka álag á löggæslu, heilbrigðiskerfið, félagsmálayfirvöld, skólakerfið og fleiri fjársveltar stofnanir samfélagsins.

Rannsóknir sýna að aðeins lítill hluti þeirra sem kaupa snakk í verslunum (10%) höfðu ætlað sér það þegar þeir fóru inn í verslunina. Svipað mun að öllum líkindum eiga sér stað með áfengi fyrir hluta fólks. Ef áfengi verður selt í matvöruverslunum mun það auka neyslu og þar með áfengistengd vandamál. Þetta gerist óháð því hvort okkur finnst að ríkið eigi að selja áfengi eða ekki. Aðgengi snýst ekki aðeins um hversu margir útsölustaðirnir eru heldur einnig um það hversu oft áfengi er í hillunum þegar farið er í innkaupaferð.

**Stuðst er við rit sem auðveldlega má finna með hjálp leitarvéla „Áfengi – engin venjuleg neysluvara“ Beinar tilvísanir eru úr umræddu frumvarpi.**

**Frumvarpið er ekki gott**

Frumvarpið sem þingmenn fjalla nú um er afar umdeilt vegna þess að það mun valda miklum skaða ef það verður samþykkt. Frumvarpið talar aðeins um hættuna af áfengisneyslu á tveimur stöðum. Annað vegar þegar rætt er um hlutverk ÁTVR um að draga úr skaða áfengis og hins vegar um hættu sem fólki stafar af neyslu heimabruggs; „fjölmörg dæmi eru um að fólk hafi veikst alvarlega eftir að hafa drukkið það [heimabrugg]“. Rannsóknir hafa einmitt sýnt að milljónir manna hafa veikst alvarlega og síðar látist eftir að hafa drukkið löglegt áfengi. Skorpulifur og krabbamein herja ekki aðeins á alka sem drekka heimabrugg, áfengisneysla eykur líkur á fjölmörgum sjúkdómum hjá þorra þeirra sem drekka áfengi, aðrir þættir hafa líka áhrif.

**Ákvarðanir ríkisvaldsins hafa áhrif**

Ég er sammála frumvarpsmönnum um að ákvarðanir ríkisvaldsins geta haft áhrif á tíðni sjúkdóma í kjölfar áfengisneyslu. En ég get ekki skilið af hverju þingmenn einblína á skaðleg áhrif heimabruggs en vilja auka sölu löglegs áfengis. Sala og neysla á áfengi er heilbrigðismál, en í þessu frumvarpi koma orðin sjúkdómur, slys, dauðsfall og andlát hvergi fyrir. Hvergi er sem dæmi minnst á áhættuna á auknum fjölda banaslysa í umferðinni. En opinberlega skal ræða í drep kostnað við rekstur vínbúða ÁTVR. Vissulega er fjallað um skaðaminnkun einu sinni og lýðheilsu nokkrum sinnum í frumvarpinu, m.a. að auka fé til forvarna. Ríkissala áfengis er ein öflugasta forvörnin, vissulega kostar sú forvörn en mun minna en augljósar afleiðingar aukinnar neyslu. Áfengisvandi er alvarlegri en svo að við getum óskað okkur hann í burtu með orðunum ‚mér finnst‘.

# Sameining sem sundrar er andhverfa sjálfrar sín



Hjörleifur Stefánsson
arkitekt



Nýlega skilaði vinnuhópur á vegum forsætisráðherra af sér tillögu til laga um sameiningu Þjóðminjasafns Íslands og Minjastofnunar Íslands.

Við lestur athugasemda sem fylgja tillögunni virðist sem vinnuhópurinn hafi verið á einu máli um að sameining stofnananna sé æskileg en þó hefur komið í ljós að svo er alls ekki og víst er að meðal þeirra sem vinna að rannsóknum innan minjavörslunnar er mikil andstaða gegn þessum áformum.

Fram undir lok 20. aldar fóru allar fornleifarannsóknir hér á landi fram á vegum Þjóðminjasafns Íslands og húsafriðunarmál heyrðu þá undir safnið.

Fornleifafræði óx smám saman fiskur um hrygg og þegar einstaklingar og einkafyrirtæki voru orðin fær um að annast fornleifarannsóknir utan vébanda safnsins var þörf á breytingum. Nauðsynlegt varð þá að koma á fót stofnun til að annast leyfisveitingar til rannsókna og hafa með höndum eftirlit með þeim. Það þótti ekki samræmast góðum stjórnsýsluháttum að stofnun sem sjálf stundaði rannsóknir annaðist líka leyfisveitingar og eftirlit. Þannig varð til Fornleifavernd ríkisins, sem síðar var sameinuð Húsafriðunarnefnd og til varð Minjastofnun Íslands.

**Sameining óviturleg**

Sameining Þjóðminjasafns og Minjastofnunar er óviturleg og til þess liggja nokkrar ástæður. Í fyrsta lagi ber að nefna að sameinuð stofnun sem á að bera heitið Þjóðminjastofnun Íslands og hafa Þjóðminjasafnið innanborðs verður stjórnsýslustofnun og þar með breytist eðli safnsins. Það fullnægir ekki lengur því grundvallarskilyrði að stunda rannsóknir til þess að geta kallast höfuðsafn.

Í öðru lagi er óeining um sameininguna. Fornleifafræðingar sem vinna á vegum Minjastofnunar og einnig þeir sem eru utan hennar eru upp til hópa andvígir breytingunni vegna þess að los kemst á málaflokkinn sem langan tíma tekur að koma aftur í viðunandi skorður. Það umrót sem stafað hefur af endurteknum lagabreytingum um minjavörsluna hefur ítrekað kallað á vinnu við stefnumörkun sem tekið hefur drjúgan toll af starfsgetu stofnunarinnar og bitnað á þeim viðfangsefnum hennar.

**Hætt er við að sameining af því tagi sem lagafrumvarpið boðar muni hafa sundrungu í för með sér og þannig vinna gegn yfirlýstum markmiðum.**

Hugmyndin um að flytja málefni húsafriðunar til forsætisráðuneytisins er líka varhugaverð. Innan Minjastofnunar hefur á undanförnum árum safnast fyrir reynsla og formfesta í umfjöllun um friðuð hús sem mikilvægt er að hlúa að og efla. Langan tíma mun taka að byggja upp sambærilega reynslu innan ráðuneytisins. Við þetta má bæta að nútímaviðhorf í varðveislumálum fornleifa og húsa leiða til þess að sjónum er í vaxandi mæli beint að víðara samhengi minja. Æskilegt er að sögulegt umhverfi sé metið frá ýmsum sjónarhornum; byggingarlistar, menningarsögu og fornleifafræði. Nýleg dæmi úr minjarannsóknum í miðbæ Reykjavíkur staðfesta þetta.

Hætt er við að sameining af því tagi sem lagafrumvarpið boðar muni hafa sundrungu í för með sér og þannig vinna gegn yfirlýstum markmiðum.

Vilji ráðuneytisins til þess að efla minjavörsluna er auðvitað af hinu góða og vafalítið getur ráðuneytið lagt henni margt til í því efni.

**Mikilvægt að stórefla samvinnu**

Mikilvægt er samt sem áður að stórefla samvinnu milli stofnananna. Þær gætu stutt hvor við aðra og eflst báðar af því. Sem dæmi má nefna að umsjón og rekstur húsasafns Þjóðminjasafnsins gæti auðveldlega flust til Minjastofnunar og ýmislegt bendir til þess að málaflokkurinn myndi eflast við að þeir fáu sérfræðingar sem við eigum á þessu sviði ynnu allir á sömu stofnun og hefðu faglegan styrk hver af öðrum. Engar lagalegar hindranir eru á því að það verði gert.

Ástæða þess að samvinnan er jafn lítil milli Þjóðminjasafns og Minjastofnunar og raun ber vitni liggur ekki í gallaðri löggjöf heldur mannlegum breyskleika sem hamlar minjavörslunni að blómstra í þeim mæli sem efni standa annars til.

Forsætisráðuneytið gerði vel í því að greiða götu samvinnu stofnananna án þess að reyna að sameina þær.

# Skattaskjól námsmannsins



Árni Jakob Ólafsson
verkfræðingur

Brottflutningur Íslendinga til útlanda hefur mikið verið til umræðu og þá sérstaklega í formi „spekileka“ – menntað fólk sem sér sér ekki fært að koma undir sig fótunum á Íslandi að loknu námi.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru ráðstöfunartekjur fólks með grunnmenntun 87,7% af ráðstöfunartekjum háskólamenntaðs fólks árið 2014 sem þýðir að menntun er lítið metin til launa á Íslandi. Námsmenn sem sækja háskólanám erlendis hafa því ekki ríka ástæðu til að flytja aftur til Íslands að námi loknu vegna lakra kjara og erfiðleika við að koma sér upp húsnæði. Sá sem lýkur námi hefur notið góðs af íslensku mennta- og heilbrigðiskerfi frá barnæsku og það er töluvert tap fyrir þjóðfélagið af því að missa viðkomandi til annars lands þegar hann ætti loks að fara að skila einhverju aftur til samfélagsins.

Hvernig getum við stuðlað að því að fleiri íslenskir námsmenn setjist að á landinu að loknu námi?

Ein leið væri að leyfa námsmönnum að flytja með sér ónýttan persónuafslátt milli ára með svipuðum hætti og fyrirtæki geta fært tap milli ára til skattalækkunar. Námsmenn sem vinna einungis á sumrin ná almennt ekki að fullnýta persónuafslátt sinn, sem svo tapast ef þeir vinna ekki með námi.

**Smámunir miðað við tapaðar tekjur**

Sá sem stundar fimm ára framhaldsnám erlendis sem dæmi, á rétt á u.þ.b. fimmtíu þúsund króna persónuafslætti á mánuði. Ef persónuafslátturinn myndi ekki fyrnast um hver áramót söfnuðust upp þrjár milljónir króna á fimm ára háskólanámi, sem námsmaðurinn fengi svo að nýta eftir heimkomu. Hafi viðkomandi 500.000 krónur í mánaðarlaun, gæti hann eða hún t.d. unnið skattlaust í u.þ.b. eitt og hálft ár sem myndi þá hjálpa þessum einstaklingi að koma undir sig fótunum. Þessar þrjár milljónir sem ekki færu í ríkissjóð eru smámunir miðað við þær tekjur sem ríkissjóður tapaði ef umræddur námsmaður settist að erlendis til frambúðar. Þetta þyrfti þó að útfæra með einhverjum takmörkunum, svo sem með hámarks árafjölda á uppsöfnun og fyrningartíma persónuafsláttar við námslok.

**Hvernig getum við stuðlað að því að fleiri íslenskir námsmenn setjist að á landinu að loknu námi? Ein leið væri að leyfa námsmönnum að flytja með sér ónýttan persónuafslátt milli ára með svipuðum hætti og fyrirtæki geta fært tap milli ára til skattalækkunar.**

Raunverulega má hugsa þetta eins og lán. Ríkið leggur út grunnkostnað, sem það fengi svo til baka með árunum í formi hærri skatttekna þar sem færri háskólamenntaðir flyttust á brott. Önnur leið að sama markmiði fælist í því að hafa afborganir af námslánum frádráttarbærar frá skatti.

Eitt er þó víst, að ef námsmanni sem lýkur framhaldsnámi erlendis býðst að koma til Íslands að námi loknu og vinna skattfrjálst eða á lágum sköttum í einhvern tíma mun sá væntanlega hugsa sig tvisvar um áður en hann afþakkar það boð.



the PIER
30% AFSLÁTTUR AF GLERSTELLI
30% AFSLÁTTUR
CHELIEU BORÐ
ÁÐUR 79.900,- NÚ 55.930,-
Stærð: 137.5x39xH85 cm.
30% AFSLÁTTUR
TUILERIES BORÐ
ÁÐUR 35.900,- NÚ 25.130,-
Stærð: 83x37xH74 cm.
30% AFSLÁTTUR
FERMING?
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GJAFABRÉFUM Í MARS
30–40% AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM HÚSGÖGNUM
GILDIR 10.–16. MARS // GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS
BADEVEL GLERSKÁPUR
ÁÐUR 149.900,-
NÚ 104.930,-
Stærð:86x45xH215 cm.
30% AFSLÁTTUR
40% AFSLÁTTUR
AMBERLY BEKKUR
ÁÐUR 55.900,- NÚ 33.540,-
Stærð: 153x33.5xH48 cm.
HENGELO BORÐ
ÁÐUR 39.900,-
NÚ 23.940,-
Stærð: 84x40xH75 cm.
40% AFSLÁTTUR
TUILERIES BORÐ
ÁÐUR 35.900,-
NÚ 25.130,-
Stærð: 83x37xH74 cm.
30% AFSLÁTTUR
AMBERLY ELDHÚSEYJA
ÁÐUR 79.900,- NÚ 47.940,-
Stærð: 61x51xH87 cm.
40% AFSLÁTTUR
LORIENT BORÐ
ÁÐUR 79.900,- NÚ 47.940,-
Stærð: 130x45xH82 cm.
40% AFSLÁTTUR
MARIARA BEKKUR
ÁÐUR 49.900,-
NÚ 34.930,-
Stærð: 117x50xH55 cm.
30% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR AF BLÓMUM
20% AFSLÁTTUR
ANTON&BERGUR
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook • www.pier.is

# Umgengnistálmanir milli landa



Gunnar Kristinn Þórðarson
stjórnsýslufræðingur og framkvæmdastjóri Samtaka umgengnisforeldra

**Vilja Samtök umgengnisforeldra jafnframt kalla eftir því að Alþingi breyti barnalögum og barnaverndarlögum á þann hátt, að ástæðulausar og ólögmætar umgengnistálmanir verði skilgreindar sem ofbeldi gagnvart börnum í lögum.**

Undanfarin ár hefur það færst í vöxt að barnafjölskyldur flytja til Norðurlanda í leit að betri lífskjörum. Er óhætt að fullyrða að slíkir flutningar hafi mikil áhrif á skilnaðarbörn þegar annað foreldrið flyst til útlanda en hitt er eftir heima. Því miður hefur brunnið við að lögheimilisforeldrar (hér kallaðir barnsmæður) sem flutt hafa utan, banna börnum sínum að umgangast feður sína búsetta á Íslandi.

Alla jafna er það í hlutverki sýslumanns að samþykkja umgengnissamninga eða úrskurða umgengni með skilnaðarbörnum, og geta umgengnisforeldrar óskað eftir aðstoð sýslumannsembætta ef umgengni er tálmuð. Úrræði við tálmunum eru fá og léleg, og má segja að ef barnsmóðir er einbeitt við að tálma umgengni, geti hún komist upp með það, ef hún sættir sig við dagsektir annað slagið. Þótt erfitt og seinlegt sé að beita dagsektarúrræðum, geta barnsmæður engu að síður leikið á kerfið þannig að þær þurfi aldrei að greiða dagsektir þótt tálmanir haldi áfram. Þó er þetta eina úrræðið sem í boði er til að stemma stigu við umgengnistálmunum fyrir utan íhlutun valdstjórnarinnar á grundvelli innsetningarákvæðis barnalaga, sem nánast aldrei er notað.

Þegar tálmanir eiga sér stað milli landa, þ.e. þegar umgengnisforeldrið er búsett á Íslandi en barn og barnsmóðir erlendis, geta umgengnisforeldrar ekki reitt sig á aðstoð sýslumanns, þar sem ákvæði barnalaga kveður svo á um að slík umgengnismál falli utan lögsögu sýslumanna. Hafa umgengnisforeldrar þá verið ráðalausir og jafnvel farið utan til að knýja fram umgengni, og þeir sem efni hafa keypt rándýra lögmannsþjónustu fyrir margar milljónir til að fá að sjá börn sín.

### Algjört úrræðaleysi

Fjölmargir feður hafa komið að máli við Samtök umgengnisforeldra og lýst algjöru úrræðaleysi innan stjórnsýslunnar þegar kemur að umgengnistálmunum milli landa. Þegar þeir leita aðstoðar sýslumanna er þeim sagt að málið falli utan lögsögu þeirra og er feðrum vísað út í kuldann. Vegna þessa máls funduðu samtökin með fulltrúum utanríkis- og innanríkisráðuneytis, og var sá fundur afskaplega gagnlegur. Kemur í ljós að í gildi er alþjóðlegur samningur um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna milli landa. Kemur þar skýrt fram að íslensk stjórnvöld eru skuldbundin til að tryggja umgengni skilnaðarbarna ef börnin eru búsett í aðildarríkjum samningsins. Eru Norðurlöndin á meðal samningsríkja. Ljóst er að misbrestur er á að stjórnvöld, þá einkum sýslumannsembættin, gæti að leiðbeiningarskyldu stjórnvalda, svo sem kveðið er á um í stjórnsýslulögum, þegar umgengnisforeldrar leita á náðir embættanna þegar þeim er tálmuð umgengni vegna barns sem búsett er erlendis. Mikilvægt er að árétta að innanríkisráðuneytið tekur við slíkum málum en ekki sýslumannsembættin, og ber ráðuneytinu að tryggja að þarlend stjórnvöld beiti þeim úrræðum sem þar eru lögfest til að koma á umgengni. Er umgengnisforeldrum velkomið að setja sig í samband við samtökin til að fá frekari upplýsingar um úrræði til að knýja fram umgengni.

Vilja Samtök umgengnisforeldra jafnframt kalla eftir því að Alþingi breyti barnalögum og barnaverndarlögum á þann hátt, að ástæðulausar og ólögmætar umgengnistálmanir verði skilgreindar sem ofbeldi gagnvart börnum í lögum, þannig að mál verði að barnaverndarmáli um leið og ásökun um tálmun kemur á borð sýslumanns. Í því samhengi virðist þurfa að benda á að feður sem ekki fá að sjá eða umgangast börn sín eru jafnan þjáðir, brotnir og jafnvel veikir vegna þess ofbeldis sem umgengnistálmanir eru. Ættu allir að geta sett sig í þeirra spor.

LYFJA
– Lífið heil
Fyrir þig í Lyfju
lyfja.is
20 ára
20 % afsláttur





John Frieda Full Repair línan á 20% afmælisafslætti.
Tilboð gildir til 17.mars

# Það Guð, hún Guð, hann Guð



Ólafur Guðsteinn Kristjánsson
tungumálakennari

Í Þýskalandi hafa verið uppi áform um að kynjafna tungumálið. Slíkt ráðabrugg hefir nokkuð lengi átt upp á pallborðið meðal þarlendisfólks. Til dæmis þykir tilhlýðilegt að karlkynsorð sem allajafna eru brúkuð í ávarpi megi einnig nota í kvenkyni eða þá að notast sé við hvorugkynsorð sem gera eiga báðum kynjum jafnt undir höfði.

Fyrir nokkru var að finna skrif í Der Spiegel sem fjallaði um téð þema. Báru skrifin hið skemmtilega heiti „Sein Name ist Sie“ (Nafn hans er hún) og vísar til hins heilaga rits þar sem hlutskipti kvenfólks hefir löngum verið bágborið hlutfallslega séð. Í umræddu lesmáli var greint frá félagasamtökum sem voru í vandræðum með hvernig ávarpa ætti félagsfólk sitt í fréttabréfi án þess að hygla öðru kyninu. Taldi forsvarsfólk samtakanna sig hafa fundið rétta orðið með hvorugkynsorðinu „Mitglied“. Ekkert félagssystkinanna hefði átt að geta sett sig upp á móti því.

Það gekk ekki eftir. „Mitglied þótti minna helst til of mikið á orðið „Glied“ sem getur merkt karlkyns æxlunarfæri. „Glied“ þýðir limur og „Mitglied“ meðlimur. Slíkt þótti ótækt og dúkkuðu í kjölfarið upp allslags kvenlegri orð sem hefði mátt brúka. Þar á meðal mátti finna „Ohneglied“ (ánlimur) og „Mitklit“ (meðsnípur). Hljómar það síðarnefnda ekki ósvipað og „Mitglied.“

Sama vandamál væri í íslenskunni. Fyrir utan að limur er karlkynsorð. En eftir því sem best er vitað veldur téð orð engu brambolti á meðal kynjajöfnunarfólks á Íslandi þótt áform hafi verið uppi um að breyta tungumálinu og gera það kvensamlegra.

Þýskaland er komið öllu lengra í breytingarferlinu og er gerlegt að kvengera flestöll starfsheiti með að hengja -in á hlutaðeigandi orð. Þannig verður „Verkäufer“ (sölumaður) að „Verkäuferin“ (sölukona) og „Maurer“ (múrari) að „Maurerin“ (þar höfum við ekki enn þá tækifæri á að kvengera orðið en máski mætti notast við múrynja eða múrína). Þegar talað er um fleira fólk innan umrædds umhverfis er svo hægt að hengja -innen á stofn orðsins: Verkäuferinnen (sölukonur), Maurerinnen (múraraynjur eða múrínur).

**Hvað sem því líður mætti e.t.v. stuðla að því að finna öllum starfsheitum kvenkyns form (þar sem -maður og -kona koma ekki fyrir) líkt og í Þýskalandi: Forseti, forsetína, kanslari, kanslarína, ritari, ritarína o.s.frv. Eða lætur -ynja betur í eyrum?**

### Í mörg horn að líta

Auðvitað er í mörg horn að líta þegar áform eru uppi um að ráðast í umskipti tungumáls með það augnamið að rétta hlut kvenlega hlutskipti málfræðilega séð. Til dæmis er karlkyn eintölu óákveðinna fornafna brúkað sé kyn þess sem um ræðir óljóst. Er málum einnig svo farið hvað íslenskt mál varðar.

Sagt er:

„Kom einhver/enginn/nokkur áðan.“ Hér mætti hugsanlega notast við hvorugkyn og segja: „kom eitthvert/ekkert/nokkurt“ eða þá bæði kyn í fleirtölu „komu einhverjir-einhverjar/engir-engar/nokkrir-nokkrar

Þessu hefir ekki enn þá verið snúið til hvorugkyns eða beggja kynja. Gildir það um bæði löndin. En ólíkt því sem algengt er í Þýskalandi þegar blandað kompaní er ávarpað þá hefir slíkt ekki fest sig á Íslandi að ávarpa beri starfsfólk eða annað fólk bæði í kvenkyni og karlkyni. Væri því sölufólk ávarpað í riti og orði: „Ágætu sölukonur, ágætu sölumenn (vanalega er byrjað á kvenkynsorði) ef þýskt form yrði innleitt heima.

Í Þýskalandi hefir og verið leitast við að koma á umskiptum tungumálsins. Umskiptum sem kannski verður fjallað um síðar. Um margt er augnamið þessara umskipta að breyta samfélagslegum valdahlutföllum í málkerfinu svo koma megi á kynjalegu jafnvægi. Sjaldan kemur til tals, þegar talið beinist að þessu tiltekna þema, að hugsanlega væri árangursríkara ef samfélagið breytist fyrst. Þá myndi það hugsanlega hafa áhrif á málkerfið og kynjafna.

Hvað sem því líður mætti e.t.v. stuðla að því að finna öllum starfsheitum kvenkyns form (þar sem -maður og -kona koma ekki fyrir) líkt og í Þýskalandi: Forseti, forsetína, kanslari, kanslarína, ritari, ritarína o.s.frv. Eða lætur -ynja betur í eyrum?

Þar mætti máski byrja sem og með umferðarljósin og umferðarskiltin. Þar má klárlega jafna hlutskipti kvenfólks. Og svo ættum við auðvitað að tala um það Guð, hana Guð og hann Guð.

# Grensásvegur



Sigurður Oddsson
verkfræðingur

Fyrirsögnin „Borgin ætlar að spara 1,7 milljarða á árinu“ minnti mig á íbúafund 28. janúar. Borgarstjóri kynnti mjókkun Grensásvegar úr tveimur + tveimur akreinum í eina + eina. Við það fást breiðari gangstéttar og hjólabrautir beggja vegna. Breytingin kostar um um 10% af ætluðum niðurskurði borgarinnar 2016.

Áður var meginnauðsyn mjókkunar sögð slysahætta. Nú er helsta ástæðan of mikil flutningsgeta Grensásvegar, sem auk þess er kominn á tíma. Ekki veit ég hvað borgarstjóri á við með kominn á tíma. Grensásvegur er síst verri en flestar götur í bænum. Hvað með Bústaðaveg þar sem vatn rennur eftir hjólförum fram hjá öllum niðurföllum, smýgur niður í malbikið og skemmir? Á fundinum benti ég á að ódýrara væri að mjókka eyju á milli akreina. Þá fengjust bæði hjólabrautir og breiðar gangstéttir. Borgarstjóri taldi það ekki muna neinu, þegar komið væri af stað og ítrekaði að flutningsgetan yrði aldrei nýtt.

Ég velti fyrir mér slysahættu af hjólreiðamönnum og hvort nýting hjólabrauta og rekstur borgarinnar réttlæti þessa sóun skattpeninga? Það eru fleiri svona dæmi sóunar í borginni, eins og t.d. tvær brýr fyrir hjólandi og fótgangandi út í Geirsnef. Hver skyldi nýtingin vera þar? Dýr ljósaskilti við Bústaðaveg eiga að sýna að bannað er að beygja til vinstri inn á Reykjanesbraut, en virka þveröfugt. Þeir sem þekkja skilti skilja þau þannig að ekki megi beygja til vinstri, við Grensásveg, Réttarholtsveg og Sogaveg. Á skiltunum er ill læsilegur texti „við Reykjanesbraut“. Margir, sem vita ekki hvar Reykjanesbraut er enda á að aka eftir henni í Kópavog.

**Ekki veit ég hvað borgarstjóri á við með kominn á tíma. Grensásvegur er síst verri en flestar götur í bænum. Hvað með Bústaðaveg þar sem vatn rennur eftir hjólförum fram hjá öllum niðurföllum, smýgur niður í malbikið og skemmir?**

### Aukið álag á helstu umferðaræðar

Við breytingu Grensásvegar úr 2 + 2 í 1 + 1 lækkar hámarkshraði úr 50 km/klst. í 30 km/klst. og flutningsgeta minnkar. Ódýrara væri að lækka hámarkshraða í 30 km/klst. án þess að breyta veginum. Það kostar bara merkingar. Miðað við ýmislegt, sem áður hefur komið frá þeim Degi og Hjálmari er ljóst að markmiðið er að ná aksturshraða niður fyrir 30 km/klst. í allri borginni. Þessu markmiði sínu hafa þeir náð með þrengingum og hraðahindrunum á t.d. Hofsvallagötu, Borgartúni, Háaleitisbraut, Skeiðarvogi og fleira mætti nefna. Við þessar akstursihindranir eykst álag á helstu umferðaræðar, sem stíflast og hraði fer niður fyrir 30 km/klst. á álagstímum. Við það eykst mengun og vinnustundir tapast.

Á fundinum benti ég á slysahættu við hraðahindrun með þrengingu á Réttarholtsvegi. Sá sem ekur þeim megin sem þrengingin er ekki á réttinn og sá sem ekur þeim megin sem þrengingin er ætti að bíða, ef ekki logaði grænt umferðarljós í báðar áttir. Þetta er eins og að við einbreiða brú logaði stöðugt grænt ljós við báða enda brúarinnar. Vonandi fara skattpeningar ekki að bæta tjón sem þarna gæti orðið.

Minnst tvisvar á dag ek ég um hverfið. Á þessum ferðum mínum hefi ég ekki séð einn einasta hjólandi mann síðan í haust. Þá var veður gott og trén enn græn, eins og á arkitektamyndum, sem borgarstjóri sýnir á íbúafundum. Það kom enginn á hjóli á fundinn í Breiðagerðisskóla, því þá var vetur og snjór. Mestan hluta ársins er ekki hjólað vegna veðurs og margt, sem mætti forgangsraða til bóta fyrir akandi og gangandi vegfarendur allt árið.

Nýlega var í fréttum kostnaður heyrnartóla hjá borginni. Molar eru líka brauð og ekki furða, að rekstur borgarinnar sé eins og raun ber vitni.

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

# Ferskt alla daga

25% afsláttur
**395 kr. pk.**
Verð áður ~~529~~ kr. pk.
Epli Kanzi 4 stk, Þýskaland

31% afsláttur
**239 kr. pk.**
Verð áður ~~349~~ kr. pk.
Sveppir 250g, Holland

17% afsláttur
Þroskað mangó!
**369 kr. kg**
Verð áður ~~449~~ kr. kg
Mangó þroskað, Perú

**298 kr. kg**
Blómkál, Spánn

**269 kr. kg**
Verð áður ~~299~~ kr. kg
Ananas, Ekvador

30% afsláttur
**279 kr. kg**
Verð áður ~~389~~ kr. kg
Lífrænar gulrætur 1 kg, Danmörk

**639 kr. kg**
Avocado, Chile

**379 kr. kg**
Eggaldin, Spánn

**799 kr. kg**
Rauð vínber, Suður Afríka

**199 kr. kg**
Blaðlaukur, Holland

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

TILBOÐIN GILDA TIL 13. MARS - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

Ferskur heill kjúklingur




**745** kr. kg

Verð áður ~~825~~ kr. kg

Íslensk matvæli kjúklingur

10% afsláttur



**2159** kr. pk.

Verð áður ~~2399~~ kr. pk.

Frönsk hvítlauks- og ítölsk panna með nautakjöti

# Tilbúið í ofninn!



10% afsláttur

**1979** kr. pk.

Verð áður ~~2199~~ kr. pk.

Miðjarðarhafs-, indversk- og grískpanna með grísakjöti

Gott verð!






**1556** kr. pk.

Danskar kjúklingabringur, 900g

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

TILBOÐIN GILDA TIL 13. MARS - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS




101 Optic er í hjarta bæjarins að Skólavörðustíg 2.



Í versluninni er auk umgjarða boðið upp á gott úrval af snertilinsum fyrir alla.

# ÁHERSLA Á GÆÐI OG ÞJÓNUSTU

**101 Optic kynnir** Gleraugnaverslunin 101 Optic var opnuð í hjarta bæjarins að Skólavörðustíg 2 í júní 2014. Þar er lögð áhersla á skemmtilega gleraugnahönnun, gæði og góða þjónustu.

„Útgangspunkturinn er að bjóða umgjarðir sem okkur þykja fallegar á góðu verði,“ segir eigandinn, Kristinn Kristinsson, sem einnig rekur Gleraugað í Faxafeni og Kringlunni. Hann segir gæði og góða hönnun einkenna þær umgjarðir sem keyptar eru inn.

„Við leggjum okkur fram um að velja umgjarðir sem ekki er að finna í öðrum verslunum, til dæmis frá Vinyl Factory í Frakklandi en þær eru margar í popp- og rokkstjörnuanda. Þá erum við með mikið úrval af „vintage“ umgjörðum frá framleiðendum á borð við William Morris London, Etnia Barcelona og fyrrnefndan Vinyl Factory en þær hafa verið að ryðja sér til rúms undanfarin ár. Auk þess bjóðum við mjög vandaðar og flottar títanumgjarðir frá Blackfin, sem er ítalskur framleiðandi hágæða umgjarða.“

Kristinn segir líka boðið upp á hefðbundnar og klassískar umgjarðir frá jafnt heimsþekktum sem minna þekktum hönnuðum. „Þá erum við með umgjarðir frá Green Titanium sem eru framleiddar á umhverfisvænan hátt.

Við flytjum sjálf inn gler frá Rodenstock í Þýskalandi sem er þýskur framleiðandi af gamla skólanum, 135 ára gamalt fyrirtæki sem hefur verið leiðandi í þróun á sjónglerjum í gegnum árin.

Í versluninni er auk gleraugna boðið upp á gott úrval af snertilinsum fyrir alla, t.d. bjóðum við upp á mjög góðar linsur fyrir þá sem eru með mikla sjónskekkju, margskiptar linsur og að sjálfsögðu silíkonlinsur sem má sofa með. Við bjóðum sem sagt upp á allt sem tilheyrir snertilinsunotkun.“



> Við bjóðum fallegar umgjarðir á góðu verði.
> Kristinn Kristinsson.




Að sögn sjóntækjafræðingsins Guðjóns Inga Guðmundssonar er mikilvægt að fólk komi reglulega í sjónmælingu og ekki síður mikilvægt að það komi í linsumátun og kennslu. „Það skiptir sköpum að linsurnar sitji vel í augunum og valdi ekki óþægindum. Við höfum orðið vör við það að fólk hafi ekki fengið nógu góða ráðgjöf við val á snertilinsum. Í okkar verslunum eru allir sjóntækjafræðingar með sérmenntun í linsumátun og sjónmælingum,“ segir Guðjón Ingi, en hægt er að panta tíma í sjónmælingu og linsukennslu í 511-2500.

**Allar nánari upplýsingar er að finna á 101optic.is.**
















# FER EKKI AFTUR Í KÚREKASTÍGVÉL

Snædísi Guðmundsdóttur fatahönnuði finnst flottar töskur alveg ómótstæðilegar og segir klassískan, svartan kjól verða að vera til í fataskápnum. Hún byrjaði að hanna og sauma tíu ára gömul.

**& SPURT SVARAÐ**

Snædís Guðmundsdóttir, fatahönnuður og eigandi verslunarinnar Dísar, fór að sauma og hanna eigin föt um tíu ára aldur þegar hún byrjaði að stelast í Toyota-saumavél móður sinnar.

Það sem heillar Snædísi mest í sambandi við tísku er fjölbreytileikinn, frelsið, viðburðirnir og menningin í kringum hana og að hver og einn geti fundið sinn eigin stíl.

**Hvað er skemmtilegast við að vera hönnuður?** Eitt það allra skemmtilegasta er þegar maður fær jákvæð viðbrögð við því sem maður er að gera, síðan er þetta ótrúlega fjölbreytt, verkefnin mjög mismunandi og mikið frelsi.

**Hvernig lýsir þú hönnun þinni?** Klassísk og tímalaus, legg mikið upp úr því að flíkurnar séu klæðilegar og úr góðum efnum. Ég hef einnig gaman af því að vinna með liti og munstur.

**En þínum persónulega stíl?** Klassískur með smá 60's ívafi.

**Hver er uppáhaldsflíkin í skápnum?** Á í raun enga uppáhaldsflík, fer bara eftir því hvað er í gangi hverju sinni.

**Hver eru bestu kaup sem þú hefur gert?** Michael Kors-dúnúlpan sem ég keypti á útsölu í New York í haust er búin að reynast mér frábærlega í vetur.

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Bara alls staðar þar sem ég kemst í búðir, bæði hér á landi og erlendis.

**Hvernig klæðir þú þig þegar þú ferð eitthvert fínt út?** Fer yfirleitt í fínan kjól, en þegar ég er að fara eitthvað fínt þá finnst mér gott að hafa góðan tíma til þess að taka mig til, mér finnst hárið, förðunin, skartið, skórnir og veskið líka skipta miklu máli upp á heildarútlitið.

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Hversdags og í vinnunni þá finnst mér best að klæðast þægilegum flíkum og þá verður yfirleitt kjóll fyrir valinu og leggings.

**Er einhver ein flík sem verður að vera til í skápnum?** Já, einn svartur klassískur kjóll sem gengur við öll tækifæri, og málið er dautt.

**Hvað vantar í fataskápinn fyrir vorið?** Einn litríkan og sumarlegan siffonkjól.

**Gengur þú með skartgripi?** Ég er yfirleitt með einhverja skartgripi, er mjög hrifin af skarti frá Sign, Sif Jakobs og Hendrikku Waage.

**Notar þú fylgihluti, hatta, klúta og þess háttar?** Ég nota mikið klúta, elska töskur en hattana geymi ég heima.



Snædís er morguntýpa og fer í ræktina áður en börnin vakna. MYND/VILHELM

> Það er mjög góð regla að spyrja sjálfan sig að því hvort varan sem verið er að kaupa sé „Nice to have“ eða „Need to have“. Ef svarið er heiðarlegt „Need to have“ þá geri ég yfirleitt mjög góð kaup.
>
> Snædís Gísladóttir

**Í hverju myndir þú aldrei láta sjá þig?** Ég held ég fari aldrei aftur í kúrekastígvél!

**Kaupir þú ódýrt og meira eða dýrara og minna?** Áður fyrr þá átti ég það til að hrúga ódýru í körfur og gerði mörg mjög misgóð kaup. Í dag hugsa ég meira um notagildi og endingu. Annars er mjög góð regla að spyrja sjálfan sig að því hvort varan sem verið er að kaupa sé „Nice to have“ eða Need to have“. Ef svarið er heiðarlegt „Need to have“ þá geri ég yfirleitt mjög góð kaup.

**Fyrir hverju fellur þú oftast?** Flottum töskum, finnst þær algjörlega ómótstæðilegar.

**Hvernig er rútínan á morgnana?** Ræs 5.30, ræktin, potturinn, kaffi, ræsa krakkana, koma öllum út og fara í vinnuna. Þegar í vinnuna er komið þá er andlitið sett upp.


GUERLAIN
La petite Robe noire
MY NEW LIPSTICK
GUERLAIN KYNNING
Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI
10.–13. MARS
20% afsláttur
af öllum vörum frá Guerlain
Guerlainsérfræðingur verður á staðnum
að kynna Guerlain vörur og veitir persónulega ráðgjöf.
Komdu og kynntu þér vörur frá einu elsta
og virtasta snyrtivörumerki í heimi.
Guerlain
Guerlain
www.lyfogheilsa.is
Lyf & heilsa
Kringlunni




Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is




Fallegur leðurjakki. Edda Borg notar jakkann við sparidressið en hann passar líka vel við gallabuxur. MYND/ANTON BRINK



Edda í uppáhaldsjakkanum frá Guess sem hún keypti í Los Angeles. MYND/ANTON BRINK

# MAMMA ER GÓÐ FYRIRMYND

**Edda Borg** tónlistarkona mætti prúðbúin þegar Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent á föstudagskvöld en hún sat í dómnefnd fyrir djass og blús. Á laugardag fermdi hún síðan yngsta barnið sitt af fjórum og lét að sjálfsögðu tónlistina flæða um kirkjuna.

Það þarf kannski ákveðið hugrekki til að mæta í appelsínugulum leðurjakka við sparidressið en Edda segist fara sínar eigin leiðir þegar kemur að fatavali og litum. „Ég er ekkert að eltast við ákveðna tískustrauma en hef mikinn áhuga á fötum. Ég kaupi föt sem mér finnst töff,“ segir Edda og bætir við að líklegast hafi hún erft áhuga á fallegum fötum frá móður sinni sem er tæpra 79 ára og alltaf glæsileg til fara. Móðir hennar, Herdís Eggertsdóttir, kölluð Lillý, var lengi bæjarstjórafrú í Bolungarvík. „Mamma er mjög flott kona svo ég hef haft góða fyrirmynd,“ segir Edda. „Leðurjakkann keypti ég á Laugaveginum í verslun þar sem Eva var áður. Búðin hætti stuttu síðar. Það er gott dæmi um mín fatakaup. Ég var í allt öðrum erindagjörðum þegar ég sá hann í glugga og bara keypti hann,“ segir hún.

„Í seinni tíð kaupi ég sjaldnar föt, vel betri og dýrari efni. Þegar ég fer til útlanda gríp ég eitthvað með mér heim ef það heillar mig. Ég fer ekki í verslunarferðir en kaupi þegar ég dett niður á eitthvað fallegt. Núna á ég til dæmis uppáhaldsjakka frá Guess. Hann er stuttur, hentar kannski ekki vel í kulda en ég er oft í peysu undir sem kemur niður undan honum – ekkert mjög smart,“ segir hún. „Þetta er skinnjakki sem ég keypti í Los Angeles.“

> Platan mín hefur fengið frábærar viðtökur í Bandaríkjunum og því hef ég verið að fylgja eftir. Hún hefur fengið minni spilun hér.
>
> Edda Borg

## TAUGAR TIL L.A.

Edda bjó lengi í Los Angeles og fer þangað oft. Hún ætlar að vera þar eitthvað í sumar enda á hún og eiginmaður hennar, Bjarni Sveinbjörnsson tónlistarmaður, mikið af vinum þar. „Við byrjuðum að búa í L.A., fyrir 32 árum, þegar Bjarni var þar í námi og síðan aftur í eitt ár 2001. Auk þess förum við yfirleitt á sumrin í heimsókn. Ég hef verið að sinna tónlistinni minni í L.A. auk þess að hafa verið meðlimur í Herbalife í sautján ár.“

Edda hefur sungið á frægum djass-stað í L.A. sem nefnist The Baked Potato. Ekki er ómögulegt að hún komi fram á tónleikum þar í sumar. „Það verður spennandi að koma aftur til Bandaríkjanna. Mér finnst ég vera komin heim þegar ég kem til Los Angeles.“

## TÓNLIST ÁN ORÐA

Fyrir tveimur árum kom fyrsta sólóplata Eddu út sem nefnist No Words Needed. Lögin eru í „Smooth Jazz/Fusion“ stíl og eru öll eftir Eddu. Með henni leika Friðrik Karlsson og Bjarni, maður hennar. Platan inniheldur þægilega tónlist án söngs þótt Edda raddi í tveimur lögum. „Platan mín hefur fengið frábærar viðtökur í Bandaríkjunum og því hef ég verið að fylgja eftir. Hún hefur fengið minni spilun hér. Það kemst því miður ekki öll tónlist í spilun á íslensku útvarpsstöðvunum. Ég hef lengi samið tónlist en er ekkert sérstaklega góð að gera texta. Þess vegna er þetta tónlist án orða,“ útskýrir Edda sem hefur þó mikið sungið í gegnum árin, meðal annars í Eurovision, auk þess að reka Tónskóla Eddu Borg í 27 ár.

Fimmtán kennarar starfa við skólann og stunda 150 nemendur þar nám, allt frá fimm ára aldri. „Það er nóg að gera í músíkinni alla daga. Eftir öll þessi ár er líka gaman að sjá gamla nemendur úti í tónlistarlífinu. Í janúar var ég á Sinfóníutónleikum í Eldborg þar sem einleikarinn var fyrrverandi nemandi Tónskólans. Það fyllir mann stolti. Það má kannski segja að maður sé alltaf að búa til tónlistarmenn,“ segir Edda. „Margir fara frá okkur í frekara nám í tónlist og aðrir verða góður hlustendur.“

## FIMMTUG OG NÝ PLATA

Edda er að undirbúa aðra plötu sem hún stefnir á að koma á markað í haust þegar hún fagnar 50 ára afmæli sínu. „Ég er að velta fyrir mér hvort ég fagni þessum tímamótum með afmælistónleikum og plötu. Það væri að minnsta kosti mjög skemmtilegt,“ segir Edda enda hefur hún komið víða við á löngum tónlistarferli. **elin@365.is**


OPIÐ HÚS Í MK
Í dag 10. mars
Kl. 16.30-18.30

Hjartað slær í MK

3ja ára stúdentsnám

- Alþjóðasamskipti
- Félagsgreinar
- Listgreinar
- Raungreinar
- Viðskiptagreinar
- Opin stúdentbraut
- Framhaldsskólabraut
- Grunndeild matvæla- og ferðagreina
- Starfsbraut fyrir einhverfa
- Bakstur - bakari
- Framreiðsla -þjónn
- Matreiðsla - kokkur
- Ferðamála– og leiðsögunám
- Matsveina– og matartæknanám
- Meistaranám í matvælagreinum

Menntaskólinn í Kópavogi
Þekking- þroski- þróun- þátttaka

Menntaskólinn í Kópavogi
Hótel– og matvælaskólinn
Ferðamálaskólinn og Leiðsöguskólinn

Digranesvegi 51
Sími 594 4000
www.mk.is

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA
Arctic Star




Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618



20-50% afsláttur
af völdum vörum!
Jakki
14.990,-
10.990kr
Rúllukraga peysa
3.990,-
2.990,-
KRINGLUKAST!
FRÁBÆR tilboð af völdum nýjum vörum dagana 10-14. mars
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
SKOKKUR ÁÐUR 4.990 NÚ 3.990 St. S-XXXL
JAKKI ÁÐUR 14.990 NÚ 10.990 St. S-XXL
SKYRTA ÁÐUR 6.990 NÚ 4.990 St. 42-56
PEYSA ÁÐUR 7.990 NÚ 2.990 St. S-XXL
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 3.490 St. S-XXXL
PEYSA ÁÐUR 3.990 NÚ 2.990 St. S-XXXL
SKOKKUR ÁÐUR 4.990 NÚ 3.990 St. S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 4.990 NÚ 3.490 St. S-XXL
TÚNIKA ÁÐUR 6.990 NÚ 3.490 St. S-XXXL
LEGGINGS ÁÐUR 2.990 NÚ 1.990 St. S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 4.990 NÚ 1.990 St. S-XL
PEYSA ÁÐUR 7.990 NÚ 3.990 St. 42-56
PEYSA ÁÐUR 8.990 NÚ 4.990 St. S-XXXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314



Hér klæðist Lárus jakka frá Hackett, ullarbuxum frá Kormáki og Skildi, skyrtu frá Torino, bindi frá Boggi og skóm frá Fratelli Rosetti. MYNDIR/ERNIR



Skór frá Fratelli Rosetti, sem er ítalskt fjölskyldufyrirtæki. Einstök blanda af mýkt og endingu.



Skór frá Fratelli Rosetti.



Crockett and Jones skór frá 1985. Lárus gifti sig í þeim árið 1992 og notar enn við sérstök tækifæri.

# HEFUR AUGUN OPIN

Enskur og franskur stíll heillar Lárus Jóhannesson mest auk þess sem góðir og fallegir skór eru honum sérstaklega hugleiknir.

Verslunarmaðurinn og útgefandinn Lárus Jóhannesson, iðulega kenndur við 12 Tóna, er mikill smekkmaður og áhugamaður um fatnað. Hann segist alltaf hafa haft gaman af því að fylgjast með tískustraumum, bæði með því að lesa og skoða blöð en ekki síst með því að hafa augun opin.

„Eftir því sem ég eldist er ég meira og meira heillaður af handverkinu enda er glæsileg flík í raun listaverk. Hvernig ég klæði mig hefur þó ekki breyst svo mikið í áranna rás, kannski einhver smáatriði en ekki í prinsippinu. Segja má að ég detti inn og út úr tísku.“

Aðspurður um fatastíl segist Lárus flakka á milli enskra og ítalskra áhrifa. „Sá enski hentar auðvitað vel hér uppi á túndrunni en sniðin og efnin frá Ítalíu keppir enginn við. Svo leyfi ég mér að blanda saman og er t.d. í ensku tvídi og aðsniðinni ítalski skyrtu.

Annars nota ég mikið tvíd, sérstaklega á veturna og flauel eða ullarbuxur við. Á sumrin nota ég þynnri efni og finnst gaman að vera berfættur í mokkasínum. Við betri tilefni þá eru það blá jakkaföt. Ég hef alltaf lagt mikið upp úr skóm, þeir króna sköpunarverkið.“

> Eftir því sem ég eldist er ég meira og meira heillaður af handverkinu enda er glæsileg flík í raun listaverk. Hvernig ég klæði mig hefur þó ekki breyst svo mikið í áranna rás, kannski einhver smáatriði en ekki í prinsippinu. Segja má að ég detti inn og út úr tísku.
>
> Lárus Jóhannesson

### Á 40-50 SKÓPÖR

Góðir og fallegir skór eru honum sérstaklega hugleiknir en hann á milli 40-50 pör sem notaðir eru við ýmis tækifæri. „Góðir skór endast alla ævi ef vel er farið með þá. Til að mynda nota ég enn par sem ég keypti árið 1985 og gifti mig í sjö árum síðar. Þrír framleiðendur hafa verið í sérstöku uppáhaldi í gegnum tíðina; Crockett and Jones en þaðan eru einmitt áðurnefndir skór og ítölsku merkin Pollini og Fratelli Rosetti.“

Hann er fastheldinn á fylgihluti og gengur helst bara í sokkum frá Falke þar sem fjólublái liturinn hefur fylgt honum lengi. „Röndóttar peysur og bolir í frönskum stíl eru í uppáhaldi, sérstaklega í seinni tíð en þá hef ég gengið í þeim til að heiðra minningu Thors Vilhjálmssonar sem er ein magnaðasta manneskja sem ég hef kynnst á ævinni.“

Lárus stofnaði 12 Tóna ásamt æskufélaga sínum Jóhannesi Ágústssyni árið 1998. Tónlistin hefur því eðlilega fylgt honum lengi enda segir hann líf án tónlistar vera ekkert líf. „Í dag get ég opnað dyrnar inn í ansi marga heima þótt klassíkin standi hjarta mínu næst. Ég fylgist auðvitað með öllu sem er að gerast og ég dáist að unga tónlistarfólkinu á Íslandi, ég get ekki lýst þessu öðruvísi en sem miklu ævintýri. Það eru forréttindi að starfa hér og til okkar koma bæði djúpvitrir og skemmtilegir fastagestir og ferðamenn sem sækjast eftir íslenskri tónlist.“



Vass-skór frá Búdapest en Ungverjar eiga sér langa hefð í framleiðslu á skóm í hæsta gæðaflokki.



Jakkinn er Harris tweed frá Stumper & Fielding í Portobello, buxurnar úr Kormáki og Skildi sem og Barbour-skyrtan og bindið.



# íslensk hönnun í minju

Í tilefni af HönnunarMars, bjóðum við eftirtalda gripi með 30% afslætti, föstudaginn 11. mars og laugardaginn 12. mars.
Þessir gripir eru afsprengi hönnunarteymis Saga Islandica í samstarfi við Minju




**ÍSLANDSKLUKKAN**
Klukka sem límd er á vegg.
Stærð: 23 x 33 cm.
Almennt verð: 3.200 kr.
Verð á tilboðsdögum 2.240 kr.





**WC HILLAN**
kemur röð og reglu á lesefni setustofunnar :-)
Almennt verð 4.400 kr. Verð á tilboðsdögum 3.080 kr. (4 litir.)
Stærð: 25x26x50 cm





HönnunarMars
Reykjavík
12.–15.03.2015

SAGA ISLANDICA

minja
Design
Skólavörðustíg 12 - sími 578 6090 - www. minja.is - fb: minja




Þetta eru klassískar flíkur, vel sniðnar og fjölbreytilegar," sagði Sienna Miller um línuna.



Við gyðjublússa úr vorlínu Lindex er í sérstöku uppáhaldi hjá Siennu Miller en leikkonan er andlit vorherferðar tískurisans í ár. MYNDIR/LINDEX

# ANDLIT VORSINS

**Lindex kynnir** Leikkonan og tískufyrirmyndin Sienna Miller er andlit Lindex í vorherferð fyrirtækisins árið 2016. Vorlínan ber sterk stíleinkenni áttunda áratugarins sem þykir endurspegla afslappaðan stíl leikkonunnar.

Sænska tískufyrirtækið Lindex hefur fengið bresku leikkonuna og tískufyrirmyndina Siennu Miller til liðs við sig en Sienna kynnir vorlínu Lindex 2016. Vorlínan byggir á „boho-chic" stíl sem er innblásinn af tísku áttunda áratugarins og þykir endurspegla persónulegan stíl leikkonunnar. „Ég mun ekki fara úr henni yfir sumartímann. Útvíðu gallabuxurnar eru frábærar, þægilegar og laga sig ótrúlega vel að líkamanum! Þetta eru klassískar flíkur, vel sniðnar og fjölbreytilegar," sagði Sienna Miller um línuna.

**ENDURSPEGLAR GILDI LINDEX**

Sienna Miller er ekki aðeins þekkt fyrir stíl sinn heldur þykir hún endurspegla gildi Lindex. Sienna geislar af jákvæðri orku, kímnigáfu og velvild en hún starfar að ýmsum samfélagsverkefnum. Sem móðir þykir hún fullkominn fulltrúi Lindex-vörumerkisins.

„Það er ákveðinn léttleiki sem fylgir vörumerkinu og mér finnst það raunverulega fagna kvenleikanum. Það er hrífandi og ekki of alvörugefið. Ég tel að persónuleiki vörumerkisins komi fram í myndunum sem teknar voru fyrir herferðina. Við skemmtum okkur mjög vel og hlógum mikið! Ég held að það sé það sem Lindex snýst um," sagði Sienna við tökur á nýjustu herferð Lindex.

**Vorlína er þegar komin í verslanir Lindex. Frekari upplýsingar má finna á www.lindex.com**












habitat

TEKK COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT | SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-LAU KL. 10–18 OG SUN KL. 12–17
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS



**YFIR 1.300 BEINAR ÚTSENDINGAR Á ÁRI**

*Sportpakkinn inniheldur:* ***Stöð 2 Sport, hliðarrásir, Eurosport, Extreme Sport, Motors TV, Sky News, NBA TV, MUTV, LFC TV og Chelsea TV.***

SPORT *Sportpakkinn er tilvalinn fyrir þá sem elska íþróttir. Enski boltinn, Meistaradeildin, Evrópuboltinn ásamt spjallþáttum með spekingunum. Körfubolti, Formúlan, NFL, bardagaíþróttir og margt annað sem fær hjartað til að slá örar.*

365.is | Sími 1817 365




Vor og sumar 2016 Haute Couture.


Vor og sumar 2013.


Haust og vetur 2011.

# VALENTINO RAUÐUR

Rosso Valentino er þekktur litur innan tískuheimsins. Liturinn er einkennismerki hins heimsþekkta hönnuðar sem hefur stigið til hliðar og leyft nýrri kynslóð að taka við. Rauði liturinn er áfram áberandi á sýningum tískumerkisins.

Fyrsta rauða kjólinn hannaði Valentino Garvani fyrir fyrstu tískulínu sína árið 1959. Þetta var hlýralaus kokteilkjóll sem hlaut nafnið Fiesta og átti liturinn eftir að fylgja hönnuðinum alla hans starfstíð.

Hugmyndina að litnum fékk Valentino ungur að árum þegar hann heimsótti óperuna í Barcelona. Hann heillaðist af því hvernig rauði liturinn var notaður í sýningunni bæði í skreytingum, búningum og leikmyndinni.

Þegar hann vann að frumraun sinni á tískupöllunum lét Valentino blanda fyrir sig þann rauða lit sem honum hugnaðist best, og er Valentino rauður hluti af Pantone-litakerfinu í dag.

Valentino lét af störfum árið 2008 þegar Maria Grazia Chiuri og Pierpaolo Piccioli tóku við sem aðalhönnuðir Valentino. Þau hafa haldið merkjum upphafsmannsins á lofti með því að nota rauða litinn í sýningum sínum en þó oft í fleiri tónum en hann var vanur. Hér má sjá kjóla úr þeirra smiðju.


Á tískusýningu Valentino í Róm í júlí 2015.

Vor og sumar 2013.


Fyrsti rauði kjóllinn sem Valentino hannaði, árið 1959.


HEIMSENT
Hópatilboð
EDDUFELLI
Wilson'S
PIZZA
2 stórar pizzur m/2 áleggjum, ostabrauðstangir
eða stór skammtur af frönskum á aðeins
Heimsent
hópatilboð
kr. 3790.-
2L. Coke og hvítlauksolía fylgja frítt með til kl. 16:00
BETRI PIZZUR
Við notum aðeins fyrsta flokks
hráefni og 100% íslenskan ost
Pantaðu á netinu
S.581 15 15 - wilsons.is
Eddufelli 6 Opnum kl.11:00 alla daga

# FJÖLBREYTT BLANDA

Þriggja daga þjóðlagatónlistarhátíð hefst á Kexi hosteli á morgun. Fjöldi ólíkra listamanna kemur þar fram og býður upp á fjölbreytta tónlist.

Þjóðlagatónlistarhátíðin Reykjavík Folk Festival verður haldin á Kexi hosteli dagana 10.-12. mars en þetta er sjötta árið sem hún er haldin. Að sögn Snorra Helgasonar, skipuleggjanda hátíðarinnar, er henni ætlað að vekja athygli á stöðu og áhrifum þjóðlagatónlistar á Íslandi í mjög víðum skilningi. „Markmið okkar er að blanda saman tónlistarfólki úr ýmsum áttum sem á það allt sameiginlegt að vera undir áhrifum frá einhvers konar þjóðlagatónlist. Þetta er mjög víð skilgreining en það er einmitt pælingin, að reyna að ná yfir eins stóran hluta af þjóðlagatónlistararfinum eins og hægt er.“

Hann segir helsta styrk hátíðarinnar vera þann að stilla upp ólíkum tónlistarmönnum, í aldri, stefnum og stílum, á sama kvöldinu. „Þannig verður til mjög áhugverð stemning því gestir hátíðarinnar, sem jafnvel koma til að sjá ákveðinn listamann, kynnast um leið öðrum og uppgötva eitthvað nýtt og skemmtilegt. Með því að bjóða upp á svo fjölbreytta dagskrá verður áhorfendahópurinn um leið fjölbreyttari. Því er hátíðin í raun fyrir alla sem hafa einhvern áhuga á þjóðlagatónlist og langar um leið að kynnast nýrri og skemmtilegri tónlist.“

**GÓÐUR TÓNLEIKASALUR**

Listamenn sem koma fram í ár eru Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson, Ragnheiður Gröndal, Bangoura Band, Elín Ey, Valdimar Guðmundsson og Örn Eldjárn, Högni Egilsson, Ingunn Huld og Skuggamyndir frá Býzans.

Hátíðin var stofnuð af Ólafi Þórðarsyni heitnum, iðulega kenndur við Ríó Tríó, og fór fyrstu árin fram á Rosenberg við Klapparstíg. Undanfarin ár hefur hún verið haldin í Gym og Tónik salnum á Kexi hosteli sem að sögn Snorra hentar mjög vel til flutnings á þjóðlagatónlist. „Salurinn er frekar lítill og það skapast alltaf mikil nánd og góð stemning þar. Margir af þeim listamönnum sem komið hafa fram á hátíðinni hafa sagt mér að þetta séu uppáhalds tónleikarnir einmitt vegna þessarar nándar sem skapast á milli áhorfenda og listamannsins. Það eru einhvern veginn allir komnir til þess að hlusta og taka þetta inn.“

**Nánari upplýsingar má finna á www.folkfestival.is og Facebook undir Reykjavik Folk Festival. Stök kvöld kosta 3.000 kr. en passi sem gildir á öll þrjú kvöldin kostar 8.000 kr.**



**„Hátíðin er í raun fyrir alla sem hafa einhvern áhuga á þjóðlagatónlist og langar um leið að kynnast nýrri og skemmtilegri tónlist,“ segir Snorri Helgason, skipuleggjandi Reykjavik Folk Festival.** MYND/ANTON BRINK



**Bangoura Band spilar afríska þjóðlagatónlist.** MYND/ÚR EINKASAFNI



**Ragnheiður Gröndal syngur á Reykjavík Folk Festival.** MYND/ÚR EINKASAFNI




# VETRARLEGT HJÁ STELLU



Tískuhönnuðurinn Stella McCartney sýndi haust- og vetrarlínu 2016-2017 á tískuvikunni í París sem endaði í gær. Athygli vöktu stórar og bosmamiklar úlpur sem Stella notar hvort sem er við kjóla, pils eða buxur. Öll fatalínan var í jarðbundnum litum, en þar mátti líka sjá koparlit, gull, silfur, fölbleikan, svartan, dimmgrænan, gráan, ferskjulit og gulan. Að þessu sinni var hvorki leður eða skinn í fatnaði Stellu en sjá mátti gallabuxnakjóla. Fötin náðu flest upp í háls, þykk og mikil. Stella, sem er vön að blanda saman lúxuslínu og sportlegum fatnaði, fór ekkert út fyrir þann ramma að þessu sinni. Kjólarnir voru síðir og langerma. Bert hold var ekki sjáanlegt á sýningu Stellu öfugt við marga karlkyns tískuhönnuði. Sjálf segist Stella hafa skoðað sögu kvenna aftur í tímann þegar hún fékk innblástur að haust- og vetrarlínunni. „Mér finnst ákveðinn töfraljómi yfir þessum gamla stíl þótt ég hafi gert hann nútímalegan,“ segir hún. Sýningin var vetrarleg, sagði blaðamaður Vogue og bætti við að konur þyrftu ekki að kvíða kulda í þessum fatnaði.

## BÍLAR & FARARTÆKI

**HÖFÐABÍLAR** ... þar sem bílar seljast



CHEVROLET Captiva. Árgerð 2014, ekinn 71 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Seljandi skoðar skipti á ódýrari. Verð 4.590.000. Rnr.110522.



BMW X5 X-drive. 3.0d. Árgerð 2012, ekinn 40 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Seljandi skoðar skipti á ódýrari. Verð 8.750.000. Rnr.210523.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27/ Dragháls megin, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

---

Stofnað 1974 **Bílamarkaðurinn**



RENAULT Clio expression. Árgerð 2014, ekinn 26 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2,190 þús. TILBOÐ 1.990 þús. Einn eigandi Rnr.108481. Bílamarkaðurinn s.567 1800



FORD Edge sel awd. Árgerð 2007, ekinn 129 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.190 þús.TILBOÐ 1,990 þús. Rnr.108437. Bílamarkaðurinn s.567 1800



VW Fox basicline. Árg. 2005, ek. 81 Þ.KM, bensín, bsk. Verð 690þús. . Rnr.108465. Bílamarkaðurinn s.567 1800

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

---

**BÍLAHÖLLIN S: 567-4949**



Jeep Grand Cherokee Summit Eco Diesel 4/2014 ek.23þús. Sjálfskiptur. Glerþak. Bakkmyndavél. Fjarlægðarskynjarar. Ásett verð 12.900.000.- Rnr.151445



Toyota Land Cruiser GX 150 5/2015 ek.33þús. Sjálfskiptur. Bakkmyndavél. Dráttarkrókur. Ásett verð 9.690.000.- Rnr.151461



Skoda Superb Ambition 4x4. 6/2013 ek.81þús. Sjálfskiptur. Ásett verð 4.290.000.- Rnr.311611

---

**BÍLAHÖLLIN S: 567-4949**



Honda CBR 600 RR 5/2008 ek.19þús. Þyngd 184kg. 120hestöfl. Hiti í handföngum. Möguleiki á allt að 100% láni. Ásett verð 790.000.-




VORTHEX heithúðun á allargerðir pallbíla og fleira upplýsingar í Bílaryðvörn sími 587-1390.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**


Barnaheill Save the Children á Íslandi

Vissir þú að... holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á


---

**bilfang.is S. 567 2000**



**NÝLEGIR OG ELDRI BÍLAR !**

Þekking, reynsla, þjónusta ! Verið velkomin !

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

**BRAUT BÍLASALA**



KIA Sorento ex luxury. Árgerð 2005, ekinn 146 Þ.KM dísel, sjálfskiptur. Verð 1.890.000. Rnr.101629.Braut bílasala vantar bíla á skrá frítt að skrá á bilabraut@bilabraut.is

**Braut Bílasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

---

**STÓRA BÍLASALAN**



**NÝIR BÍLAR!**

Toyota Yaris Hybrid. Árgerðir 2016. Sjálfsk. Eigum á lager bíla og á staðnum. Verð aðeins 2.890.000kr. Raðnr 135288. Sjá á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

**100bilar.is bílasala**



BMW 520 D M - Sport, 3/2014, ek 3 þús km, sjsk, dísel, ásett verð 7.990 þús, er á staðnum, raðnr 151958.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**





islandus.is

www.islandus.is — facebook.com/islandusbilar — Sími: 552 2000

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES-BENZ GLA 200 CDI 4matic. Árgerð 2014, ekinn 5 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.190.000. Rnr.991367.



Kia cee'd EX 1.6 sw. Árgerð 2014, ekinn 39 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.250.000. Rnr.240686. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



CHEVROLET Spark. Árgerð 2011, ekinn 60 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.190.000. Rnr.991698.

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



BMW X5 4,8i sport. Árgerð 2007, ekinn 128 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.290.000. Rnr.210656.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Citroen c4, árg. 2007. Ljósblár, sjálfskiptur. Ekinn 79.000 km. Tveir eigendur. Núverandi eigandi keypti hann í 16.000 km. Ný skoðaður. Tímareimasett fylgir, skipta á um í 120.000 km. Einnig geta fylgt með ný dekk og álfelgur 16 tommu. Verð má ræða. s. 8957199 Ómar



Ford Fiesta 2012 ekinn 24þús. beinskiptur. Litur vel út að innan og utan. Verð 1750 þús. Uppl. í s. 863-0105



Opel Vectra station sjálfskiftur 2,2 vél bensínek 180 þús dráttarbeysli góð vetrardekk nýsk innb sími toppbíll 770 þús 8927852

## 250-499 þús.



**SJÁLFSKIPTUR 4X4 SMÁJEPPI 320 ÞÚS.**

Suzuki Jimny 4x4 árg 2002 ek.152 þús, sjálfskiptur, þarfnast smá umhyggju, ásett verð 590 þús TILBOÐ 320 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955



**RAV4 TILBOÐ 390 ÞÚS**

Toyota Rav4 1,8 fwd ek.180 þús, beinskiptur, fínasti bíll með skoðun en þarf að fylgjast með olíu, ásett verð 590 þús TILBOÐ 390 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni i 36 man s.841 8955

## Bílar óskast

Óska eftir hondu crv árg 2012-2015 fjórhjóladrifnum diesel lítið eknum dráttarkúla æskileg staðgreiðsla í boði gsm 8245631

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alsgluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Hjólbarðar



**HJÓLBARÐAR OG FELGUR**

Pirelli P275/55R20 sportion ATR. 25% slitin. Continetal 205/60-R16H. Nýjar álfelgur 16 tommu 4 gata. s. 8957199 Ómar.

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Bílaleiga

**TIL SÖLU LÍTIL EN ÖRT VAXANDI BÍLALEIGA**

Möguleiki að kaupa bara reksturinn eða bílaflota með. Gott tækifæri að koma inn í vaxandi rekstur á ört vaxandi markaði. Auðveld kaup. S: 695-6037

# ÞJÓNUSTA

## Húsaviðhald

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

Spái í spil, tek fólk heim, spái einnig í gegnum síma. Tímap. í s. 445 8787. Geymið auglýsinguna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is








Znen QT32
Fjórgengis bensínvespa.
Hámarkshraði 25 km.
Litir: Svört/Rauð/Silfur.
**Verð 209.900,-**




Z-Tech Classic
Rafmagnsvespa.
Hámarkshraði 25 km.
Litir: Svört/Rauð/Hvít.
**Verð 149.900,-**




TDR KLX01c
Fjórgengis torfæruhjól.
Litur: Grænt og svart.
**Verð 179.900,-**

NITRO
Nítró sport / Kirkjulundi 17 / 210 Garðabæ / Sími 557 4848 / www.nitro.is

## Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta - Viðhald. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**

Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.

**Tímapantanir í síma 864-1273**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Von & Bjargir
Hjálparsamtök



Nytjamarkaðir
Grensásvegi 14, bakhúsi og Norðurbrún 2



Opið virka daga 11-18 og laugardaga 11-16

Viltu gefa eitthvað? ...við sækjum
Símar 662 7222 og 578 6262
Vefverslun: vonogbjargir.is

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
**STARFSMANNABÚSTAÐIR FYRIR VERKTAKA, LÁGMARKSALDUR 25 ÁRA.**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

## Sumarbústaðir



**STÓRT SUMARHÚS TIL LEIGU Í GRÍMSNESI!**

12 manns. Verð 40.000 þús kr. nóttin virka daga og 45 þús kr. nóttin um helgar til 15. maí, lágmark 2 nætur. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 & ktsumarhus@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.**

Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.

**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

BJÖRGUN

**TÆKJAMAÐUR ÓSKAST.**

Björgun ehf óskar eftir að ráða tækjamann á hjólaskóflu. Uppl. í síma 8435611

**DEVITOS PIZZA**

Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu og pizzabakara. Dagvinna, næturvinna og um helgar.

**Uppl. í s. 697 8434**

**LÍFTRYGGINGAUMBOÐ ÍSLANDS EHF.**

óskar eftir öflugum aðilum í símsölu á kvöldin. Tilvalið fyrir skólafólk og aðra sem vilja komast í vel launað hlutastarf.

**Upplýsingar í síma 571-5011 eða gegnum tölvupóstfangið magnus@kml.is**

Óskum eftir vönum málurum í vinnu. Reynsla af almennri málningarvinnu, ásamt sandspörslun æskileg. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. í s. 779 1070 Gísli og gisli@gaedamalverk.is

Vissir þú að... börn eiga rétt á vernd gegn klámi.
Barnaheill – Save the Children á Íslandi

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Er vandamál með neysluvatnið?**
Við ástandsskoðum, hreinsum og fóðrum neysluvatnslagnir.
HREINAR LAGNIR



Varanlega vörn gegn tæringu, ryðmyndun, stíflu og leka.
S: 519-6480
hreinarlagnir.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

EYJALIND — Yale People. Products. Productivity.
- Dísellyftarar
- Ramagnslyftarar
- Vöruhúsatæki
- Varahlutir



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

- Jarðvegsvinna
- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Húsarif
- Öll almenn verktakavinna

BROTAFL — STEINSÖGUN • BORUN • BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafl@simnet.is

**Iveco**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**VARAHLUTIR**
Iveco • Benz • Man • Renault
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**Eftirlitsmyndavél fyrir sumarbústaði og heimili.**
- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

**BLIKK**
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting
Heildsala • Smásala
Íshúsið ehf
Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist — Parketlagnir og viðhald

**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA**
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík

# Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## til sölu

**NOTAR FYRIRTÆKI ÞITT DIESEL OLÍU?**

**Höfum til sölu fullkomin framleiðslubúnað fyrir Bio-Diesel olíu. Framleiðslugeta um 6000 lítrar á sólarhring. Ótrúlega gott verð. Tilboð og ýmis skipti skoðuð.**

**Uppl. gefur Óskar Mikaelsson lögg. Fasteignasali Í síma 773-4700 oskar@atv.is**

Endalaust 365

ENDALAUS GSM

1817 | 365.is

365

## fasteignir

# Fléttuvellir 46



**OPIÐ HÚS Í DAG**

**fimmtudaginn 10.mars kl.17:30-18:00**



**Jason Kristinn Ólafsson**
aðstm. fasteignasala
sími: 775 1515
jassi@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali
sími: 569 7000
oskar@miklaborg.is

229 fm nýlegt einbýlishús á einni hæð í Hafnarfirði

Eignin skiptist í 4 svefnherbergi - stórar stofur og nýtt parket

Eldhús með vönduðum tækjum, fallegri innréttingu og marmara borðplötu

Stór bílskúr og þaðan innangengt á milli, Vönduð eign

Verð: **59,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Krókamýri - Garðabær - Einbýli



Hraunhamar fasteignasala kynnir mjög gott einbýli á tveimur hæðum ásamt sérstæðum bílskúr samtals um 208 fermetrar vel staðsett við Krókamýri 6 í Garðabæ. Eignin skiptist í forstofu, hol, gestasnyrtingu, stofu, borðstofu, herbergi, eldhús og þvottahús. Á efri hæð eru fjögur góð herbergi, sjónvarpshol,baðherbergi og geymsluloft. Sérstæður 28 fermetra bílskúr. **Verð 59,9 millj**

## Einivellir 7 - Hafnarfjörður 4ra með bílageymslu



Hraunhamar fasteignasala kynnir glæsilega 4ra herbergja íbúð með sér inngang 109,6 fm. á fyrstu hæð ásamt stæði í bílageymslu vel staðsett í Vallarhverfi í Hafnarfirði. Eignin skiptist í forstofu, gang, tvö barnaherbergi, hjónaherbergi, baðherbergi, stofu, borðstofu, eldhúsi, þvottahúsi og geymslu. **Verð 35.7 millj.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
**www.hagvangur.is**

# JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI
**534 1020**
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is



Bergsveinn Ólafsson | Sigurður J. Sigurðsson | Helgi Már Karlsson | Magnús Kristinsson | Ólafur Jóhannsson | Helgi Bjarnason



# TIL SÖLU / LEIGU

**Völuteigur 17, 270 Mosfellsbæ**
Iðnaðarhúsnæði
Stærð samtals 2.092,2 fm.

Húsnæðið skiptist í opinn vinnusal með mikilli loft-hæð ásamt um 740 fm. vörugeymslu með háum innkeyrsludyrum. Um 143 fm. skrifstofuaðstaða er á 2. hæð ásamt kaffistofu.

Gott malbikað athafnasvæði er við húsnæðið með góðri aðkomu s.s. fyrir stór tæki, bíla og gáma. Húsnæðið verður laust frá 1. október 2016.

Allar nánari upplýsingar veitir:



**Helgi Már Karlsson**
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*

**534 1024 / 897 7086**
**hmk@jofur.is**

## Ertu í sölu-, kaup- eða leiguhugleiðingum?

**Jöfur er sérhæfð leigumiðlun og fasteignasala með atvinnuhúsnæði.**

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!



**2999 kr. pk.**

Önd með hoisin & pönnukökum



15% afsláttur

**1099 kr. pk.**

Verð áður ~~1299~~ kr. pk.

Rifið grísakjöt



15% afsláttur

**1669 kr. pk.**

Verð áður ~~1969~~ kr. pk.

Rifið nautakjöt



**1198 kr. stk.**

Rizzo Primadonna, Toscana og Island 12" pizza



4x2 lítrar

## Freyju Rísegg og kippa af Kók

á meðan birgðir endast

**1399 kr.**

*4x2l af Coke eða Coke Light og 1xFreyju Rísegg nr.4



10% afsláttur

## Tilbúnir réttir

**881 kr. pk.**

Verð áður ~~979~~ kr. pk.

Holta Heimshorn; Argentína, Barbeue og Fajitas

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRÓNAN

## Lífrænt OG ódýrt




**149** kr. stk.
Kjúklingabaunir 420g




**499** kr. pk.
Graskersfræ 250g




**199** kr. pk.
Spaghetti heilhveiti 500g




**399** kr. kg
Haframjöl Gróft 1kg




**499** kr. kg
Hrísgrjón brún 1kg




**149** kr. stk.
Rauðar nýrnabaunir 420g




**149** kr. pk.
Hrískökur með salti 100g




**149** kr. stk.
Tómatar hakkaðir 400g




**489** kr. pk.
Múslí m/möndlum og ávöxtum 700g

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

TILBOÐIN GILDA TIL 13. MARS - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# Verkið mesta



Kristján Þór Sverrisson
kristniboði

Mannanna verk eru mörg og sum hver afar tilkomumikil. Hvernig er hægt annað en að fyllast lotningu og aðdáun þegar menn virða t.d. fyrir sér háhýsin á Manhattan, pýramídana í Egyptalandi, eða þotu taka á loft, og er það ekki stórkostlegt að geta ekið undir Hvalfjörðinn, og innan nokkurra ára til Vestmannaeyja? Við erum umkringd mannvirkjum og tækni sem eru afrakstur þrautseigju og hugarfars sem segir að við eigum aldrei að gefast upp heldur prófa okkur áfram og ekki sætta okkur við neitt annað en fullkomnun. Já, það er alveg óhætt að segja að það sé töggur í fólkinu sem byggir þessa jörð.

En hvert skyldi vera manna mesta einstaka verk? Kínamúrinn, pýramídana, fyrstu geimskutluna og margt fleira mætti sjálfsagt nefna sem hugsanleg svör; enda gríðarlegur fjöldi vinnustunda á bak við hvert þessara. Kannski þurfum við þó ekki að ferðast langa leið til að berja afrekið mikla augum. Líklegt er að það sé til heima hjá þér, uppi í hillu. Biblían. Bók bókanna. Þótt auðvitað verði aldrei allir sammála um svar við spurningunni þá finnst mér alls ekki fráleitt að tala um Biblíuna sem mannanna mesta verk. Hugsaðu þér hve mikil vinna liggur að baki þessari bók sem til er á flestum heimilum. Öld eftir öld, ritun, varðveisla, skýringarvinna, þýðingar, prentun, útgáfa og dreifing. Í helli, í tjaldi, undir berum himni, í klaustri, í fjósi við kertaljós eða við blámann af tölvuskjáum samtímans. Þeir skipta þúsundum og aftur þúsundum sem hafa helgað starfsævi sína alla Biblíunni. Hún hefur verið þýdd að hluta eða í heild á tæp 3.000 tungumál og fjöldi seldra og gefinna eintaka er mörgum sinnum meiri en það sem næst kemur.

**Einstök varðveisla**

Þegar Ísraelsmenn afrituðu texta Gamla testamentisins á skinn eða pappírsarkir þá var reglan sú að ef ein lítil villa, t.d. stafsetningarvilla, fannst þá var öllu kastað í eld. Fullkomið skyldi það vera! Oft heyrast þær raddir að textum Biblíunnar hafi valdamenn í gegnum tíðina breytt að eigin geðþótta. Þetta er einfaldlega ekki rétt. Rannsóknir ritskýrenda, fornleifafræðinga og fleiri eru flestar á einu máli um einstaka varðveislu upprunalegu textanna. Það skeikar í raun engu á því sem við lesum í dag og því sem ritað var fyrir t.d. 2.800 árum. Skálholtsútgáfan gaf nýverið út bókina „Stóra púsluspilið“ eftir Hans Johan Sagrusten. Hún fjallar um leitina að elstu handritum Biblíunnar og veitir skýra sýn á varðveislu textanna og hvað handritafundir hafa leitt í ljós.

Biblían er miklu meira en mannanna verk. Ritningar hennar eru innblásnar af heilögum anda. Hún hefur að geyma orð Guðs til okkar allra. Sá sem lýkur Biblíunni upp í auðmýkt og leyfir henni að tala inn í líf sitt mun sjá að orð hennar er lifandi. Biblían getur veitt syrgjandi huggun, hikandi hvatningu og ráðvilltum leiðsögn. Sú speki sem er að finna í Orðskviðunum á jafn mikið erindi við fólk í dag og fyrir þrjú þúsund árum. Sjálfur byrjaði ég að lesa í Biblíunni fyrir 18 árum, þá með það fyrir augum að finna í henni ósamræmi, villur og neikvæðan boðskap. En það sem gerðist var að orð hennar rifu mig upp á hnakkadrambinu og sýndu mér öll mín brot og bresti. Mér leið illa. En ég hélt áfram að lesa og var þá leiddur að vötnum þar sem ég fékk næði og mér sagt að óttast ekki. Áfram las ég og allt í einu sá ég Jesú. Ég spurði hann: „Er það satt sem stendur hér um þig? Ertu raunverulegur?“ Jesús svaraði: „Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið. Enginn kemur til föðurins nema fyrir mig.“

**Sá sem lýkur Biblíunni upp í auðmýkt og leyfir henni að tala inn í líf sitt mun sjá að orð hennar er lifandi.**

CLINIQUE

Clinique dagar í Apótekinu Garðatorgi fimmtudag og föstudag.

20% afsláttur af Clinique vörum fimmtudag og föstudag.

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 6.900,- kr. eða meira*

**Kaupaukinn inniheldur:**
Liquid facial soap
All about eyes
Superdefence SPF 20
High impact mascara
Pop lip colour + primer

*á meðan birgðir endast.




**Nýtt**

Clinique Smart Treatment Oil

Létt andlitsolía sem inniheldur þrefalda blöndu andoxunarefna, mýkir og eflir getu húðarinnar til viðgerða. Styrkir rakahlíf húðarinnar. Gerir við þar sem þurfa þykir og þegar þörfin er.

CLINIQUE
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust

Sérfræðingur frá Clinique verður í Apótekinu Garðatorgi fimmtudag og föstudag

Apótekið – einfalt og ódýrt

Endalaust 365

NET
1.000 KR.*
ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN

* Fylgir með völdum tilboðspökkum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is

1817 | 365.is



Ingimar Bjarni Sverrisson sér um sölu fótboltamyndanna fyrir Nexus en í fyrsta sinn er hægt að fá strákana okkar á myndum í tengslum við stórmót. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# „Ég fékk Kára“

**Íslensku landsliðsmennirnir í fótbolta eru fáanlegir á fótboltamyndum sem eru komnar út fyrir Evrópumótið. Eiður Smári sjaldgæfastur og bara í glans.**

**FÓTBOLTI** „Þetta er aðeins frábrugðið því sem við erum vanir að selja, en okkur langaði að prófa þetta,“ segir Ingimar Bjarni Sverrisson, sölumaður hjá Nexus í Nóatúni, um EM-fótboltamyndirnar sem lentu hér á landi í síðustu viku. Ingimar sér um sölu á myndunum fyrir Nexus.

„Það er farinn hálfur kassi síðan þær komu en það eru nú alveg fjórir mánuðir í mót þannig að ég býst við að salan aukist eftir því sem nær dregur,“ segir Ingimar.

Alls eru 32 íslenskar myndir í boði. Þrettán af strákunum okkar fá hefðbundnar myndir af sér en auk þess verður svo hægt að fá merki íslenska liðsins, byrjunarliðið allt á einu spjaldi, svokallað „passion-pride“-spjald og tvö söguspjöld.

Auk þess verða fjórtán sjaldgæfari spjöld þar sem hægt verður að fá myndir af þjálfurunum Lars Lagerbäck og Heimi Hallgrímssyni.

„Eiður Smári verður held ég mjög líklega bara svona súper spjald og líklega bara til í glans,“ segir Ingimar Bjarni. Markahæsti leikmaður landsliðsins frá upphafi verður því næstum ófáanlegur.

Til að auka líkurnar á að sem flestir fái íslenska leikmenn í pökkunum pantaði Nexus úr Norðurlandasettinu þar sem vægi leikmanna frá Norðurlöndum á að vera meira. Gylfi Þór Sigurðsson er meira að segja framan á fjölmörgum pökkunum sem eru til sölu í Nexus.

Ingimar var aðeins búinn að fá Kolbein Sigþórsson í þeim pökkum sem hann var búinn að opna en bauð blaðamanni og ljósmyndara Fréttablaðsins að opna nokkra. Það þurfti ekki að bjóða þeim það tvisvar. Ingimar stóðst ekki mátið sjálfur og opnaði nokkra með og datt í lukkupottinn. „Ég fékk Kára,“ sagði hann og sýndi mynd af miðverðinum öfluga.

Ljósmyndari Fréttablaðsins greip í tómt í þeim þremur pökkum sem hann opnaði en blaðamaður fékk hinn miðvörðinn, Ragnar Sigurðsson, í pakka númer tvö. Undirritaður er kominn á fertugsaldur (vá, þetta var erfitt að skrifa) en það skiptir engu máli. Það er alltaf jafn gaman að opna íþróttamyndapakka. Eftirvæntingin er alltaf sú sama. **tomas@365.is**






## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**

**Zenit - Benfica 1-2**
1-0 Hulk (69.), 1-1 Nicolas Gaitan (85.), 1-2
*Benfica fór áfram, 1-2, samanlagt.*

**Chelsea - PSG 1-2**
0-1 Adrien Rabiot (16.), 1-1 Diego Costa (27.), 1-2 Zlatan Ibrahimovic (67.).
*PSG fór áfram, 2-4, samanlagt.*

**Domino's-deild kvenna**

**Hamar - Grindavík 72-80**
**Hamar**: Alexandra Ford 34/11 fráköst, Íris Ásgeirsdóttir 15/9 fráköst/5 stoðsendingar. **Grindavík**: Whitney Michelle Frazier 24/14 fráköst, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 18/10..

**Stjarnan - Keflavík 63-80**
**Stjarnan**: Bryndís Hanna Hreinsdóttir 20, Hafrún Hálfdánardóttir 14/9 fráköst,. **Keflavík**: Emelía Ósk Gunnarsdóttir 26/7 fráköst, Melissa Zornig 15.

| Efst | |
|---|---|
| Snæfell | 36 |
| Haukar | 36 |
| Valur | 22 |
| Keflavík | 20 |

**Olís-deild karla**

**Haukar - FH 26-26**
**Haukar**: Hákon Daði Styrmisson 8/5 (9/5), Heimir Óli Heimisson 5 (6), Janus Daði Smárason 5 (11), Brynjólfur Snær Brynjólfsson 3 (5).
**FH**: Einar Rafn Eiðsson 7/4 (15/4), Ásbjörn Friðriksson 5 (14), Ágúst Birgisson 3 (4), Halldór Ingi Jónasson 3 (4), Gísli Þorgeir Kristjánsson 3 (5), Andri Berg Haraldsson 2 (3).

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 39 | Grótta | 21 |
| Valur | 32 | FH | 21 |
| Afturelding | 24 | Akureyri | 20 |
| ÍBV | 23 | ÍR | 14 |
| Fram | 22 | Víkingur | 8 |

RISASLAGUR Í KVÖLD
**Sextán liða úrslitin í Evrópudeild UEFA hefjast í kvöld og stórleikur kvöldsins er viðureign ensku liðanna Liverpool og Man. Utd.**



Þetta eru fyrri leikur liðanna en leikurinn hefst klukkan 20.05.

Klukkan 18.00 fer einnig fram flott rimma er Dortmund tekur á móti Tottenham. Birkir Bjarnason verður í eldlínunni með Basel sem fær Sevilla í heimsókn.

## Í dag

| | |
|---|---|
| 17.55 Basel - Sevilla | Sport 3 |
| 17.55 Dortmund - Spurs | Sport 2 |
| 19.00 Stjarnan - Keflavík | Sport 4 |
| 19.00 Meistarad. í hestaíþ. | Sport |
| 20.00 Liverpool - Man. Utd | Sport 2 |
| 20.00 Villarreal - Leverkus. | Sport 3 |
| 20.00 Valspar Championsh. | Golfst. |

**Dominos-deild karla**
18.00 Haukar - Höttur
18.00 Þór - Snæfell
18.00 Stjarnan - Keflavík
18.00 ÍR - KR
18.00 FSu - Tindastóll
18.00 Grindavík - Njarðvík

**Olís-deild karla**
18.00 Fram - ÍR
18.00 Afturelding - Valur
18.00 ÍBV - Grótta

# Lagersala

## Ormsson og Samsungsetursins

# 20-70%

## Síðumúla 9

**Gengið inn úr porti**




**Opnunartími kl. 13-18 virka daga og laugardag kl. 12-16**

ÞVOTTAVÉLAR - MYNDAVÉLAR - HLJÓMTÆKI - SJÓNVARPSVEGGFESTINGAR
POTTAR OG PÖNNUR - SPORTMYNDAVÉLAR - SPJALDTÖLVUR - HEYRNARTÓL - SJÓNAUKAR
SMÁTÆKI BÚSÁHÖLD - ÚTVÖRP - TÖLVUTÖSKUR - FLAKKARAR - BRENNSLUDISKAR
LJÓSMYNDAPAPPÍR - FARSÍMAHULSTUR - BLU-RAY HEIMABÍÓ - BLANDARAR - 3DS LEIKIR
STÝRIPINNAR - REIKNIVÉLAR - TÖLVUMÝS - LYKLABORÐ - BLUETOOTH HÁTALARAR
BASSABÍLKEILUR - SJÓNVÖRP - ÍSSKÁPAR - VEFMYNDAVÉLAR - SOUNDBAR - DJ STJÓRNBORÐ
MÍKRAFÓNAR - LEIKJASTÝRI - NETBÚNAÐUR OG SVO MIKLU MEIRA.

SAMSUNG · Pioneer · Tefal
hama · brabantia · Verbatim · bodum
OLYMPUS · veho · OBH NORDICA · CELESTRON

## Gerið góð kaup á góðri vöru

SAMSUNG SETRIÐ · ORMSSON



# Viðbúinn hverju sem er

Keflvíkingurinn Magnús Þór Gunnarsson steig fram í opinskáu viðtali á Vísi síðastliðið sumar þar sem hann lýsti harkalegri framkomu stuðningsmanna Stjörnunnar í sinn garð. Hann mætir aftur í Garðabæinn í kvöld í fyrsta sinn eftir viðtalið.

Magnús Þór Gunnarsson er vanur því að heyra ýmislegt frá áhorfendum. Hann brotnaði niður eftir særandi orð áhorfenda í hans garð í upphitun fyrir leik gegn Stjörnunni árið 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**KÖRFUBOLTI** Í kvöld fer fram lokaumferð í deildarkeppni Domino's-deildar karla og ræðst þá hvaða átta lið komast í úrslitakeppnina og hvaða lið mætast í fyrstu umferð hennar.

Ein stærsta spurningin fyrir leiki kvöldsins er hvort Keflavík eða Stjarnan nái öðru sæti deildarinnar en liðin mætast í Ásgarði í Garðabæ í kvöld í hreinum úrslitaleik um annað sætið og heimavallarrétt í að minnsta kosti 8-liða úrslitum og undanúrslitum, fari liðið langt í úrslitakeppninni.

Leikurinn er einnig áhugaverður fyrir þær sakir að þetta er í fyrsta sinn sem Keflvíkingurinn Magnús Þór Gunnarsson mætir Stjörnunni í Ásgarði eftir að hann veitti Vísi viðtal síðastliðið sumar um afdrifaríkan atburð sem átti sér stað fyrir leik liðanna þar í úrslitakeppninni vorið 2012.

## Brotnaði niður í klefanum

Í viðtalinu lýsti Magnús því hvernig stuðningsmenn Stjörnunnar lásu honum pistilinn þegar hann var að teygja fyrir leik. „Þetta voru öll verstu orð sem maður hafði heyrt lengi. Það er hvorki hægt að skrifa né segja hvað þeir sögðu,“ sagði Magnús í viðtalinu þá.

Í búningsklefanum rétt fyrir leik brotnaði Magnús niður. Það hafði áhrif á frammistöðu hans í leiknum og raunar í öllum leikjum hans gegn Stjörnunni eftir það. Þetta hafði einnig áhrif á líf hans utan vallar og fann Magnús bæði fyrir þunglyndi og kvíða næstu árin.

## Létt mikið á mér

„Ég fékk mjög sterk viðbrögð við viðtalinu og sjálfum leið mér vel eftir það. Ég var mjög ánægður með að hafa gert þetta,“ sagði Magnús Þór í samtali við Fréttablaðið í gær. Honum var létt eftir viðtalið. „Mér finnst að hellingur hafi farið af öxlunum og bakinu.“

Hann viðurkennir fúslega að hann sé taugaóstyrkur fyrir leikinn í Ásgarði á morgun vegna þess sem á undan er gengið. „Ég væri að ljúga ef ég segði að ég væri ekki pínu stressaður. En ég ætla að nota þetta jákvætt og hlakka mikið til að spila í Ásgarði aftur.“

> Ég væri að ljúga ef ég segði að ég væri ekki pínu stressaður. En ég ætla að nota þetta jákvætt og ég hlakka mikið til að spila í Ásgarði aftur.
>
> Magnús Þór Gunnarsson, leikmaður Keflavíkur

Magnús Þór hefur lítið heyrt í Stjörnumönnum út af þessu máli og veit ekki við hverju hann á að búast í kvöld. „Ég er viðbúinn hverju sem er. Ég bý mig alltaf undir það í leikjum að fá hitt og þetta á mig. Þessi leikur verður ekkert öðruvísi að því leyti þó svo að það sé mikill spenningur fyrir honum.“

## Æðislegt að vera kominn heim

Hann telur að viðtalið hafi ekki breytt áliti manna á honum þó svo að hann segist finna fyrir ögn meiri virðingu í sinn garð. En sjálfum líður honum vel, ekki síst með að vera kominn aftur heim í Keflavík eftir stutt stopp í bæði Grindavík og Skallagrími.

„Það er bara æðislegt að vera kominn aftur heim og að spila í mínu liði. Þessi vetur er líka eins og við ætluðum að hafa hann. Við erum á góðum stað í deildinni og tilhlökkunin mikil fyrir úrslitakeppninni.“

Keflavík var á toppnum framan af vetri en hefur gefið eftir síðustu vikurnar. Engum dylst mikilvægi leiksins í kvöld og Magnús segist líta á hann eins og bikarúrslitaleik. En hann hefur engar áhyggjur af stöðu Keflavíkurliðsins.

„Öll lið hafa dalað á tímabilinu og nú kom að okkur. Fólk er því að gera svolítið mikið úr þessu finnst mér. Við ætluðum aldrei að fara í gegnum heilt tímabil og vinna alla leiki.“

Leikurinn hefst klukkan 19.15 og verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. eirikur@frettabladid.is

## Hvað er í húfi í kvöld?



Auk rimmu Stjörnunnar og Keflavíkur um annað sæti deildarinnar kemur í ljós í kvöld hvort Snæfell eða Grindavík verður síðasta liðið inn í úrslitakeppnina.

Bæði lið eru með sextán stig en ef liðin verða jöfn að stigum eftir leikina í kvöld mun Snæfell fara áfram þar sem að liðið vann báða leiki sína gegn Grindavík í vetur.

Snæfellingar leika gegn sterku liði Þórs í Þorlákshöfn en Grindvíkingar taka á móti Njarðvík á heimavelli. Öruggt er að Njarðvík endar í sjöunda sæti deildarinnar og hefur liðið því ekki að neinu að keppa. Þór og Tindastóll eru jöfn að stigum í 5. og 6. sæti og skipta því leikir liðanna í kvöld miklu. Stólarnir mæta FSu á útivelli, en FSu og Höttur eru bæði fallin.

# Við erum öll mjög meðvituð um mikilvægi leiksins

**HANDBOLTI** Stelpurnar okkar í kvennalandsliðinu í handbolta mæta Sviss ytra á morgun í þriðja leik liðsins í undankeppni EM 2016 sem fram fer í Svíþjóð í desember. Íslensku stelpurnar eru með bakið upp við vegg eftir töp gegn Frökkum og Þjóðverjum í fyrstu tveimur leikjunum, en vinni Ísland ekki Sviss úti á morgun og heima á sunnudaginn getur liðið sama og kvatt þriðja sætið. Þriðja sætið í einum riðli af sjö gefur sæti á Evrópumótinu sjálfu.

„Við erum meðvituð um mikilvægi leiksins en við reynum að einbeita okkur að undirbúningi fyrir þennan leik á morgun [í dag],“ segir Ágúst Þór Jóhannsson, landsliðsþjálfari, í viðtali við Fréttablaðið.

Þjálfarinn segir að æfingar hafi gengið vel síðan liðið mætti til Sviss á mánudaginn. Hann finni fyrir miklu meiri stígandi á æfingum stelpnanna.

„Við þurfum að taka þetta með okkur inn í leikinn og spila ákafan og þéttan varnarleik. Það eru alltaf okkar grunnstoðir. Við þurfum svo að ná upp öguðum og góðum sóknarleik, halda góðu flæði og fá einhverjar opnanir,“ segir Ágúst.

Ísland og Sviss þekkjast vel en á síðasta ári mættust þau þrisvar sinnum í æfingaleikjatörn ytra.

„Svissneska liðið er mjög svipað núna. Það spilar aggressíva 3-3-vörn og er með líkamlega sterka



Ágúst og stelpurnar okkar þurfa tvo sigra gegn Sviss. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

leikmenn. Þær eru hreyfanlegar og vinna vel án bolta í sókninni. Við verðum að skila okkur vel til baka og passa öfluga skyttu hjá þeim og línumann sem er mjög góður,“ segir Ágúst.

Svissneska liðið fékk einnig skelli gegn Frakklandi og Þýskalandi, en Ísland og Sviss eru álíka sterk. Fjögur stig verða að nást í þessum tveimur leikjum gegn Sviss og hefst baráttan ytra á morgun.

„Við erum að undirbúa okkur fyrir hnífjafna leiki. Við það miðast okkar undirbúningur. Við vitum alveg að við þurfum að vinna en við einbeitum okkur bara að því að vera tilbúin í þennan leik,“ segir Ágúst Þór Jóhannsson. tomas@365.is

# BÓNUS

## skilar til viðskiptavina

### ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á kjúklingakvóta til innflutnings á kjúklingakjöti*

**270 kr.** verðlækkun




**1.279** kr. 900 g

**Euro Shopper Kjúklingabringur**
Frosnar, 900 g - Verð áður 1549 kr.

TAKMARKAÐ MAGN
FYRSTI SKAMMTUR 55.000 POKAR

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

*Sjá dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 317/2015 frá 21. janúar 2016



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir og afi,

**Hreinn Eyjólfsson**

lést á Borgarspítalanum í Reykjavík.
Útförin fer fram frá Breiðholtskirkju
föstudaginn 11. mars 2016 kl. 15.00.

**Þrúður S. Ingvarsdóttir**
**Reynir S. Hreinsson** **Nína Björg Vilhelmsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,

**Helga Sigurjónssonar**

fyrrum bónda,
Torfum, Eyjafjarðarsveit.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Furuhlíðar fyrir einstaka alúð og umönnun.

**Sigríður Ketilsdóttir**
**Smári Helgason** **Anna Jóhannesdóttir**
**Ketill Helgason** **Anna Gunnbjörnsdóttir**
**Sigurjón Helgason** **Sólrún Sveinbergsdóttir**
**Níels Helgason** **Sveinbjörg Helgadóttir**
**Jónína Helgadóttir** **Kristján Gunnþórsson**
**Guðjón Þór Helgason** **Erla Halls**
**Regína Helgadóttir**
**Gunnhildur Helgadóttir**
**afabörn, langafabörn og langalangafabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ragnheiður Gísladóttir**

Álmskógum 1, Akranesi,

andaðist fimmtudaginn 3. mars á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi. Útför hennar verður gerð frá Akraneskirkju föstudaginn 11. mars kl. 14. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjúkrahús Akraness.

**Gísli Runólfsson** **Inga Ósk Jónsdóttir**
**Sigurveig Runólfsdóttir** **Kristján Guðmundsson**
**Sigurjón Runólfsson** **Brynja Guðmundsdóttir**
**Runólfur Runólfsson** **Margrét Þóra Jónsdóttir**
**Ragnheiður Runólfsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



✝

Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Stefán Egill Þorvarðarson**

frá Söndum í Miðfirði,
Hamrabergi 24, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 3. mars. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 11. mars kl. 13.

**Sigríður Eggertsdóttir**
**Kristín Stefánsdóttir**
**Steindór Ingi Kjellberg**
**Erla Björk Stefánsdóttir**
**Sólrún Margrét Stefánsdóttir**
**Stefán Gunnar Stefánsson**
**Aldís Inga Stefánsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Okkar ástkæri maður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Magnús Ragnar Gíslason**

fv. yfirtannlæknir,

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 2. mars.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 11. mars kl. 15.

**Gyða Stefánsdóttir**
**Jóhann Þór Magnússon** **Lilja Jóhannsdóttir**
**Sigríður Dóra Magnúsdóttir** **Björgvin Jónsson**
**Gylfi Magnússon** **Hrafnhildur Stefánsdóttir**
**afabörn og langafabarn.**

---



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar og tengdamóðir,

**Sigríður Garðarsdóttir**

verslunarstjóri,
Búhamri 34, Vestmannaeyjum,

lést á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja þann 8. mars. Útför hennar fer fram frá Landakirkju, Vestmannaeyjum, laugardaginn 19. mars kl. 14.00. Innilegar þakkir til starfsfólks 11-E Landspítala og starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja.

**Hjalti Hávarðsson**
**Hávarður Þór Hjaltason** **Alina Marin Hjaltason**
**Erna Dögg Hjaltadóttir** **Unnar Óli Ólafsson**
**Breki Örn Hjaltason** **Amalia Duffield**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Rósa Einarsdóttir**

Þverholti 26, Reykjavík,

andaðist aðfaranótt laugardagsins 5. mars á Landspítalanum við Hringbraut. Útför hennar verður gerð frá Fossvogskirkju föstudaginn 11. mars kl. 15.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á MND félagið.

**Kolbrún Hauksdóttir**
**Auður Hauksdóttir** **Eiríkur Þór Magnússon**
**Unnur Berglind Hauksdóttir** **Ólafur Jón Daníelsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Steinþór Jóhannsson**

frá Kirkjubæjarklaustri á Síðu,
síðar til heimilis að Blásölum 24,
Kópavogi,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund síðastliðinn föstudag, 4. mars.
Útförin fer fram laugardaginn 12. mars kl. 13.00 frá Prestbakkakirkju á Síðu.

**Margrét Ísleifsdóttir**
**Árni Jóhann Steinþórsson** **Hulda Jónasdóttir**
**Sólborg Lilja Steinþórsdóttir** **Tryggvi Þórhallsson**
**Sif Steinþórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jakob H.D. Heinesen**

Ljósabergi 2, Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum þann 29. febrúar. Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Matthildur Ágústsdóttir**
**Hafdís Jakobsdóttir** **Brynjar Lúðvíksson**
**Hafþór Jakobsson** **Sigríður Hálfdánardóttir**
**Sonja Jakobsdóttir** **Ólafur Guðmundsson**
**Brynhildur Jakobsdóttir** **Úlfar Ormarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur, bróðir og fósturbróðir,

**Jörundur Traustason**

Suðurbyggð 14, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 5. mars. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju 14. mars kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Heimahlynningu Akureyrar og lyfjadeild Sjúkrahússins á Akureyri.

**Ingveldur Jóhannesdóttir**
**Harpa Jörundardóttir**
**Trausti Jörundarson** **Fanney Kristinsdóttir**
**Sigríður Jörundardóttir**
**Ásdís Ólafsdóttir**
**barnabörn, systkini og fóstursystir.**

---

ÞETTA GERÐIST 10. MARS 1969

## James Earl Ray dæmdur í fangelsi

Þennan dag árið 1969 var James Earl Ray dæmdur í 99 ára fangelsi fyrir morðið á mannréttindafrömuðinum Martin Luther King. Fyrir kaldhæðni örlaganna var Ray dæmdur á afmælisdaginn sinn.

Hinn 4. apríl árið 1968 var Martin Luther King skotinn úr leyni þar sem hann stóð á hótelsvölum á annarri hæð. Hann lést síðar af sárum sínum. Um kvöldið fannst Remington-veiðiriffill skammt frá vettvangnum. Framburður sjónarvotta og fingraför á rifflinum beindu grunsemdum að smáglæpamanninum James Earl Ray sem hafði þar að auki strokið úr fangelsi.

Alríkislögreglan hóf umfangsmikla leit að Ray í maí og komst að því að hann hafði komist yfir landamærin til Kanada. Hinn 8. júní handtók Scotland Yard Ray á flugvelli í London, þaðan ætlaði hann að fljúga til Belgíu og síðan áleiðis til Ródesíu. Ray var framseldur til Bandaríkjanna, gekkst við morðinu á Martin Luther King og komst með því undan dauðarefsingu.



Þremur dögum síðar reyndi Ray að draga játningu sína til baka og sagðist vera leppur í viðamiklu samsæri. Rétturinn tók þetta ekki trúanlegt og neitaði að taka málið upp aftur. Án árangurs reyndi Ray ítrekað að fá málið tekið upp aftur næstu áratugi.

Á tíunda áratugnum talaði fjölskylda Martins Luthers King máli James Earl Ray og sagði hann saklausan, en bandarísk yfirvöld væru hugsanlega flækt í morðið. Það hefur þó verið rannsakað nokkrum sinnum síðan 1968 og niðurstaðan ávallt verið sú að James Earl Ray hafi skotið hann. Ekki er þó útilokað að fleiri hafi verið með í ráðum. James Earl Ray lést í fangelsi árið 1998.

---



✝

Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Páll Guðmundsson**

skipstjóri,
Lækjasmára 6, Kópavogi,

lést mánudaginn 7. mars.

**Svana Svanþórsdóttir**
**Sigríður Pálsdóttir** **Helgi Þórisson**
**Einar Pálsson** **Linda Friðriksdóttir**
**Kristbjörn Rafnsson**
**Guðmundur Pétur Pálsson** **Ingibjörg Bernhöft**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Skarphéðinn Guðmundsson**

Mánatúni 2,

lést sunnudaginn 21. febrúar sl. á Droplaugarstöðum. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Guðbjörg Lára Axelsdóttir**
**Elín Skarphéðinsdóttir** **Steinþór Hreinsson**
**Erla Inga Skarphéðinsdóttir** **Helgi Valur Helgason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Magnús Guðmundsson**

Kvígindisfelli, Tálknafirði,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar þann 1. mars, verður jarðsunginn frá Tálknafjarðarkirkju laugardaginn 12. mars kl. 14.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Vilborg Jónatansdóttir**

frá Nípá, síðast til heimilis
á Dalbraut 27, Reykjavík,

er látin. Útför fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 11. mars kl. 13.00.

**Finnur Jón Nikulásson** **Edda Björk Þorvaldsdóttir**
**Gunnar Magnús Nikulásson**
**Anna Nikulásdóttir** **Jóhann Filippusson**
**Kristján Nikulásson** **Katrín Guðlaugsdóttir**
**og barnabörn.**

# FERMINGAR VEISLA

## ALLAR FLOTTUSTU GRÆJURNAR Í TÖLVUTEK:)

MEÐ Í FERÐALAGIÐ
SPILAÐU TÓNLIST EÐA SYNGDU MEÐ Í ALLT AÐ 50 TÍMA MEÐ INNBYGGÐRI RAFHLÖÐU

### FIËSTABT
**ÞRÁÐLAUST PARTÝ HLJÓÐKERFI**

Ótrúlega kraftmikill og bráðskemmtilegur bluetooth ferðahátalari með hljóðnema og hólfi fyrir snjalltækið. Hentar einstaklega vel fyrir útileguna og partýin.

- Kraftmikill og hljómgóður 40W hátalari
- Innbyggð endurhlaðanleg rafhlaða
- Allt að 50 tíma spilun möguleg á hleðslu
- Allt að 10 metra drægni á bluetooth
- USB port til að hlaða öll helstu snjalltæki
- 1x input fyrir hljóðnema og 1x AUX input
- Hljóðnemi fylgir fyrir söngelska
- Allt að 5 tíma spilun á 100% hljóðstyrk

VINNUR ÞÚ FIËSTA GO HLJÓÐKERFI
HEPPINN FACEBOOK VINUR VINNUR FIËSTA GO FRÁ TRUST

EXPRESS YOURSELF

**19.900**
ALVÖRU PARTÝ GRÆJA;)

XL2411Z

144Hz
24" 144Hz 3D SKJÁR ALGJÖRLEGA NÝ UPPLIFUN!

100% KEPPNIS
ALVÖRU LEIKJA GRÆJA:)

### 24"3DLED
**144Hz LEIKJASKJÁR**

- Sérhannaður 144Hz 3D LED leikjaskjár
- 24" LED FULL HD 1080p 16:9 skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 1ms viðbragðstími og FPS mode f/leiki
- HDMI 1.4, DVI-DL og VGA tengi
- Forstillingar fyrir helstu leiki, CS:GO ofl.
- Black eQualizer skilar hárbeittri sýn!

**49.900**
27" 99.900 | 27" QHD 129.900

100% KEPPNIS
ALVÖRU LEIKJA GRÆJA:)

HÁRNÁKVÆM
EINN NÁKVÆMASTI OPTICAL SENSOR SEM VÖL ER Á!

### EC1-A
**ZOWIE BY BENQ**

- Zowie leikjamús fyrir atvinnuspilara
- ADNS 3310 LED Optical sensor
- Einstaklega falleg ergonómísk hönnun
- Þarf engan hugbúnað til að stilla mús
- 5 forritanlegir Macro hnappar
- Stillanlegt dpi 400 ~ 3200
- Fullkomin lift-off fjarlægð og Claw grip

**14.900**
NÝ KYNSLÓÐ VAR AÐ LENDA:)

### GXT363
**7.1 HLJÓÐKERFI**

- Frábær 7.1 leikjaheyrnartól með mic
- Nötrandi bassi fyrir leikina og tónlistina
- Öflugur 50mm vibration búnaður
- Kristaltær hljómur og vandaður mic
- Vönduð vafin Anti-tangle USB snúra
- Allar stillingar á upplýstri fjarstýringu
- LED blá lýsing á hliðum og hljóðnema

**14.900**
POTTÞÉTT Í LEIKINA!

### GIGABYTE
**GAMING TÖLVUTILBOÐ 2**

- Thermaltake H25 Window leikjaturn
- Intel Core i5-6400 Quad 3.3GHz Turbo
- GIGABYTE Skylake B150 móðurborð
- 8GB DUAL DDR4 2400MHz minni
- 256GB SSD M.2 PCIe SP900 diskur
- 2GB GTX960 OC öflugt leikjaskjákort
- USB 3.1 Type-C & Type-A og M.2 tengi
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!

**179.900**
VINSÆLASTI LEIKJATURNINN OKKAR

1920x1080 FHD
COLORBLAST SKJÁR MEÐ BLUELIGHT SHIELD!

NÝ VAR AÐ LENDA!

BAKLÝST LYKLABORÐ FULLRI STÆRÐ

53YY

### V3-575G
**NÝJASTA KYNSLÓÐ FARTÖLVA**

Lúxuslína Acer með Intel Skylake, Nano skornu álbaki, baklýstu lyklaborði, öflugra þráðlausu neti og Dolby Digital Plus Home Theater hljóðkerfi.

- Intel Core i5-6200U 2.8GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD ofur hraður 510MB/s diskur
- 15.6" FHD LED ColorBlast 1920x1080
- 2GB GeForce GT 940M leikjaskjákort
- 2.0 Dolby Digital Plus hágæða hljóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

**149.900**
NÝ LÚXUS KYNSLÓÐ;)

ALVÖRU GALLABUXNA EFNI ;)
VERÐ FRÁ **2.990**
**SPJALDTÖLVUHLÍF**

CRUZ BAKPOKI
Fartölvubakpoki með plássi fyrir allt aukadótið :)
3 LITIR
CRUZ 16" **7.990**
**FARTÖLVUBAKPOKI**

LES ÍSLENSKAR RAFBÆKUR
KOBO GLO HD
EIN FLOTTASTA LESTÖLVA Í HEIMI MEÐ UPPLÝSTUM 6" E-INK HD SNERTISKJÁ, WIFI OG GEYMSLUPLÁSSI FYRIR ÞÚSUNDIR BÓKA
6" KOBO **29.900**
**FRÁBÆR LESTÖLVA!**

7.9" RETINA
SNERTISKJÁR MEÐ 2048X1536 UPPLAUSN
16GB WIFI **44.900**
**16GB iPad mini 2**

* GILDIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ALLT AÐ 10KG • EF PANTAÐ ER FYRIR KL. 15:00;)

**OPNUNARTÍMAR**
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

HRAÐSENDUM* 500KR ALLAR VÖRUR HEIM SAMDÆGURS*

acer Lenovo hp KOSS BenQ THONET & VANDER Microsoft intel Security

10. Mars 2016 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabreng

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Suðaustan hvassviðri og jafnvel stormur á stöku stað, slydda eða rigning og hiti 0 til 7 stig, en suðvestlægari með éljum um og eftir hádegi og kólnar, fyrst vestan til.

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 1° | -1° | -1° |
| 15 | 21 | 16 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 0° | 1° | -4° |
| 15 | 6 | 18 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 0° | 2° |
| 15 | 13 | 9 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 5° | 4° | 1° |
| 16 | 14 | 20 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. skarð
6. fisk
8. líkamspartur
9. kóf
11. ónefndur
12. smápeningar
14. frækorns
16. öfug röð
17. sóða
18. efni
20. frá
21. handa

**LÓÐRÉTT**
1. tromma
3. eftir hádegi
4. skrá
5. stjórnar-umdæmi
7. úrræðis
10. útsæði
13. skel
15. aðrakstur
16. pota
19. umhverfis



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. geil, 6. ál, 8. hné, 9. kaf, 11. nn, 12. aurar, 14. sæðis, 16. on, 17. ata, 18. tau, 20. af, 21. arma. **LÓÐRÉTT:** 1. páka, 3. eh, 4. innrita, 5. lén, 7. lausnar, 10. fræ, 13. aða, 15. safn, 16. ota, 19. um.

### Skák Gunnar Björnsson

Óvæntustu úrslit GAMMA Reykjavíkurskákmótsins, hingað til urðu í fyrstu umferð þegar Einar Valdimarsson (2.029) vann Nils Grandelius (2.646).

Hvítur á leik



**45. Kf2! Hc1 46. h3+ Kf4 47. Rg6+** og sænski stórmeistarinn gafst upp enda mát í næsta leik. Fjórða umferð mótsins fer fram í dag og hefst kl. 17. Þröstur Þórhallsson verður með skákskýringar sem hefjast kl. 19.
**www.skak.is:** Allt um Reykjavíkurskákmótið

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 8 | | | 2 | | 1 | 3 |
| | | 3 | | | 4 | | 6 | |
| 4 | 5 | | 9 | | | | | 8 |
| | | | 3 | | 5 | | 4 | 2 |
| | 7 | | | | | 8 | | 5 |
| | 4 | 9 | 2 | | | | | |
| 8 | | | | | | | | |
| | | | 1 | | 8 | 6 | 2 | 4 |
| 1 | | | | 3 | | 9 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 9 | 8 | | 1 | 3 | 2 | |
| 2 | | | 6 | | | | 7 | |
| | | | | | | 8 | | |
| | 5 | | | | 4 | | | 9 |
| | 6 | | 3 | 8 | | 1 | | |
| 3 | | | | | 6 | 5 | | 7 |
| 6 | 2 | | | 9 | | | | |
| | | | 1 | | 2 | | | |
| 1 | | | | | 8 | | | 3 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | | | | | | |
| | | 9 | 1 | 7 | | 4 | | |
| | 3 | | | | | | 9 | 7 |
| | 9 | 2 | | | 7 | | 6 | |
| 3 | 8 | | | | | | 2 | |
| 5 | | | | | 2 | | | 9 |
| | 5 | | 3 | | 1 | | | |
| | | | | | | 1 | | 4 |
| 7 | | 3 | 4 | 9 | 6 | | | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 5 | 7 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 8 |
| 2 | 3 | 5 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 |
| 4 | 2 | 3 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 7 | 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 8 | 2 | 4 |
| 8 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 2 | 8 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 |
| 3 | 8 | 6 | 9 | 4 | 7 | 5 | 1 | 2 |
| 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | 7 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 4 | 9 | 3 | 8 | 1 | 2 | 5 |
| 1 | 8 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 9 | 4 |
| 2 | 9 | 5 | 7 | 4 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 3 | 9 | 5 | 6 |
| 5 | 1 | 6 | 8 | 9 | 4 | 3 | 7 | 2 |
| 7 | 3 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 7 | 4 | 1 | 2 | 5 | 3 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 1 | 6 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 |
| 8 | 2 | 5 | 1 | 7 | 4 | 3 | 9 | 6 |
| 6 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 8 | 1 | 4 | 3 | 5 |
| 1 | 5 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 5 | 3 | 6 | 7 | 1 |
| 3 | 8 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 | 1 | 9 |
| 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 9 | 5 | 8 | 3 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 1 | 8 | 2 | 6 | 4 |

## Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






GRIPAHÚSIÐ
SÍÐUSTU SÝNINGAR!
11. MARS, KL. 20:30
20. MARS, KL. 20:30



OLD BESSASTAÐIR
SÍÐUSTU SÝNINGAR!
10. MARS, KL. 20:30
19. MARS, KL. 20:30



UPPSPRETTAN
14. MARS.
UNDIRBÚNINGUR HEFST KL. 18:00, SÝNING KL. 21:00




LÍFIÐ
SÍÐASTA SÝNING!
13. MARS, KL. 13:00

TJARNARBÍÓ

MIÐASALA:
MIÐI.IS
MIDASALA@TJARNARBIO.IS




























**www.netto.is | Tilboðin gilda 10. – 13. mars 2016**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Glerártorg · Hrísalundur · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Átök á milli drauma okkar og daglegs strits

**Reykjavík er ný íslensk kvikmynd um íslenskan veruleika sem flestir þekkja. Leikstjóri myndarinnar er Ásgrímur Sverrisson sem hefur unnið við kvikmyndagerð í áratugi en þetta er þó hans fyrsta langmynd.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Kvikmyndir hafa samræmi sem lífið hefur ekki,“ segir kvikmyndanördinn Hringur, aðalpersóna kvikmyndarinnar Reykjavík eftir Ásgrím Sverrisson. Í Reykjavík segir frá tímabili í lífi ungra hjóna í Reykjavík, sambandi þeirra, baslinu og hversdeginum, sigrum og ósigrum. Hér er á ferðinni fyrsta kvikmynd Ásgríms í fullri lengd þó svo hann hafi áratugum saman starfað innan kvikmyndageirans og haft ástríðu fyrir kvikmyndum frá unga aldri.

**Kvikmyndanörd**

„Ég er búinn að vera kvikmyndagerðarmaður, hef skrifað um kvikmyndir, unnið mikið fyrir sjónvarp og margt fleira sem þessu tengist í áratugi og í raun verið kvikmyndanörd eins og sagt er frá því að ég var polli. Þannig að þetta er í sjálfu sér ekkert nýtt, nema að þetta er náttúrulega mín fyrsta langmynd og það getur nú oft reynst snúið að koma slíkum myndum á koppinn. Þetta er einfaldlega eitt af þessum verkefnum sem maður hefur verið að vinna að í soldinn tíma en auðvitað er þetta skrítið fyrir mig sem hef verið að gera kvikmyndir frá því fyrir 1980.

Málið er að kvikmyndagerðin náði mér mjög snemma vegna þess að pabbi var einn af fyrstu starfsmönnum sjónvarpsins svo ég kynntist þessum heimi þegar ég var strákur. Á þeim tíma var sjónvarpið nánast eina kvikmyndagerðin á landinu og þá gerði ég ekki svo mikinn greinarmun á sjónvarpi og kvikmyndum. Þetta var allt sami hluturinn fyrir mér en svo áttaði ég mig seinna á aðgreiningunni þarna á milli þó hún sé reyndar aftur að hverfa. En þetta var eflaust ástæðan fyrir því að ég fékk neistann á sínum tíma.“

**Draumarnir og lífið**

Aðalsöguhetjan í Reykjavík er mikill kvikmyndaáhugamaður og leitar í erfiðleikum talsvert inn í heim kvikmyndanna og því vaknar óneitanlega sú spurning hvort persónan sé byggð á Ásgrími. „Auðvitað horfir maður á lífið og fólk í kringum sig og byggir á því sem maður þekkir en þetta er samt skáldskapur. En ég var alveg viss um að sagan sem ég er að segja væri eitthvað sem margir kannast við og að hún höfðaði til fólks. Hugmyndin var líka að skoða hvernig greint og klárt fólk tekur upp á því að gera hluti sem eru allt annað en gáfulegir og hvernig okkur tekst að stokka upp lífi okkar.

Kvikmyndirnar eru vissulega ákveðið skjól fyrir aðalpersónu myndarinnar og ákveðin leið inn í annan heim á erfiðum tímum. Myndin er soldið um þessi átök á milli hugmyndanna og hugsjónanna annars vegar og svo veruleikann hins vegar. Átök á milli þess að lifa drauminn og setja salt í grautinn. Við þekkjum þetta flest.“

**Saga úr hversdagslífinu**

Kvikmyndir eða öllu heldur ástríðan fyrir þeim leika stórt hlutverk í Reykjavík. Aðalpersónan rekur vídeóleigu með listrænum og klassískum kvikmyndum og í myndinni er að finna fjölda vísana í marga snjalla kvikmyndagerðarmenn en Ásgrímur leggur áherslu á að áhorfendur þurfi alls ekki að vera kvikmyndanördar til þess að njóta myndarinnar. „Ég var lengi að pæla í því hvað aðalpersónan ætti að vera að gera í sínu lífi og ákvað að lokum að byggja þetta á einhverju sem ég þekki sjálfur sem er þessi kvikmyndaheimur og þess vegna fannst mér tilvalið að hafa þessar vísanir.

Þetta er innri heimur persónunnar. En ef hann væri með bíladellu eða fótboltadellu þá hefðu vísanirnar tekið mið af því en þetta er sá heimur sem ég þekki best og því varð hann fyrir valinu. Margt af því sem er þarna er líka einfaldlega vegna þess að mér fannst það passa við ákveðnar aðstæður og stemningu sem persónan er í. Fyrir persónunni er þetta líka nánast eins og boðun fagnaðarerindisins að reka þessa bíóbúð og veita fólki einhvers konar ánægju, innsýn og upplifun. En þú þarft alls ekki að þekkja þennan heim til þess að njóta myndarinnar. Þetta er fyrst og fremst saga úr hversdagslífinu með tengingu við þennan innri heim.



Ásgrímur Sverrisson kvikmyndaleikstjóri frumsýndi í gærkvöldi sína fyrstu mynd í fullri lengd, Reykjavík, sem fer í almennar sýningar annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**ÞETTA ER INNRI HEIMUR PERSÓNUNNAR. EN EF HANN VÆRI MEÐ BÍLADELLU EÐA FÓTBOLTADELLU ÞÁ HEFÐU VÍSANIRNAR TEKIÐ MIÐ AF ÞVÍ.**

**Mikið af góðu fólki**

Aðalhlutverkin í Reykjavík eru í höndum þeirra Atla Rafns Sigurðssonar, Nönnu Kristínar Magnúsdóttur, Guðmundar Inga Þorvaldssonar og Grímu Kristjánsdóttur ásamt fleirum og Ásgrímur fer fögrum orðum um leikarahópinn. „Það var svo frábært að vinna með þessum leikurum því þau tóku utan um þetta af svo miklu öryggi og áreynsluleysi og það breytti svo miklu fyrir mig. Það er eitthvað sem er ofsalega verðmætt og gaman að upplifa því það eru svo ótal margir hlutir sem maður þarf að hafa áhyggjur af þegar maður er að gera mynd en ég þurfti aldrei að hafa áhyggjur af leikurunum. Var bara hæstánægður og organdi af gleði yfir þeirra vinnu.

Við eigum líka orðið svo frábært fagfólk og þessi bransi hefur breyst mikið og fagmennskan aukist. Ég er svo með erlendan tökumann, Nestor Calvo sem var skólabróðir minn í Bretlandi fyrir tuttugu árum og okkur hefur alltaf langað til þess að vinna saman. Það var alveg ómetanlegt fyrir mig að hafa hann því hann er búinn að skjóta tuttugu og fimm bíómyndir og er einn af reyndustu tökumönnum Spánar.

Svo fannst mér ég rosalega heppinn með að fá Sunnu Gunnlaugs til að gera tónlistina. Þessi kona er algjör gersemi því hún getur allt. Þetta er afskaplega skemmtileg djassmúsík sem hún hefur gert og við ætlum að gefa þessa tónlist út og svo verða tónleikar á fimmtudagskvöldið á Bryggjunni þar sem Sunna ætlar að spila tónlistina úr myndinni. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis, alveg tilvalin upphitun fyrir bíóferð um helgina.“

# Fjölbreytt kóreógrafía en lítil spenna

**DANS**

**Kvika**

★★★☆☆

**Höfundur:** Katrín Gunnarsdóttir
**Ljósahönnuður:** Aðalsteinn Stefánsson
**Dramatúrg:** Símon Birgisson
**Hljóðmynd:** Baldvin Þór Magnússon
**Sviðsmynd og búningar:** Eva Signý Berger
**Dansarar:** Hilmir Jensson, Kristinn Guðmundsson, Snædís Lilja Ingadóttir, Una Björg Bjarnadóttir og Védís Kjartansdóttir

Í Kassa Þjóðleikhússins er nú verið að sýna dansverkið Kviku eftir Katrínu Gunnarsdóttur. Í verkinu standa líkamar á sviði og kanna samband sitt hver við annan og við áhorfendur.

Í verkinu má augljóslega sjá hvernig kóreógrafía getur verið mismunandi og fjölbreytt. Höfundur verksins nær snilldarlega að sýna hvernig hún getur bæði verið innihald, umgjörð, hljóðmynd og sviðsmynd. Hvernig staða nokkurra líkama á sviði getur framkallað allar þessar birtingarmyndir.



Atriði úr dasnsverkinu Kvika eftir Katrínu Gunnarsdóttur.

Í forgrunni verksins er kóreógrafían sem er gaman að sjá í íslensku leikhúsi. Hvergi er reynt að varpa skugga á það sem verkinu er ætlað. Það er ekki ofhlaðið brellum eða ljósum heldur er berskjaldað fyrir áhorfendum sem fá fulla sýn á það sem gerist á sviðinu.

Hvað getur líkaminn gert, og af hverju gerir hann vissa hluti? Þegar jafnvel hversdagslegar hreyfingar eru settar á svið er gaman að upplifa hvernig afstaða okkar breytist.

Flytjendur skila verkinu misvel frá sér en Védís Kjartansdóttir og Hilmir Jensson bera af með lipurð og sviðsframkomu. Þau hreinlega grípa augað og sleppa því ekki í eina sekúndu.

Allir flytjendur eru þjálfaðir dansarar nema Kristinn Guðmundsson sem stakk verulega í stúf. Hafi hugmyndin verið að setja alls kyns líkama á svið, þá gengur dæmið tæplega upp ef allir nema einn hafa einstaka stjórn á líkamsburðunum.

Taktur verksins er góður og fellur hvorki orkan né tempó niður. Hrynjandin sem er hluti af kóreógrafíunni er góð og verkið hæfilega langt. Verkið gerist að miklu í þögn sem gerir flytjendum kleift að búa til sína eigin hljóðmynd með náttúrulegum hljóðum líkamans og samspil þeirra á milli.

Þegar líða tekur á verkið kemur hins vegar til sögunnar hljóðmynd sem er í höndum Baldvins Þórs Magnússonar og er afar sterk og áhrifamikil og dregur áhorfanda enn frekar inn í efnið.

Það sem ég set hvað mest út á verkið er einhvers konar spennuleysi. Það er aldrei neitt lagt í sölurnar, ekkert lagt undir. Spenna myndast hvorki á milli flytjenda innbyrðis né út á við.

Í kynningarefni er því lýst hvernig verkið snúist um samband áhorfenda við flytjendur en sem áhorfandi þá upplifði ég mig einungis vera tekna inn í myndina í upphafi en svo spilaði ég ekki stærri rullu en það. Afskiptalaus áhorfandi.

Sviðsmyndin er einföld og glæsileg en virðist ekki þjóna neinum sérstökum tilgangi nema bara að ljá sviðinu aðeins hátíðlegri brag. Búningarnir sem áttu að líta út fyrir að vera hversdagsleg æfingaföt virtust ofhugsaðir og tilgerðarlegir. Það mátti lesa í búninga að verkið hefði aldrei náð lengra en að vera einhvers konar dansæfing sem var ekki ætluð sem sýning. Þar voru sviðsmynd og búningar í beinni mótsögn hvort við annað.

**Kara Hergils Valdimarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtilegt að sjá verk þar sem lögð er slík áhersla á kóreógrafíu en það náði aldrei að verða eins spennandi og ég hefði vonast til.




1990.-




990.-




690.-







3999.-




3299.-




1490.-




490.-




1299.-




1599.-




1990.-




1499.-

# Leikritið er eins og tær lind sem ekki má grugga

**María Ellingsen og Björn Ingi Hilmarsson leika par í verðlaunaleikritinu Enginn hittir einhvern, eftir danska verðlaunaskáldið Peter Asmussen. Frumsýningin er í Svarta boxinu í Norræna húsinu í kvöld.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Leikritið fjallar um samband karls og konu og allt mögulegt sem í því felst," segir María Ellingsen um leikritið Enginn hittir einhvern, eftir Peter Asmussen, sem frumsýnt verður í nýjum sal í kjallara Norræna hússins í kvöld. Hún fer með annað hlutverkið í því og hitt er í höndum Björns Inga Hilmarssonar. „Verkið er drifið áfram af textanum og við þjónum honum en það sem áhorfandinn upplifir er ábyggilega mjög persónulegt," segir hann. „Hver og einn leggur sína meiningu í það sem hann sér og heyrir."

María tekur undir það. „Leikritið er eins og tær lind sem ekki má grugga svo áhorfandinn nái að spegla sjálfan sig þar. Þetta eru sextán stuttar senur og skrifað eins og tónlist. Þar er til dæmis kafli sem heitir Stefnumót og svo þrjú tilbrigði við hann. Annar heitir Bið og þar eru líka þrjú tilbrigði. Svona eru fimm kaflar og þrjú tilbrigði við hvern."

„Það eru endalok og upphaf – en í öfugri röð," botnar Björn Ingi.

Þó verkið taki bara klukkutíma og kortér í flutningi segir María þau búin að gefa sér góðan tíma í að tileinka sér textann því hann sé knappur og eins og hálfgert völundarhús. „Samt er hann einfaldur og aðgengilegur en vísar inn í dýpt. Sem er spennandi og fallegt."

Björn Ingi kveðst vona að áhorfendur upplifi verkið eins og þau, að það innihaldi ekki bara það sem sagt er heldur líka allt hitt sem undir býr. „Þegar maður vinnur með þetta verk þá skilur maður af hverju það er margverðlaunað. Það er einhver fjandans snilld í því."

Asmussen hefur skrifað ljóð, skáldsögur, leikrit og handrit bæði fyrir kvikmyndir og sjónvarp. Meðal annars handritið að myndinni Breaking the Waves, ásamt Lars von Trier, að sögn Maríu. „Í leikritunum sínum veit hann bæði hvað á að segja og hvað þarf ekki að segja."

Enginn hittir einhvern er þýtt af Jóni Atla Jónassyni. „Simon Boberg leikstjóri þekkir Jón Atla og treysti honum fyrir þýðingunni enda er hún mjög vel af hendi leyst. Simon leikstýrði frumuppfærslunni í Danmörku, þeirri sem fékk Reumert-verðlaunin, hann er mikill tungumálamaður og næmur fyrir textanum," lýsir María.

„Já, oft er eins og hann skilji íslensku og á það til að skipta um orð til að ná akkúrat því sem hann vill ná," tekur Björn Ingi undir.



María og Björn eru ánægð með að fá að vera fyrst til að leika í hinu nýja svarta boxi Norræna hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÞEGAR MAÐUR VINNUR MEÐ ÞETTA VERK ÞÁ SKILUR MAÐUR AF HVERJU ÞAÐ ER MARGVERÐLAUNAÐ. ÞAÐ ER EINHVER FJANDANS SNILLD Í ÞVÍ.**

„Svo virðist ekki eins og hann sé að endurtaka eitthvað sem hann hefur gert áður, heldur er hann að rannsaka verkið alveg jafn mikið og við. Það virðist endalaus brunnur að sækja í."

María segir höfundinn hafa hugsað verkið fyrst sem revíu, það sé fyndið, grátbroslegt, ljóðrænt, ögrandi – allt. „Eins og Reumert-nefndin sagði: „Dásamlegt og hættulegt ferðalag um furður lífsins.""

En hvernig duttu þau niður á þetta snilldarverk?

María svarar því. „Það var partur af norrænu leikskáldalestinni fyrir þremur árum þegar valin voru fimm bestu verk Norðurlanda til leiklesturs á öllum Norðurlöndunum. Ég var svo heppin að fá að lesa upp úr því undir stjórn Charlotte Böving. Simon Boberg sem var á leiklestrinum kom til mín á eftir og sagði: „Þú verður að fá að leika þetta og ég verð að fá að leikstýra þér." Þetta kom mér skemmtilega á óvart og ég tók því sem áskorun. Fór bara í að finna fjármagn til að geta sett upp sýninguna, það tekur alltaf tíma.

Af því þetta er danskt verk og leikstjórinn danskur fannst mér gaman að fá Norðmanninn Andreas Ljones, sem er stjarna í sínu heimalandi, til að semja tónlistina og Raisa Foster höfund hreyfinga, hún er þaulreyndur kóreógrafer í Finnlandi.

Auk þess sjá Snorri Freyr Hilmarsson um leikmynd og Björn Bergsteinn Guðmundsson um lýsingu og það er ótrúlega gaman að sjá hvað gerist með stefnumóti allra þessara listamanna.

En ein ástæða þess að mig langaði að fara af stað með þessa vinnu er að kynna hann Asmussen því hann er eitt merkasta leikskáld Norðurlandanna en við vitum ekkert hver hann er. Svo er það fyrir tilstilli Mikkels Harder, forstjóra Norræna hússins, sem er leikhúsmaður, að verkið er sett upp þar."

„Já, þetta er fyrsta leiksýningin í hinu svarta boxi hússins," segir Björn Ingi sem hefur verið leikari í rúm 30 ár, síðustu fimm árin í Stokkhólmi. Hann kveðst hafa fengið símtal frá Maríu um áramótin, því hana hafi vantað mótleikara. „Ég flutti heim í fyrrasumar og þegar María hringdi var ég búinn að finna að mig langaði að leika aftur á Íslandi. Ég er þakklátur fyrir að fá að byrja í svona góðri sýningu og finnst gaman að vinna að henni með fólki frá Skandinavíu."

**Enginn hittir einhvern var frumflutt í Husets Teater árið 2010 undir stjórn Simon Boberg og sló í gegn. Höfundurinn Peter Asmussen hlaut í kjölfarið Reumert-verðlaunin og var valinn leikskáld ársins. Einnig hefur hann hlotið heiðursverðlaun danskra leikskálda.**

**Norræna húsið og Annað svið bjóða upp á ókeypis Master Class á laugardaginn, 12. mars, þar sem listamönnum og almenningi er boðið til fundar við verk Peters Asmussen og það sviðslistafólk sem að sýningunni stendur. Markmiðið er að kveikja áhuga á og vitund um það gjöfula samfélag listamanna sem finnst á Norðurlöndum; skiptast á hugmyndum og reynslu, kynnast vinnuaðferðum og mynda tengsl.**

# Eitthvað um ástina og lífið

BÆKUR

### Síðasta ástarjátningin

★★★★☆

**Dagur Hjartarson**
**Útgefandi:** JPV útgáfa
**Fjöldi síðna:** 240 bls.
**Kápuhönnun:** Emilía Ragnarsdóttir
**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja

2007 er ártal sem er Íslendingum ekki ótamara en 1918 og 1944. 2007 er árið sem við vitnum til sem ársins þegar neysluruglið og sjálfbirgingurinn náði í skottið á okkur. Árið þegar við héldum að allt væri í lagi en vissum í rauninni að svo var ekki. Árið þegar við létum glepjast af hugmyndinni um að við hefðum á einhvern furðulegan hátt fengið vinning í alheimshappdrættinu sem við áttum ekki skilið en byrjuðum samt að eyða áður en nokkur maður kæmist að því að við værum ekki vinningshafarnir í raun. Árið sem ísbirnir gengu í land og eyðslan náði hámarki. Árið fyrir hrun.




Síðasta ástarjátningin gerist einmitt á þessu ári, 2007, árið sem Davíð Oddsson var seðlabankastjóri. Hún hefst að hausti þegar ungur maður með bók verður ástfanginn af ungri konu með hund og hún elskar hann á móti. Hann virðist reyndar aldrei trúa því alveg að hann hafi verið svona heppinn og virðist ekki finna hamingjuna í sambandinu fyrr en í endurliti. Meðfram þróun ástarsambands þeirra segir frá eins konar hliðarsjálfi sögumannsins, æskuvini að vestan sem hatast svo við Davíð Oddsson að hann ákveður að gera af honum risastóra leirstyttu ásamt sögumanni sem veit ekki hvaðan á hann stendur veðrið en lætur samt heillast af verkefninu og gefur því stöðugt meira og meira, jafnvel andlit sitt, jafnvel nafn. Sögumaðurinn er reyndar afskaplega aðgerðalítill í meirihluta sögunnar, hann lætur að stjórn þessara tveggja ólíku afla í lífi sínu, konunnar og vinarins, er löngu búinn að týna nafninu sínu, veit ekki hver hann er án skilgreininga þeirra tveggja á tilvist hans. Tíminn leikur stórt hlutverk í sögunni, sagt er frá augnablikum elskenda sem vara allan daginn, amma sögumanns lifir í glötuðum og ómörkuðum tíma, næturvaktir setja samhengið við umheiminn úr skorðum og þannig mætti lengi telja. Yfir öllu vofir svo Davíð Oddsson sjálfur, eins konar sólúr sem varpar skugga sínum á allt, mælikvarði tímans, holdgervt „andrúmsloft aldarinnar", eins og segir í bókinni. Einnig er leikið með ljós og myrkur, ástkonan verður sögumanni ljósið í myrkrinu sem hann getur ekki leyft sér að eiga en getur samt ekki lifað án.

Ef vilji er fyrir hendi má lesa söguna sem dæmisögu um hinn venjulega Íslending árið 2007 sem kunni ekki að njóta, þorði ekki að vona, vissi að eitthvað var yfirvofandi en gat samt ekki með nokkru móti tekið til bragðs neitt það sem gæti orðið honum til bjargar. Svo má líka lesa hana sem fallega, ljúfsára ástarsögu og njóta þess að anda að sér myndunum sem sögumaður dregur upp af samræðum elskendanna sem fara svo lítið fram með orðunum sem sögð eru og svo mikið fram á einhvern allt annan hátt sem þó tekst að koma til skila í textanum. Það má líka blanda þessu saman og segja að bókin fjalli um ástarsamband þjóðarinnar við Sjálfstæðisflokkinn árið fyrir hrun, hvernig lífið var of gott til að vera satt. Og svo má líka bara leyfa sér að sleppa því að greina og njóta þess í staðinn að lesa svona vel skrifaðar, fyndnar og fallegar bækur.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Síðasta ástarjátningin er fallega skrifuð bók, full af pælingum, þunglyndi, fyndni, ljóðbrotum og ást.



Sýning Jóns, ... úr rústum og rusli tímans rennur sinnt skeið á sunnudaginn.

## Fyrirlestur og leiðsögn í Listasafninu á Akureyri

Fyrirlestur í tengslum við sýningu Jóns Laxdal Halldórssonar ... úr rústum og rusli tímans, og útgáfu samnefndrar viðtalsbókar Guðbrands Siglaugssonar, verður í dag, 10. mars, klukkan 17.15 í Miðsal Listasafnsins á Akureyri. G.Erla – Guðrún Erla Geirsdóttir, myndhöfundur og listfræðingur, heldur hann undir yfirskriftinni Frá týndum myndlistarkonum til Guerrilla Girls.

En áður en að því kemur, eða milli klukkan 12 og 13, verður Guðrún Pálína Guðmundsdóttir sýningarstjóri með leiðsögn um samsýninguna Sköpun bernskunnar 2016 í Ketilhúsi og Haraldur Ingi Haraldsson verkefnastjóri með leiðsögn um ofangreinda sýningu Jóns Laxdals og sýningu Noemi Niederhauser, Ráfandi skrúðganga. Tveimur þeim síðarnefndu lýkur á sunnudaginn, 13. mars. **– gun**



Romanovsky þykir búa yfir yfirburðatækni.

## Ungæðislegt fjör

Úkraínski píanóleikarinn Alexander Romanovsky flytur Píanókonsert númer 1 eftir Sergej Rakhmaninoff á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu í kvöld undir stjórn Dima Slobodeniouk.

Rakhmaninoff samdi fyrsta píanókonsertinn aðeins 18 ára gamall. Hann sker sig úr seinni konsertunum fyrir ungæðislegt fjör og ákefð. Einnig mun hljómsveitin leika glaðværa fyrstu sinfóníu Beethovens og Ofviðrið, svítu númer 2, eftir Síbelíus.

Alexander Romanovsky er rétt rúmlega þrítugur en var á 18. aldursári þegar hann vann til 1. verðlauna í Busoni-píanókeppninni á Ítalíu. Hann hefur fengið frábæra dóma fyrir yfirburðatækni og tilfinningaríkan flutning. **– gun**

# Frá Bolshoj-leikhúsinu til Íslensku óperunnar í Hörpu

Íslenska óperan hefur tilkynnt að fyrsta frumsýning næsta vetrar verði hin ástsæla ópera Tsjaíkovskís, Évgení Onegin. Óperan byggir á samnefndri skáldsögu eftir Alexander Pushkin og hefur notið mikilla vinsælda víða um heim allt frá því að hún var frumsýnd í Moskvu árið 1879.

Það eru mikil tíðindi að í þessari uppfærslu mun barítónsöngvarinn Andrej Zhilikhovsky fara með titilhlutverkið, en hann syngur um þessar mundir hlutverk Onegins í Bolshoj-leikhúsinu í Moskvu í hinni þekktu uppfærslu Tsjernikovs á verkinu. Það er óneitanlega mikill fengur fyrir áheyrendur að fá að heyra hann á heimavelli Íslensku óperunnar í Hörpu. Andrej er margverðlaunaður söngvari og hefur sungið mörg aðalhlutverk óperubókmenntanna bæði í Rússlandi og við óperuhús í Evrópu.

**Í ÞESSARI UPPFÆRSLU MUN BARITÓNSÖNGVARINN ANDREJ ZHILIKHOVSKY FARA MEÐ TITILHLUTVERKIÐ.**

Það er einnig markvert að hinn reyndi og virti óperuleikstjóri Anthony Pilavachi mun leikstýra uppfærslunni, en hann hefur leikstýrt yfir 80 uppfærslum í mörgum virtum óperuhúsum og unnið til verðlauna víða, þ. á m. hin virtu ECHO Classic Award 2012 fyrir bestu og áhugaverðustu uppfærsluna á Niflungahring Wagners. Hljómsveitarstjórn verður í höndum Benjamins Levy sem stjórnar nú uppfærslunni á Don Givovanni. Þessi fyrsta frumsýning næsta leikárs ætti því að vera unnendum óperutónlistar tilhlökkunarefni. **– mg**



Andrej Zhilikhovsky barítón mun fara með aðalhlutverkið í haustuppfærslu Íslensku óperunnar.



# BÍÓ



Will Smith og Jeff Goldblum vöktu stormandi lukku í hlutverkum sínum í myndinni.

# Tuttugu ára Independence Day

**Ein af þeim myndum sem fagna stórafmæli á árinu er kvikmyndin Independence Day. Í ár kemur út framhald myndarinnar, Independence Day: Resurgence sem skartar mörgum af fyrri stjörnum hennar þó svo að leikarinn Will Smith sé fjarri góðu gamni.**

**Kvikmyndin Independence Day sem skartaði þeim Will Smith and Jeff Goldblum fagnar tuttugu ára afmæli á árinu. Myndin vakti heldur betur athygli þegar hún kom út en hún segir frá innrás geimvera á plánetuna jörð og reyna þeir kollegar að stöðva þessa ógnvænlegu atburði.**

### Frumsýnd degi fyrr

Handritið var skrifað af Roland Emmerich og Dean Devlin en sá fyrrnefndi leikstýrði einnig myndinni. Frumsýna átti myndina þann 3. júlí árið 1996 en sökum þess hversu mikil eftirvænting hafði skapast fyrir frumsýningu hennar byrjuðu mörg bíóhús að sýna hana að kvöldi þess annars en á þeim degi hefst einmitt handrit myndarinnar.

Myndin aflaði 800 milljón Bandaríkjadala á alþjóðlegum bíómarkaði og er hún í 51. sæti yfir þær myndir sem hafa þénað mest og hlaut hún glimrandi góðar viðtökur, ekki síst vegna þess sem á þeim tíma var álitnar tímamóta tæknibrellur, en myndin hlaut einmitt hin eftirsóttu Óskarsverðlaun fyrir bestu tæknibrellurnar. Tónlistin í myndinni vakti einnig eftirtekt og Will Smith var hælt fyrir leik sinn í myndinni.

### Væntanlegt framhald

Og nú, 20 árum síðar, kemur út framhald myndarinnar en sú mynd ber nafnið Independence Day: Resurgence og er henni leikstýrt af Roland Emmerich, sem einnig skrifar handritið ásamt Dean Devlin og Carter Blanchard. Lengi hefur verið rætt um að gera framhald af þessari vinsælu kvikmynd og sagði Devlin að árásirnar á Tvíburaturnana þann 11. september 2001 hefðu vakið hann enn frekar til umhugsunar um það. Hann hóf að skrifa handrit ásamt Emmerich, en í maí árið 2004 sagði Emmerich í viðtali að þeir hefðu reynt að finna leið til þess að halda áfram með söguna en það hefði ekki gengið upp og því var hætt við.

Fæðingin á framhaldinu virðist hafa gengið eitthvað brösuglega því árið 2009 bárust aftur fregnir af framhaldsmynd og sagði Emmerich þá að hann væri að íhuga að gera myndirnar að þríleik og árið 2011 staðfesti Devlin að þeir væru komnir með hugmynd að næstu tveimur myndum og forvinna væri hafin.

Síðar sama ár kom upp umræða um aðkomu Smiths að myndunum og hvort hann myndi endurtaka hlutverk sitt og virtist útilokað að af því yrði. Leikstjórinn fullyrti þá að myndirnar yrðu gerðar hvort sem Smith yrði með eða ekki. Það var svo loksins í nóvember árið 2014 sem staðfest var að úr yrði og framhaldsmyndin yrði að veruleika.

### Enginn Smith

Leikararnir Jeff Goldblum, Bill Pullman, Judd Hirsch, Vivica A. Fox og Brent Spiner snúa aftur í hlutverk sín en Will Smith er fjarri góðu gamni en hann hefur í viðtölum sagt ástæður þess vera miklar annir. Einnig kennir nýrra grasa í framhaldinu en þar má meðal annars nefna Liam Hemsworth, sem hefur heldur betur vakið athygli í hlutverki sínu í The Hunger Games, en hann hóf þó ferilinn í sápuóperunni langlífu Neighbours.

Nýja myndin á sér stað 20 árum eftir hina fyrri og er óhætt að segja að geimverur skipi svipað stóran þátt í sögunni. Áætlaður frumsýningardagur í Bandaríkjunum er þann 24. júní. gydaloa@frettabladid.is

## Frumsýningar



**GODS OF EGYPT**
Ævintýramynd
Aðalhlutverk: Gerard Butler, Nikolaj Coster-Waldau, Geoffrey Rush, Brenton Thwaites, Rufus Sewell, Abbey Lee, Chadwick Boseman, Elodie Yung, Courtney Eaton
Frumsýnd 11. mars
IMDb 5,7/10 Rotten Tomatoes 13%



**KUNG FU PANDA 3**
Teiknimynd
Aðalhlutverk: Jack Black, Bryan Cranston, Dustin Hoffman, Angelina Jolie, J. K. Simmons, Jackie Chan, Seth Rogen og Lucy Liu.
Frumsýnd 18. mars
IMDb 7,6/10 Rotten Tomatoes 82%



**REYKJAVÍK**
Gamanmynd
Aðalhlutverk: Atli Rafn Sigurðsson, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Gudmundur Thorvaldsson, Gríma Kristjánsdóttir, Margrét Friðriksdóttir, Björn Thors, Stefán Hallur Stefánsson.
Frumsýnd 11. mars




Dalakollur

Þéttur og bragðgóður hvítmygluostur

Dalakollur minnir á Brie í útliti en er þéttari og því skeranlegur með ostaskera. Hann er tilvalinn ofan á ristað brauð með ávaxtamauki.

Osturinn er nefndur eftir hersinum Kolli sem kom til Íslands með Auði djúpúðgu, settist að í Dölunum og fékk viðurnefnið Dala-Kollur. Hann var föðurafi Hallgerðar langbrókar.

15-1937-HVITA HUSID / SIA

# THOMSON

## FRÁBÆR KAUP FRÁ THOMSON



4K Ultra HD · CI+ · Quad Core · Smart TV.2 · wifi display · ULTRA HD Pure Image · NETFLIX · HbbTV · HDMI 2.0 · DVB T2/C/S2

## FLOTT OG VEL BÚIÐ 4K SJÓNVARP Á FRÁBÆRU TILBOÐI

**Örþunnt og öflugt**
Ultra HD upplausn 3840x2160, Smart Tv með Quad-Core örgjörva, Pure Image Ultra HD og 400Hz Clear motion index.

**Notendavænt snjallsjónvarp**
Tækið er með þráðlausu Wi-Fi neti, NETFLIX, DLNA, MIRACAST og opnum netvafra.

**Fullt af möguleikum**
Tækið er með stafrænum DVB-T2 móttakara, DVB-S2 gervihnattamóttakara, 4 x HDMI, 3 x USB tengjum, Optical út auk tengis fyrir heyrnartól. Sérstök hótelstilling.

Thomson 40UA6406 — 40"
**99.990**
VERÐ ÁÐUR 149.990

Thomson 50UA6406 — 50"
**119.990**
VERÐ ÁÐUR 179.990

Thomson 55UA6406 — 55"
**149.990**
VERÐ ÁÐUR 229.990

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

THOMSON










# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur



Málstofa Umhverfis- og byggingaverkfræðideildar fer fram í Háskóla Íslands í dag ásamt fleiri fyrirlestrum.

## 10. MARS 2016

## Tónlist

**Hvað?** Jazz – Eyjólfur & Ásgrímur
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Tíu Dropar

**Hvað?** Dj Krystal Carma
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bravó

**Hvað?** Rakhmanínov og Beethoven
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Harpa
Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur á tónleikum í kvöld þar sem meðal annars verða leikin verk eftir Beethoven og Rakhmanínov. Stjórnandi sveitarinnar verður Dima Slobodeniouk og einleikari að þessu sinni hinn úkraínski píanóleikari Alexander Romanovsky. Miðaverð er 2.400 til 6.900 krónur.

**Hvað?** Hits & Tits Cabaret
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra
Gleði- og glensdúettinn Hits & Tits stendur fyrir kabarett á Húrra. Sérstakur gestur er Luminous Pariah, boylesque-listamaður frá Seattle sem er í Evrópureisu. Þar að auki koma fram hinir ýmsu vinir Hits & Tits, auk gesta frá Sirkus Íslands. Þetta verður einstakt skemmtikvöld. Húsið verður opnað kl. 20 og sýningin byrjar kl. 21.

**Hvað?** Ljótu hálfvitarnir
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Enn á ný leggja Ljótu hálfvitarnir undir sig Café Rosenberg og hyggja þar á langdvalir. Þeir byrja á fimmtudeginum 10. mars og spila sem leið liggur í gegnum föstudaginn 11. og laugardaginn 12. og þá fyrst sýna þeir á sér fararsnið. Að sjálfsögðu verða leikin lög af nýjustu plötu þeirra, Hrísey, í bland við gamlar Hálfvitalummur og hvergi slegið af.

**Hvað?** Dj Óli Dóri
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** BarAnanas

**Hvað?** Tónlistin úr kvikmyndinni Reykjavík
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bryggjan Brugghús
Sunna Gunnlaugs, höfundur tónlistar í kvikmyndinni Reykjavík, flytur tónlistina úr myndinni ásamt hljómsveit sinni.

## Fyrirlestrar

**Hvað?** Málstofa Umhverfis- og byggingaverkfræðideildar – Airborne Measurements of Volcanic Ash and Current State of Ash Cloud Prediction
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Háskóli Íslands VR-II, stofa 157
Jónas Elíasson og Þorgeir Pálsson flytja erindi á málstofu Umhverfis- og byggingaverkfræðideildar Háskóla Íslands. Erindi þeirra ber heitið Airborne Measurements of Volcanic Ash and Current State of Ash Cloud Prediction.

**Hvað?** Getur ríkið reddað ódýru húsnæði?
**Hvenær?** 8.30
**Hvar?** VÍB, Kirkjusandi 2
Hvernig geta stjórnvöld brugðist við miklum hækkunum á húsnæðisverði? Björn Brynjúlfur Björnsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands, flytur framsögu um húsnæðismarkaðinn og mögulegar aðgerðir til að lækka fasteignaverð. Í kjölfar framsögu Björns verða umræður í pallborði.

**Hvað?** Eldfjallaaska og flug: Mælingar og viðbrögð
**Hvenær?** 15.40
**Hvar?** Háskóli Íslands VR-II, stofa 157
Uta Reichardt, doktorsnemi í umhverfis- og auðlindafræði, dr. Jónas Elíasson, rannsóknaprófessor við Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi og dr. Þorgeir Pálsson, prófessor við Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík halda erindi á málstofu Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar, Eldfjallaaska og flug: mælingar og viðbrögð.

**Hvað?** Psychological Acuity in the Sagas
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Háskóli Íslands, Askja 132

**Hvað?** Magnús Eiríksson, Lúther og frelsishugmyndir Þingeyinga á 19. öld
**Hvenær?** 15.30
**Hvar?** Háskóli Íslands, stofa 229
Málstofa á vegum þverfræðilega rannsóknarverkefnisins 2017.is. Ævar Kjartansson, cand. theol. og útvarpsmaður, fjallar um Magnús Eiríksson, Lúther og frelsishugmyndir Þingeyinga á 19. öld.

## Uppákomur

**Hvað?** Kate Magic – Fermentation
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Gló, Fákafeni 11
Í þessu þriggja tíma námskeiði mun Kate kenna gerjun í smáatriðum með einföldum leiðum til að byrja. Að innleiða gerjaðan mat og drykki í mataræðið daglega er ein besta leiðin til að byggja upp ónæmiskerfið og bakteríuflóruna. Það eru fleiri taugafrumur sem umlykja meltingarkerfið og þarmana en í heilanum sjálfum, þetta taugakerfi er stundum kallað „Brain of the Gut“. Innra hreinlæti, góð næring og góð bakteríuflóra hefur lykiláhrif á þetta kerfi. Þess vegna getur gerjaður matur/drykkir gefið okkur meiri orku, léttleika og lífskraft.

**Hvað?** Lifeforce, A Soliloquy and 6 Poems
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Skaftfell – myndlistarmiðstöð Austurlands
Gestalistamaðurinn Rashanna Rashied-Walker (USA) opnar sýninguna „Lifeforce, A Soliloquy and 6 Poems“ fimmtudaginn 10. mars kl. 20.00 í Bókabúðinni– verkefnarými.

**Hvað?** Powerade-vetrarhlaupið
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Árbæjarlaug
Þátttökuseðillinn kostar 300 kr. Þátttökuseðillinn er fylltur út skilmerkilega, hlaupið með hann og hann síðan afhentur tímavörðum þegar komið er í mark. Enginn þátttökuseðill, enginn tími.

**Hvað?** Þorraleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Ægisgarður
Víking Ölgerð kynnir Ægisgarð, heimili íslenskrar brugghefðar og bjórsögu. Í gegnum aldirnar hafa afkomendur víkinganna haldið þorrablót til að heiðra þessa miklu menn, sem blótuðu goð sín og fórnuðu dýrum og mönnum til að öðlast gæfu á komandi ári. Í Ægisgarði verður hægt að taka þátt í þessari hefð, þó litlu öðru en bjór verði fórnað á altari Bakkusar í þetta skiptið.



Dj Krystal Carma spilar á Bravó í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




NÓI SÍRÍUS
Gleðilega páska
Sjálfbærni
og samfélagsábyrgð
cocoa HORIZONS
Nóa Síríus súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.
Þau eru tilbúin
Nú mega páskarnir koma því að Nóa páskaeggin eru tilbúin. Og vitið þið bara hvað? Við vönduðum okkur alveg sérstaklega í ár, því við vitum að þið viljið hafa þau fullkomin. Bæði gómsæta súkkulaðiskelina sem bráðnar í munni og allt góðgætið sem leynist þar fyrir innan.
Ekki ryðjast — það er nóg til fyrir alla.
facebook.com/noisirius

# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur




**2 | 19:25**
**MATARGLEÐI EVU**
Nú er það Lúxusmatseðill hjá Evu Laufeyju. Ómótstæðilegt aspas risotto með stökku beikoni, nautasteik með hvítlaukskartöflum og chili-bernaise sósu. Í eftirrétt er svo dásamleg volg súkkulaðikaka með einstaklega góðum kaffiís.

FRÁBÆR
FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

**2 | 19:50**
**THE RESTAURANT MAN**
Skemmtilegir þættir þar sem fylgst er með venjulegu fólki leggja allt í sölurnar þegar það eltist við drauma sína um að opna veitingastað.



**2 | 20:35**
**NCIS**
Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



**2 | 21:20**
**BETTER CALL SAUL**
Önnur sería þessara óborganlegu þátta um Saul Goodman sem er best þekktur sem lögfræðingur Walters White í þáttaröðinni Breaking Bad.




**b | 22:00**
**FED UP**
Mögnuð heimildarmynd frá 2014 sem fjallar um áhrif viðbætts sykurs í bandarískum matvælaiðnaði á heilsu manna.




**3 | 21:40**
**GOTHAM**
Hörkuspennandi þættir þar sem sögusviðið er Gotham-borg sem flestir kannast við úr sögunum um Batman.




**Krakkastöðin | 19:00**
**PARANORMAN**
Skemmtileg og spennandi teiknimynd um ungan og útskúfaðan strák sem heitir Norman, en hann býr yfir þeim merkilega eiginleika að geta talað við hina framliðnu!



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

### STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Masterchef USA
**11.00** Jamie & Jimmy's Food Fight Club
**11.45** Um land allt
**12.00** Á uppleið
**12.35** Nágrannar
**13.00** Nebraska
**14.55** Tommi og Jenni
**15.20** Justin Bieber's Belive
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.25** Matargleði Evu
**19.50** The Restaurant Man
**20.50** NCIS
**21.35** Better Call Saul
**22.25** Crimes That Shook Britain
**23.10** Married Frábærir gamanþættir um hjón sem gengið hafa saman í gegnum súrt og sætt.
**23.35** X-Men 2
**01.45** Rizzoli & Isles
**02.25** The X-Files
**03.10** Shameless
**04.05** Nebraska
**06.00** Fréttir og Ísland í dag

### SPORT

**07.10** Zenit og Benfica í 16 liða úrslitum Meistarad. Evrópu
**08.50** Chelsea og Paris St. Germain í 16 liða úrslitum Meistarad. Evrópu
**10.30** Meistaradeildarmörkin
**11.00** Stjörnunnar og ÍBV í Lengjubikarnum
**12.45** Football League Show
**13.15** Hauka og Snæfells í Domino's-deild kvenna
**14.40** Zenit og Benfica í 16 liða úrslitum Meistarad. Evrópu
**16.20** Chelsea og Paris St. Germain í 16 liða úrslitum Meistarad. Evrópu
**18.00** Meistaradeildarmörkin
**18.30** Premier League World
**19.00** Bein útsending frá Meistaradeildinni í hestaíþróttum
**22.00** Borussia Dortmund og Tottenham Hotspur í 16 liða úrslitum Evrópudeildarinnar
**23.40** Liverpool og Manchester United í 16 liða úrslitum Evrópudeildarinnar
**01.20** Stjörnunnar og Keflavíkur í Domino's-deild karla
**02.50** Everton og West Ham

### SPORT 2

**09.55** West Bromwich Albion og Manchester United
**11.40** Messan
**12.55** Crystal Palace og Liverpool
**14.40** Njarðvíkur og Hauka í Domino's deild karla
**16.15** Körfuboltakvöld
**17.55** Borussia Dortmund og Tottenham Hotspur. BEINT
**20.00** Liverpool og Man. Unit. BEINT
**22.00** Watford og Leicester City
**23.45** Southampton og Sunderland

### GOLFSTÖÐIN

**08.05** Cadillac Championship
**14.05** PGA Tour - Highlights
**15.00** Golfing World
**15.50** The Honda Classic
**17.50** PGA Tour - Highlights
**18.45** Golfing World
**19.35** Inside the PGA Tour
**20.00** Valspar Championship
**23.00** Inside the PGA Tour

### STÖÐ 3

**18.45** Guys With Kids
**19.10** Comedians
**19.30** The League
**20.00** Supergirl
**20.45** Discovery Atlas
**21.40** Gotham
**22.25** NCIS Los Angeles
**23.10** Justified
**23.55** First Dates
**00.45** The League
**01.10** Supergirl
**01.55** Discovery Atlas
**02.50** Gotham
**03.30** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Ofurhundurinn Krypto
**07.25** Brunabílarnir
**07.47** Ævintýraferðin
**08.00** Dóra könnuður
**8.24** Mörgæsirnar
**08.45** Tom and Jerry
**08.50** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Rasmus Klumpur
**09.55** UKI
**10.00** Lína Langsokkur
**10.23** Latibær
**10.48** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Ofurhundurinn Krypto
**11.24** Brunabílarnir
**11.48** Ævintýraferðin
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar
**12.45** Gulla og grænjaxlarnir
**12.55** Tom and Jerry
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Rasmus Klumpur
**13.55** UKI
**14.00** Lína Langsokkur
**14.23** Latibær
**14.48** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Ofurhundurinn Krypto
**15.24** Brunabílarnir
**15.48** Ævintýraferðin
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar
**16.45** Gulla og grænjaxlarnir
**16.55** Tom and Jerry
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Rasmus Klumpur
**17.55** UKI
**18.00** Lína Langsokkur
**18.23** Latibær
**18.48** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Paranorman



Svampur Sveinsson kl. 09. 24, 13.24 og 17.24

### GULLSTÖÐIN

**18.45** Friends
**19.10** Raising Hope
**19.35** Poppsvar
**20.15** Cold Feet 5
**21.10** Major Crimes
**21.55** The Sopranos
**22.55** Peaky Blinders
**23.55** It's Always Sunny in Philadelphia
**00.15** Mind Games
**01.00** Poppsvar
**01.40** Cold Feet 5
**02.30** Major Crimes
**03.15** The Sopranos
**04.10** Peaky Blinders
**05.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### BÍÓSTÖÐIN

**12.40** Garfield. A Tail of Two Kitties
**13.55** Grace of Monaco
**15.35** Yes Man
**17.20** Garfield. A Tail of Two Kitties
**18.35** Grace of Monaco Nicole Kidman leikur hina glæsilegu Grace Kelly sem var kvikmyndastjarna í Hollywood á sjötta áratugnum. Það vakti heimsathygli þegar hún gekk í hjónaband með Rainer III fursta af Mónakó árið 1956 og var þá talað um brúðkaup aldarinnar. Á einu ári breytist líf hennar frá því að vera heimsfræg kvikmyndastjarna í að verða enn frægari furstynja, eiginkona og móðir.
**20.15** Yes Man
**22.00** Fed up Mögnuð heimildarmynd frá árinu 2014 sem fjallar um áhrif viðbætts sykurs í bandarískum matvælaiðnaði á heilsu manna. Notkun á sykri hefur skapað eitt alvarlegasta heilsufarsvandamál sem bæði Bandaríkin og fleiri lönd eru að glíma við í dag.
**23.35** Joe
**01.35** A Single Shot
**03.30** Fed up

### RÚV

**16.15** Violetta
**17.00** Kiljan
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**17.56** Stundin okkar
**18.20** Veistu hvað ég elska þig mikið?
**18.32** Eðlukrúttin
**18.43** Hrúturinn Hreinn
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.15** Tobias og sætabrauðið – Tyrkland
**20.45** Martin læknir
**21.35** Best í Brooklyn
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Lögregluvaktin
**23.05** Svikamylla
**00.05** Skylduverk
**01.05** Kastljós
**01.40** Fréttir
**01.55** Dagskrárlok

### SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.22** Dr. Phil
**09.07** Top Chef
**09.52** Minute to Win It
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**12.20** Dr. Phil
**13.05** Leiðin á EM 2016
**13.35** America's Next Top Model
**14.21** The Muppets
**14.45** The Voice
**16.18** The Tonight Show
**17.00** The Late Late Show
**17.41** Dr. Phil
**18.25** Everybody Loves Raymond
**18.45** King of Queens
**19.10** How I Met Your Mother
**19.35** America's Funniest Home Videos
**20.00** The Biggest Loser - Ísland
**21.10** Billions
**22.05** Scandal
**22.50** The Tonight Show
**23.30** The Late Late Show
**00.10** Scorpion
**00.55** Law & Order. Special Victims Unit
**01.40** The People v. O.J. Simpson
**02.25** Billions
**03.20** Scandal
**04.05** The Late Late Show
**04.45** Pepsi MAX tónlist

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

„SANNKALLAÐIR SVIÐSTÖFRAR!“
- THE SUNDAY TELEGRAPH

„ÓTRÚLEGUR KRAFTUR, FÁGUN OG HNYTTNI!“
- THE INDEPENDENT ON SUNDAY

„UNDRAVERÐ ORKA OG ÓTRÚLEGUR AGI!“
- THE EVENING STANDARD

SÍÐAST SELDIST UPP Á 4 SÝNINGAR!

**REYKJAVÍK**
LONDON
NEW YORK
DUBAI
LAS VEGAS



STOMP PRODUCTIONS OG GLYNIS HENDERSON PRODUCTIONS KYNNA Í SAMSTARFI VIÐ SENU LIVE

# STOMP

**HARPA 11. & 12. JÚNÍ**

# MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 10!

Floridana
LIFÐU VEL!

MIÐASALA Á TIX.IS, HARPA.IS OG Í MIÐASÖLU HÖRPU.
NÁNAR Á WWW.SENA.IS/STOMP

sena LIVE!

# Negldi annað sætið í sinni fyrstu keppni

„Ég held ég sé eini Íslendingurinn sem farið hefur á pall,“ segir Thelma Björk Hlynsdóttir sem á þriðjudag landaði silfri á Norðurlandamóti þjóna sem haldið var í Danmörku. „Þetta var mjög gaman, en líka erfitt þar sem ég bý í Finnlandi og hafði aðeins eins og hálfs mánaðar fyrirvara á meðan margir hafa heilt ár til að undirbúa sig. Ég hafði ekki spons né heldur gat ég tekið tímæfingar með íslenska kokkinum í ljósi fjarlægðarinnar. Eina tímaæfingin var í raun bara í keppninni og fólkið sem ég keppti á móti var mjög pró, til dæmis sigurvegarinn frá í fyrra.“

Það hafði þó greinilega ekki áhrif á Thelmu sem eins og áður segir hafnaði í öðru sæti. Þess ber jafnframt að geta að þetta var hennar alfyrsta keppni og hún yngsti keppandinn. „Jú, vissulega var dálítið stressandi að byrja á að taka þátt í Norðurlandamóti,“ segir hún og skellir upp úr.

Aðspurð um hvernig þjónar keppi sín á milli um að verða besti þjónninn svarar hún því til að þær séu allnokkrar þrautirnar sem beri að leysa. „Þetta eru til dæmis tímasett borðsetning, pólering, skreyting borða og svo kampavínssattering þar sem maður sker stútinn af og hellir hnífjafnt í átta glös í einni tilraun. Þá er blindsmakk og maður verður að geta sagt úr hvaða vínþrúgu vínið er hverju sinni, auk vínþörunar. Þar setur maður saman vín með hverjum rétti án þess að smakka matinn og hefur til þess þrjátíu mínútur. Ostaskurður er sömuleiðis keppnisgrein, en þá vel ég vín með ostum og fékk að vita kvöldið áður hvaða ostar yrðu til keppni. Þá lærir maður allt um ostana og vínin.“ Þetta er því heilmikil vinna og greinilega ekki aðeins líkamleg því Thelma þurfti að læra utan að tvo ólíka matseðla þar sem hún var með tvö sex manna borð. „Ég er reyndar með ágætis reynslu, þar sem ég starfa á veitingastaðnum Olo í Helsinki. Staðurinn er Michelin-staður og þar er til dæmis boðið uppá átján rétta matseðil, þar sem fólk borðar í þrjár eða fjórar klukkustundir,“ útskýrir hún glaðlega.

Thelma segist býsna ánægð með veruna í Helsinki og sannarlega sé draumur þjóns að fá að starfa á Michelin-stað eins og Olo, sem jafnframt var valinn besti veitingastaður borgarinnar í ár. „Kærastinn minn er kokkur og þegar við fengum boð um að koma stukkum við á það enda erfitt að komast að á svona veitingastað. Nú höfum við verið hér í átta mánuði og fílum okkur vel. Tungumálið er vissulega öðruvísi og stundum svolítil einangrun. En þetta er skemmtilegt.“ Skyldi næstbesti þjónn á norðurlandavísu ætla sér að snúa heim og leggja íslenskan veitingabransa að fótum sér? „Nei ég hugsa að stoppið yrði stutt, nú langar mig að komast að á veitingastöðum með tvær eða þrjár Michelin-stjörnur,“ segir hún og hlær innilega í lokin. **gudrun@frettabladid.is**



**Thelma Björk var að vonum yfir sig ánægð með árangurinn og smakkar hér á silfrinu.** MYND/BJARNI GUNNAR KRISTINSSON

**ÞAR SETUR MAÐUR SAMAN VÍN MEÐ HVERJUM RÉTTI ÁN ÞESS AÐ SMAKKA MATINN OG HEFUR TIL ÞESS ÞRJÁTÍU MÍNÚTUR. OSTASKURÐUR ER SÖMULEIÐIS KEPPNISGREIN, EN ÞÁ VEL ÉG VÍN MEÐ OSTUM OG FÉKK AÐ VITA KVÖLDIÐ ÁÐUR HVAÐA OSTAR YRÐU TIL KEPPNI. ÞÁ LÆRIR MAÐUR ALLT UM OSTANA OG VÍNIN.**



**Luminous Pariah komst fyrst í kynni við burlesque árið 2009.** MYND/ERNIE SAMPERA

# Varð að verða hluti af geggjuðum heimi

Í kvöld verður sérlegur kabarettviðburður á skemmtistaðnum Húrra og meðal þeirra sem fram koma er boylesque-stjarnan **Luminous Pariah** sem er sem stendur á Evróputúr og kemur víða við.

Boylesque-stjarnan Luminous Pariah er staddur hér á landi í stuttu stoppi en hann er sem stendur á Evrópureisu. Hann er þó ekki staddur hér í neins konar fríi þar sem hann mun í kvöld koma fram á kabarett sem runninn er undan rifjum Hits & Tits dúósins sem skipað er þeim Margréti Erlu Maack og Ragnheiði Maísól Sturludóttur.

„Ég komst í kynni við burlesque árið 2009 og varð gjörsamlega heillaður af snilldarlegri blöndunni af kómedíu, leikhúsi, dansi og erótík. Ég vissi strax að ég yrði einhvern veginn að verða hluti af þessum geggjaða heimi. Líkt og haldinn af þráhyggju byrjaði ég að mæta á hvaða burlesque- og kabarett-sýningar sem ég gat,“ segir hann um sín fyrstu kynni af burlesque. Eftir að hafa skellt sér á sýningar hitti hann fyrir lærifföður sinn, Indigo Blue, og kynntist fleira fólki með sama áhugasvið í San Francisco. „Af þeim lærði ég meira um hvernig á að stríða, tæla og lifa án þess að biðjast afsökunar. Ég elska að fólk geti fagnað því nákvæmlega hvert það er, fagnað líkamanum og lífinu á sama tíma og það skemmtir hóp af fólki.“

Líkt og áður sagði er Luminous nú á faraldsfæti á Evróputúr og kemur víða við en þeir staðir sem hann hefur heimsótt eða mun heimsækja eru meðal annars París, Las Palmas, München, Helsinki, Prag og Búdapest auk fleiri borga í Evrópu. Hann segist hafa afar gaman af því að ferðast og reyna að koma fram utan heimahaganna hvenær sem hann kemur því við. Og þetta er ekki í fyrsta sinn sem Luminous sækir land og þjóð heim, hann kom í fyrrasumar fram í fullorðinssirkusnum Skinnsemi og segir hann það hafa verið áhugaverða upplifun að skemmta Íslendingum.

„Þegar ég kom fram fyrst var grafarþögn en þegar ég var rúmlega hálfnaður með atriðið mitt þá var fólk aðeins farið að hitna. Áhorfendur voru fremur þöglir á meðan á sýningunni stóð en mjög þakklátir eftir sýninguna. Ég kalla þetta kurteisisleikhúsáhorfendur, það var eins og þeir vildu ekki gefa frá sér hljóð á meðan á sýningunni stóð og trufla listamanninn en það er venjulega það sem gefur okkur orku. Ég hef gaman af ólíkum menningarheimum vítt og breitt um heiminn og áhorfendur gefa vissa mynd af ólíkum borgum.“

Auk þess að koma fram í kvöld á Húrra mun hann einnig blása til stutts burlesque- og boylesque-námskeiðs í Kramhúsinu á föstudaginn en skráning á námskeiðið og allar nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni kramhusid.is. Kabarettinn hefst klukkan 21.00 á Húrra en auk Luminous munu ýmsir góðir gestir stíga koma fram, meðal annars gestir frá fullorðinssirkusnum Skinnsemi og Lalli töframaður. Miðaverð er 2.500 krónur og hægt er að nálgast miða á á vefsíðunni Tix.is. **gydaloa@frettabladid.is**


NÝTT
NÓA
Trítlar
Trítilgóðir
NÓA
Trítlar
Síkætandi
súkkulaðihjúpað
lakkríshlaup
Æðisgengið
sykurhúðað
súrt ávaxtahlaup

# Fyrirferðarmestu trendin á tískuvikunni

Tískuvikunni í París er nýlokið og **Adda Soffía Ingvarsdóttir**, blaðamaður á Glamour, tók saman hvaða trend voru mest áberandi í höfuðborg tískunnar.

## Áberandi aukahlutir



### Klútur á háls

HÁLSKLÚTARNIR VERÐA MÉR TIL MIKILLAR GLEÐI VINSÆLIR ÁFRAM, EN ÞAÐ ER GAMAN AÐ NOTA ÞÁ TIL AÐ POPPA UPP DRESS.



### Hentu á þig flottum hatti

HATTARNIR ERU MJÖG SKEMMTILEGIR, SÉRSTAKLEGA FRÁ CHANEL, OG VERÐUR GAMAN AÐ SJÁ HVORT BÚÐIRNAR API ÞETTA EFTIR ÞEIM.



### Áberandi eyrnalokkar

STÓRU EYRNALOKKARNIR HALDA LÍKA ÁFRAM AÐ VERA VINSÆLIR, EN SVONA LOKKAR ÞURFA EKKI MEIRA MEÐ OG GERA MIKIÐ.

### Breitt belti

BREIÐU MITTISBELTIN GETA GERT HVAÐA DRESS SEM ER FLOTT. PLÚS AÐ ÞAÐ BÝR TIL ÞETTA FÍNA MITTI Á MANN.









## Læri, læri tækifæri

ÞESSI TÍSKA HENTAR OKKUR Á KLAKANUM VEL, ENDA GOTT AÐ GETA FARIÐ Í HÁA SOKKA YFIR SOKKABUXUR EÐA HÁ STÍGVÉL Í KULDANUM.










## Áberandi axlir

ÞAÐ ER BARA ÞANNIG AÐ TÍSKAN FER ALLTAF Í HRINGI OG NÚ ER KOMIÐ AÐ AXLAPÚÐUNUM. SKEMMTILEGT TREND SEM ÞARF AÐ VENJAST.







## Pífur og púffermar

ÞAÐ ER LANGT SÍÐAN VIÐ SÁUM MIKIÐ AF PÍFUM OG BJÓÐUM ÞÆR ÞVÍ VELKOMNAR AFTUR. ÞÆR VORU VINSÆLAR Á SKYRTUM, PILSUM, KJÓLUM OG MEIRA AÐ SEGJA BUXUM Á FLESTUM SÝNINGUM. FER SÉRSTAKLEGA VEL MEÐ HÁLSKLÚTNUM.







## Of stórt – en samt ekki

ÞETTA TREND VAR SÉRSTAKLEGA ÁBERANDI HJÁ STELLA MCCARTNEY OG CELINE, ENDA FÁTT NOTALEGRA EN RISASTÓR PEYSA EÐA KÁPA Í KULDA.


ÁLFTAGERÐIS-
BRÆÐUR
Sérstakir gestir: Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú), Ragnar Bjarnason og Örn Árnason. Hljómsveit undir stjórn Gunnars Þórðarsonar, ásamt Stefáni R. Gíslasyni undirleikara.
Sunnudaginn 17. apríl, kl. 20:00 í Eldborg
Það verður enginn svikinn af stórglæsilegum tónleikum hinna söngelsku Álftagerðisbræðra, en þeir koma fram í Eldborgarsal Hörpu ásamt fjölda góðra gesta þann 17. apríl. Í ár eru það spéfuglinn Örn Árnason, stórsöngkonan Diddú og hinn síungi Raggi Bjarna sem heiðra bræðurna með nærveru sinni og söng. Ekki missa af þessum einstaka viðburði.
Miðasala á midi.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528 5050.
HARPA
DÆGURFLUGAN



Listamennirnir Erla Björk og Kristján Ellert eru fagmenn fram í fingurgóma.



Eygló segist minnst hafa gert, þau Erla og Kristján hafi séð um stærsta hlutann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Bjóst alltaf við að þetta yrði flott

Listamennirnir **Erla Björk Sigmundsdóttir** og **Kristján Ellert Arason** tóku höndum saman við fatahönnuðinn Eygló. Úr urðu einstakir kjólar sem verða til sýnis á HönnunarMars. Þríeykið er algjörlega alsælt með samstarfið.

Dáldið skrítið því ég hef aldrei áður tekið þátt í svona tískusýningu. Gaman að taka þátt í sýningum og hitta fólk," svarar Kristján Ellert Arason sem í slagtogi við Erlu Björk Sigmundsdóttur og Eygló Margréti Lárusdóttir hefur unnið að tveimur kjólum sem frumsýndir voru á Hlemmur Square í gærkvöldi. Um ræðir sýninguna Leið 10, þar sem List án landamæra varpar ljósi á samstarf milli hönnuða og fatlaðs listafólks og þannig verið að undirstrika að list fatlaðra eigi að vera sjálfsagður hlutur af menningu landsins. Framkvæmd verkefnisins var með þeim hætti að fjögur teymi voru mynduð, sem unnu með ólík sérsvið á borð við upplifunarhönnun, grafíska hönnun, vöruhönnun og fatahönnun. Auk þríeykisins taka þau Attikatti, Ragnar Vilberg Bragason, Helga Björg Jónasardóttir, Atli Viðar Engilbertsson, Mundi Vondi og Sindri Ploder þátt í sýningunni.

Sáu þau Erla Björk, sem jafnframt er listamaður hátíðarinnar, og Kristján um að sauma út í efni sem fatahönnuðurinn Eygló sendi þeim á Sólheima. „Þau gerðu mestu vinnuna," bendir Eygló á og heldur áfram: „Þau höfðu algjörlega frjálsar hendur og sáu um að sauma út í efnið sem ég svo setti á kjólana. Þetta samstarf var furðu auðvelt, ég bjóst við að þetta yrði flott en útkoman kom mér samt mjög skemmtilega á óvart. Það er sannur heiður að fá að vinna með þessum listamönnum."

**ÉG HAFÐI ALDREI HITT ÞAU OG VISSI Í RAUN EKKERT ÚT Í HVAÐ ÉG VAR AÐ FARA. ÞAU TÓKU TVÆR TIL ÞRJÁR VIKUR Í ÞETTA OG ÉG ER MJÖG ÁNÆGÐ MEÐ SAMSTARFIÐ.**

Eygló segir þau Erlu og Kristján vinna á ólíkan hátt, þó þau saumi bæði út. „Vanalega vinn ég bara fyrir sjálfa mig svo það var mjög skemmtilegt að taka einhvern aðeins annan pól í það sem maður er að gera. Ég hafði aldrei hitt þau og vissi í raun ekkert út í hvað ég var að fara. Þau tóku tvær til þrjár vikur í þetta og ég er mjög ánægð með samstarfið." Þau Kristján og Erla Björk taka í sama streng og samsinna bæði er þau eru spurð um hvort samstarfið hafi gengið vel. Þau eru svo sem engir aukvisar þegar kemur að saumaskap og hafa lengi vel mundað nálarnar. „Ég hef alltaf verið dugleg að sauma og sauma myndir líka," segir Erla og viðurkennir að henni þyki mjög gaman að vera titluð listamaður hátíðarinnar. „Líður vel og finnst það gaman."

Aðspurður hvort hann, líkt og Erla Björk, hafi alltaf verið öflugur við saumaskapinn svarar Kristján hógværðin uppmáluð: „Ég get ekki dæmt um það, aðrir verða að dæma um það." En bætir svo við að allan sinn innblástur sæki hann í tónlistina, enda mikill tónlistarunnandi. Skyldu þau áætla frekari umsvif innan hönnunarbransans með Eygló? „Nei, ég býst ekki við því," svarar Kristján að lokum, býsna ánægður með árangurinn að svo stöddu. **gudrun@frettabladid.is**




## Patterson hannar fyrir Dior

Ljósaskiptakóngurinn Robert Patterson hefur framlengt samning sinn við tískuhúsið Dior. Hann hefur verið andlit herrailmsins síðan árið 2013. Nú er svo komið að Patterson hefur fært sig upp á skaftið og er farinn að hanna föt undir merkjum tískurisans. Hefur leikarinn eytt undanförnum tveimur árum í að flakka um heiminn og kynna sér ólíka stíla og stefnur, sem birtast svo í hönnun hans, enda sækir hann innblásturinn í þær borgir sem hann heimsækir. „Ég sé til dæmis að gallaefni og vinnumannslegt yfirbragð hentar vel í Los Angeles, en í London er það ullin og prjónavörurnar sem blíva," segir Patterson. Nú þegar eru nokkrar flíkur klárar en munu hins vegar bíða með að líta dagsins ljós þar til í apríl er línan verður formlega kynnt. „Ég er hvergi eins afslappaður í vinnunni og í þessum bransa," segir hann og lýsir yfir áhuga á að fólk sjái hann í öðru ljósi en sem föla og dramatíska vampíru, og séu starfsvettvangsskiptin því gráupplögð. Ætla má að Patterson fái einhverja hjálp heima hjá sér, en hann er í sambandi með tónlistarkonunni FKA Twigs sem þykir ansi framúrstefnuleg og smart í klæðaburði. – **ga**



Patterson er glæsilegur í alla staði. NORDICPHOTOS/GETTY



# Tískuvaka í miðborginni

## VERSLANIR OPNAR TIL KL. 21 Í KVÖLD

Tískunni er gert hátt undir höfði á hinni árlegu Tískuvöku í miðborginni. Fjöldi verslana býður upp á sérstök tilboð, veitingar, tónlist og aðrar uppákomur í tilefni dagsins.

**Alltaf nóg af bílastæðum og munið bílastæðahúsin.**

ANNARANNA
**20% afsláttur af öllum skóm. Veitingar í boði.**
Laugavegi 77

eva
**Fimmtudagspartí, opið til kl 21. Full búð af spennandi vorvörum.**
Laugavegi 26

freebird
**Nýjar dásamlegar vor 2016 vörur komnar.**
Laugavegi 46

GK REYKJAVIK
**Edda Bergsteinsdóttir sýnir skartgripalínuna SEB animals.**
Skólavörðustíg 6

ILSE JACOBSEN HORNBÆK
**20% af kjólum, peysum, toppum, buxum o.fl.**
Laugavegi 33

Lífstykkjabúðin stofnuð 1916
**15% afsláttur.**
Laugavegi 82

EINVERA
**20–50% afsláttur af völdum vörum og léttar veitingar í boði.**
Laugavegi 35

Kaffitár
**Kaffitár í Safnahúsi, Hverfisgötu 15 og Bankastræti 8.**
Safnahúsi og Bankastræti 8

Kjólar & Konfekt kjolar.is
**20% afsláttur af snyrtivörum. Opið til kl. 21.**
Laugavegi 92

kokka laugavegi 47
**Keramik á Hönnunarmars. Fylgist með á Instagram @kokkarvk**
Laugavegi 47

KÚNÍGÚND
**20–40% afsláttur af völdum vörum.**
Laugavegi 53b

2015 BRYGGJAN BRUGGHÚS bistro & brewery REYKJAVÍK
**Sunna Gunnlaugs flytur tónlistina úr myndinni Reykjavík kl. 21.**
Grandagarði 8

hrím HÖNNUNARHÚS
**10% afsláttur af öllu og súkkulaði á kantinum**
Laugavegi 25

38 ÞREP Laugavegi 49 / sími 561 5813
**Verið hjartanlega velkomin.**
Laugavegi 49

Ullarkistan LAUGAVEGI 25 101 REYKJAVÍK HAFNARSTRÆTI 99-101 600 AKUREYRI WWW.ULLARKISTAN.IS
**20%–40% afsláttur af völdum vörum.**
Laugavegi 25

P
Bergstaðir
Kolaport
Ráðhúsið
Stjörnuport
Traðarkot
Vesturgata
Vitatorg

BÍLASTÆÐASJÓÐUR
ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ

MIÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!
— WWW.MIDBORGIN.IS —

MIÐBORGIN OKKAR

# Kom sér í form fyrir hlutverkið

Leikritið Hleyptu þeim rétta inn í leikstjórn Selmu Björnsdóttur verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í dag. **Hallgrímur Ólafsson** leikari hefur undanfarnar níu vikur verið í stífu prógrammi hjá einkaþjálfara fyrir hlutverk sitt en hann leikur Mikka í sýningunni.



Haraldur Ólafsson leikari segir leikhópinn vel stemmdan fyrir kvöldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það er mjög góð stemning í hópnum, frumsýningin átti að vera fyrir tveimur vikum svo það er óhætt að segja að sýningin sé tilbúin, en það þurfti að fresta frumsýningunni vegna slyss sem átti sér stað á æfingu með þeim afleiðingum að aðalleikkona sýningarinnar, Vigdís Hrefna, slasaðist og gat því miður ekki tekið þátt áfram, svo síðustu tvær vikur hafa farið í það að koma leikkonunni Láru Jóhönnu inn í hlutverk Vigdísar, en það hefur gengið alveg frábærlega. Lára er alveg ótrúleg leikkona - að geta stokkið inn í svona stórt og veigamikið hlutverk með svona stuttum fyrirvara er alveg rosalegt. Ég á eiginlega ekki orð yfir það, hún er nánast inni á sviðinu allan tímann og gerir þetta mjög vel,“ segir Hallgrímur Ólafsson leikari spenntur fyrir kvöldinu

Leikritið Hleyptu þeim rétta inn fjallar um Óskar sem er einmana og vinalaus drengur sem er lagður í gróft einelti í skóla. Þegar hin dularfulla Elí flytur inn í blokkina hans við hliðina á honum umturnast tilvera Óskars þar sem undarlegir og óhugnanlegir atburðir fara að eiga sér stað á svæðinu. Óskar áttar sig smám saman á því hvert leyndarmál Elí er, hún er vampíra, sem verður að nærast á blóði fólks til að komast af.

„Ég leik Mikka, ungan dreng, sem leggur Óskar í einelti ásamt félaga sínum. Mikki er í grunninn alls ekkert vondur strákur en tekur þátt til þess að falla í hópinn og vera samþykktur. En þetta er mjög ljótt og illa gert af þeim félögum,“ segir Halli.

Þar sem Hallgrímur leikur barn í sýningunni, sjálfur orðinn þriggja barna faðir og kominn á fertugsaldurinn fannst honum ekkert annað hægt að gera í stöðunni, en að taka sig í gegn og koma sér í gott líkamlegt form.

„Þegar ég fór á samlestur á leikritinu fyrr í vetur, áttaði ég mig á því að ég var að fara að leika barn í sýningunni, og þar sem ákveðnar senur í leikritinu eiga sér stað bæði inni í sundlaug og búningsklefa, þar sem ég kem til með að vera ber að ofan var ekkert annað í stöðunni en að skella mér í góða líkamsrækt, ég var kominn með hálfgerða hveitipabbabumbu sem mér fannst alls ekki ganga upp í þessu hlutverki. Ég hafði samband við æskufélaga minn, Garðar Sigvaldason einkaþjálfara í Sporthúsinu. Ég hef verið í frekar stífu prógrammi í níu vikur og misst heil sex kíló. Þetta er frábær tilfinning, allt miklu léttara og ég hef mun meiri orku en ég hafði, en ég verð samt að viðurkenna að mér finnst alls ekkert skemmtilegt að stunda líkamsrækt,“ segir Halli léttur í bragði og bætir við að vonandi eigi það eftir að breytast þar sem hann er staðráðinn í því að halda sér áfram í góðu formi.



**ÞEGAR ÉG FÓR Á SAMLESTUR Á LEIKRITINU FYRR Í VETUR, ÁTTAÐI ÉG MIG Á ÞVÍ AÐ ÉG VAR AÐ FARA AÐ LEIKA BARN Í SÝNINGUNNI, OG ÞAR SEM ÁKVEÐNAR SENUR Í LEIKRITINU EIGA SÉR STAÐ BÆÐI INNI Í SUNDLAUG OG BÚNINGSKLEFA, ÞAR SEM ÉG KEM TIL MEÐ AÐ VERA BER AÐ OFAN VAR EKKERT ANNAÐ Í STÖÐUNNI EN AÐ SKELLA MÉR Í GÓÐA LÍKAMSRÆKT.**

Fram undan er nóg um að vera hjá Hallgrími en hann mun taka þátt í Djöflaeyjunni sem fer á fjalir Þjóðleikhússins næstkomandi haust, ásamt fleiri skemmtilegum verkefnum.

„Það er búið að vera nóg að gera í leikhúsinu, en í vetur hef ég, ásamt því að leika í Hleyptu þeim rétta inn, leikið í Móðurharðindunum, Sporvagninum Girnd og Leitinni að jólunum. Fram undan er svo Djöflaeyjan í haust þar sem ég fer með hlutverk Grettis en það var Guðmundur Ólafsson sem lék hann í kvikmyndinni hér á árum áður. Svo er ég að leikstýra leikritinu Fullkomið brúðkaup sem framhaldsskólinn á Akranesi er að setja upp, ásamt því hef verð ég verkefnastjóri á Írskum dögum sem fram fara á Akranesi í sumar. **gudrunjona@frettabladid.is**




REYKJAVÍK
Fiskislóð 1
Sími 580 8500

AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3
Sími 460 3630

OPNUNARTÍMI
Mán.–fös. 10–18
Lau. 10–16

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

# Fetar í fótspor móður sinnar í tískuheiminum

Fjölmiðlar vestanhafs halda því fram að hin 14 ára gamla Kaia Gerber verði næsta stóra nafnið í fyrirsætuheiminum en hún er dóttir ofurfyrirsætunnar Cindy Crawford sem var ein þekktasta ofurfyrirsæta heims á níunda og tíunda áratugnum. Cindy Crawford hefur þó að mestu lagt fyrirsætustörfin á hilluna og einbeitt sér að góðgerðarmálum og fjölskyldunni.

Kaia Gerber landaði nýverið sinni fyrstu tískuherferð fyrir stórfyrirtækið Chrome Hearts. Ungstirnið kemur til með að vera í vorherferð fyrir Chrome Hearts, sem sérhæfir sig í að framleiða skartgripi og fylgihluti en fyrirtækið tilkynnti fréttirnar á Instagram-síðu sinni með því að deila myndum af Gerber.

Síðastliðin ár hefur Gerber verið á samningi hjá IMG Models umboðsskrifstofunni, en hún hefur nú þegar setið fyrir hjá Steven Meisel fyrir ítalska Vogue ásamt fleiri stórverkefnum í módelbransanum.



**Mæðgurnar Kaia Gerber og Cindy Crawford flottar saman.** NORDICPHOTOS/GETTY.

# FERMINGARTILBOÐ

# RÚMFÖT FRÁ 7.990 kr.

15 GERÐIR AF RÚMFÖTUM Á TILBOÐI
SJÁÐU ÚRVALIÐ Á LINDESIGN.IS







Tré lífsins
Með útsaum og applikeringu
140x200
Verð nú 9.990 kr
Verð áður 14.990 kr

Friður
Grátt með útsaum
140x200
Verð nú 8.990 kr
Verð áður 12.980 kr

Áttablaðarós
Grá með svörtum útsaum
140x200
Verð nú 9.990 kr
Verð áður 12.980 kr



## DÚNSÆNG FYRIR FERMINGARBARNIÐ

Léttar og hlýjar dúnsængur fyrir fermingarbarnið.
Eingöngu 100% náttúruleg efni, dúnn og bómull.
Allur dúnn er hitahreinsaður án kemískra efna.

100% DÚNN
790G DÚNN
140x200
Verð nú 23.994 kr
Verð áður 39.990 kr




NÚ FYLGJA TVEIR MIÐAR Í LAUGARÁRSBÍÓ Á MYNDIRNAR THE BOSS EÐA THE HUNTSMAN ÖLLUM SELDUM RÚMFÖTUM OG DÚNSÆNGUM Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

MIÐAR Á JUSTIN BEIBER

FERMINGALEIKUR
LÍN DESIGN

KOMDU OG SKRÁÐU FERMINGARBARNIÐ

Lín DESIGN

LAUGAVEGI 176 | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS

# VINNINGASKRÁ

3. flokkur 2016
útdráttur 8. mars 2016

# HAPPDRÆTTI SÍBS

Happdrætti SÍBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi

**AÐALVINNINGUR** **kr. 5.000.000**
74795

**AUKAVINNINGAR** **kr. 100.000**
74794 74796

**PENINGAVINNINGAR** **kr. 500.000**
941 12478 14622 16187 21670 36346 39559 55891 56490 71301

**PENINGAVINNINGAR** **kr. 50.000**

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1402 | 7150 | 11881 | 21086 | 28156 | 35320 | 40841 | 49964 | 54440 | 61035 | 67633 | 72651 |
| 1640 | 7287 | 12326 | 21095 | 28321 | 35368 | 41138 | 49999 | 55106 | 61364 | 68412 | 72779 |
| 2028 | 8221 | 12407 | 21269 | 28364 | 35603 | 41274 | 50689 | 55173 | 61715 | 69014 | 73150 |
| 2468 | 8242 | 12504 | 21412 | 28682 | 35838 | 41433 | 50714 | 55357 | 61749 | 69158 | 74219 |
| 2552 | 8935 | 12770 | 21522 | 29547 | 36007 | 41517 | 50833 | 55458 | 61948 | 69171 | 75225 |
| 2574 | 9408 | 12825 | 21528 | 29555 | 36441 | 41714 | 50839 | 55820 | 62020 | 69480 | 75587 |
| 2647 | 9476 | 13823 | 21535 | 29596 | 36669 | 43084 | 51193 | 55876 | 63117 | 69513 | 75919 |
| 2762 | 9605 | 14543 | 21675 | 29929 | 36702 | 43376 | 51291 | 56269 | 63270 | 69542 | 76908 |
| 2769 | 9715 | 14582 | 22114 | 30661 | 36718 | 44169 | 51421 | 56328 | 63486 | 69767 | 77093 |
| 2885 | 9859 | 15522 | 22905 | 30748 | 37336 | 44422 | 51622 | 56410 | 63682 | 70116 | 77432 |
| 3401 | 9888 | 15804 | 23001 | 31485 | 37572 | 45654 | 51965 | 56567 | 64176 | 70552 | 77558 |
| 4184 | 9959 | 16237 | 23279 | 32221 | 38594 | 46131 | 52114 | 57035 | 64480 | 70804 | 77582 |
| 4412 | 10054 | 16465 | 23969 | 32367 | 38832 | 46795 | 52366 | 57241 | 64584 | 70863 | 78007 |
| 4558 | 10271 | 16647 | 24255 | 32640 | 38893 | 47068 | 52617 | 57281 | 64732 | 71309 | 79036 |
| 5557 | 10362 | 17953 | 25436 | 32758 | 38957 | 47430 | 53115 | 57301 | 64967 | 71416 | 79147 |
| 5587 | 10429 | 18082 | 25580 | 33770 | 39262 | 47710 | 53226 | 57813 | 65255 | 71764 | 79545 |
| 5987 | 10552 | 18526 | 25830 | 33853 | 39566 | 48779 | 53333 | 58207 | 65559 | 71987 | 79763 |
| 6389 | 10899 | 18637 | 26458 | 34065 | 39779 | 48858 | 53830 | 58277 | 65629 | 72139 | 79789 |
| 6496 | 10967 | 20384 | 27080 | 34071 | 40381 | 49444 | 53896 | 58600 | 66311 | 72189 | 79951 |
| 6793 | 11060 | 20807 | 27619 | 34644 | 40592 | 49592 | 53994 | 59658 | 66690 | 72424 | |
| 7051 | 11725 | 21077 | 27901 | 35251 | 40682 | 49881 | 54048 | 60783 | 67147 | 72615 | |

**VÖRUÚTTEKT HJÁ HAGKAUPUM** **kr. 30.000**

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 19 | 5702 | 11926 | 19842 | 27323 | 34377 | 40611 | 46641 | 52269 | 59424 | 66616 | 72599 |
| 41 | 5786 | 11991 | 20139 | 27525 | 34511 | 40722 | 46720 | 52332 | 59434 | 66675 | 72602 |
| 181 | 5804 | 12038 | 20257 | 27569 | 34636 | 40771 | 46761 | 52933 | 59812 | 66686 | 72919 |
| 262 | 5978 | 12084 | 20284 | 27576 | 34691 | 40780 | 46986 | 53171 | 60090 | 66878 | 72956 |
| 283 | 6266 | 12139 | 20414 | 27891 | 35069 | 40790 | 47004 | 53216 | 60149 | 66899 | 72962 |
| 313 | 6377 | 12408 | 20502 | 28042 | 35189 | 40792 | 47042 | 53466 | 60223 | 66993 | 73006 |
| 370 | 6394 | 12515 | 20698 | 28116 | 35447 | 40793 | 47260 | 53659 | 60672 | 67170 | 73126 |
| 713 | 6456 | 12796 | 20823 | 28242 | 35462 | 40867 | 47363 | 54026 | 60804 | 67447 | 73651 |
| 753 | 6466 | 12856 | 21143 | 28646 | 35480 | 40960 | 47565 | 54608 | 60879 | 67768 | 73689 |
| 829 | 6636 | 13040 | 21164 | 28771 | 35576 | 41361 | 47707 | 54692 | 61107 | 67843 | 73690 |
| 838 | 6784 | 13189 | 21197 | 28797 | 35708 | 41472 | 47782 | 54736 | 61409 | 67976 | 73802 |
| 1031 | 6864 | 13348 | 21260 | 28840 | 35803 | 41496 | 47992 | 55027 | 61563 | 68012 | 74161 |
| 1404 | 6879 | 13515 | 21303 | 28928 | 35855 | 41508 | 48137 | 55249 | 61569 | 68022 | 74241 |
| 1427 | 7102 | 13807 | 21329 | 28931 | 35938 | 41562 | 48164 | 55333 | 62066 | 68133 | 74409 |
| 1432 | 7152 | 13913 | 21395 | 28950 | 36113 | 41704 | 48198 | 55496 | 62128 | 68281 | 74491 |
| 1474 | 7184 | 13972 | 21419 | 29169 | 36167 | 41722 | 48200 | 55656 | 62159 | 68410 | 74809 |
| 1689 | 7298 | 14177 | 21545 | 29329 | 36414 | 41794 | 48218 | 55658 | 62343 | 68411 | 74842 |
| 1829 | 7430 | 14336 | 21744 | 29625 | 36418 | 42273 | 48222 | 55733 | 62667 | 68462 | 75022 |
| 2104 | 7480 | 14411 | 21758 | 29650 | 36458 | 42351 | 48626 | 55748 | 62670 | 68522 | 75187 |
| 2122 | 7754 | 14448 | 21835 | 29678 | 36613 | 42440 | 48941 | 55762 | 62789 | 68869 | 75234 |
| 2303 | 7821 | 14469 | 22343 | 29724 | 36652 | 42458 | 48997 | 56003 | 62844 | 69211 | 75266 |
| 2310 | 7827 | 14514 | 22541 | 29798 | 36786 | 42482 | 49082 | 56067 | 63157 | 69266 | 75582 |
| 2328 | 8463 | 14810 | 22579 | 29865 | 36791 | 42911 | 49177 | 56095 | 63160 | 69345 | 75859 |
| 2332 | 8667 | 14926 | 22663 | 29889 | 36924 | 42930 | 49211 | 56227 | 63289 | 69597 | 76017 |
| 2596 | 8871 | 14985 | 22699 | 29891 | 36960 | 43149 | 49368 | 56486 | 63299 | 69655 | 76411 |
| 2716 | 8955 | 15043 | 23035 | 30122 | 36965 | 43339 | 49460 | 56529 | 63539 | 69747 | 76454 |
| 2985 | 8964 | 15061 | 23039 | 30201 | 37163 | 43477 | 49528 | 56711 | 63604 | 69805 | 76495 |
| 3064 | 9161 | 15087 | 23040 | 30299 | 37226 | 43523 | 49662 | 56903 | 63633 | 69825 | 76602 |
| 3208 | 9179 | 15190 | 23122 | 30587 | 37297 | 43566 | 49833 | 56907 | 63828 | 69998 | 76758 |
| 3213 | 9272 | 15242 | 23306 | 30887 | 37365 | 43574 | 49840 | 56981 | 63852 | 70025 | 77155 |
| 3247 | 9689 | 15530 | 23535 | 31090 | 37502 | 43828 | 49995 | 57047 | 63947 | 70135 | 77241 |
| 3299 | 9800 | 15600 | 23542 | 31139 | 37618 | 44064 | 50009 | 57125 | 64050 | 70144 | 77307 |
| 3369 | 9811 | 15689 | 23666 | 31159 | 37695 | 44110 | 50181 | 57310 | 64138 | 70163 | 77644 |
| 3400 | 9813 | 15818 | 23813 | 31178 | 37803 | 44349 | 50376 | 57343 | 64209 | 70203 | 77958 |
| 3466 | 9981 | 16091 | 23869 | 31292 | 37953 | 44376 | 50452 | 57603 | 64313 | 70275 | 77979 |
| 3488 | 9993 | 16114 | 24294 | 31295 | 38099 | 44501 | 50509 | 57696 | 64343 | 70557 | 78173 |
| 3513 | 10070 | 16287 | 24679 | 31349 | 38137 | 44516 | 50561 | 57817 | 64408 | 70749 | 78248 |
| 3649 | 10142 | 16288 | 24711 | 31567 | 38177 | 44530 | 50583 | 57847 | 64499 | 70767 | 78261 |
| 3836 | 10216 | 16699 | 24759 | 31648 | 38577 | 44558 | 50634 | 57934 | 64578 | 70857 | 78333 |
| 4206 | 10564 | 16710 | 24838 | 31698 | 38714 | 44589 | 50651 | 57955 | 64674 | 70900 | 78498 |
| 4290 | 10607 | 16719 | 25591 | 31976 | 39009 | 45079 | 50672 | 58167 | 65051 | 70912 | 79050 |
| 4393 | 10704 | 16792 | 25608 | 32006 | 39077 | 45262 | 50835 | 58331 | 65149 | 71038 | 79197 |
| 4475 | 10721 | 17034 | 26066 | 32112 | 39127 | 45336 | 50867 | 58502 | 65154 | 71350 | 79412 |
| 4478 | 10727 | 17660 | 26110 | 32401 | 39349 | 45345 | 50931 | 58637 | 65179 | 71517 | 79899 |
| 4543 | 10927 | 17827 | 26160 | 32540 | 39367 | 45618 | 51094 | 58714 | 65293 | 71628 | 79989 |
| 4568 | 11014 | 17876 | 26206 | 32689 | 39426 | 45643 | 51361 | 58737 | 65330 | 71661 | |
| 4649 | 11340 | 18002 | 26349 | 32691 | 39519 | 45756 | 51430 | 58952 | 65334 | 71789 | |
| 4755 | 11468 | 18384 | 26412 | 33214 | 39650 | 45777 | 51468 | 58994 | 65381 | 71821 | |
| 4789 | 11583 | 19189 | 26426 | 33652 | 39693 | 45847 | 51505 | 59038 | 65648 | 71900 | |
| 4847 | 11622 | 19267 | 26443 | 33885 | 39761 | 45911 | 51514 | 59194 | 65720 | 71917 | |
| 4864 | 11729 | 19330 | 26607 | 34113 | 39864 | 46026 | 51556 | 59203 | 65824 | 71946 | |
| 4942 | 11756 | 19370 | 26708 | 34206 | 40489 | 46217 | 51941 | 59257 | 66059 | 72059 | |
| 4955 | 11759 | 19610 | 26864 | 34217 | 40494 | 46382 | 51943 | 59287 | 66117 | 72300 | |
| 5163 | 11861 | 19693 | 27175 | 34229 | 40525 | 46409 | 52031 | 59314 | 66212 | 72346 | |
| 5502 | 11865 | 19745 | 27219 | 34297 | 40596 | 46479 | 52077 | 59413 | 66542 | 72439 | |

**PENINGAVINNINGAR** **kr. 20.000**

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 172 | 6979 | 13443 | 20015 | 27878 | 33377 | 39871 | 46787 | 54346 | 59349 | 66831 | 74254 |
| 241 | 7012 | 13728 | 20309 | 27889 | 33453 | 40086 | 46838 | 54374 | 59399 | 66927 | 74296 |
| 320 | 7086 | 13752 | 20401 | 27919 | 33509 | 40148 | 46898 | 54455 | 59568 | 67137 | 74326 |
| 396 | 7149 | 13899 | 20487 | 28107 | 33633 | 40302 | 46980 | 54543 | 59709 | 67143 | 74661 |
| 534 | 7206 | 13932 | 20527 | 28214 | 33712 | 40486 | 47197 | 54569 | 59802 | 67272 | 74721 |
| 559 | 7233 | 14005 | 20618 | 28215 | 33825 | 40569 | 47285 | 54577 | 60169 | 67358 | 74780 |
| 613 | 7354 | 14024 | 20640 | 28244 | 34176 | 40683 | 47307 | 54585 | 60214 | 67503 | 74905 |
| 693 | 7390 | 14129 | 20647 | 28323 | 34280 | 40870 | 47612 | 54628 | 60359 | 67551 | 74994 |
| 789 | 7564 | 14134 | 20718 | 28412 | 34303 | 40872 | 47642 | 54769 | 60386 | 67553 | 75138 |
| 853 | 7627 | 14147 | 20738 | 28460 | 34304 | 40881 | 47686 | 54807 | 60441 | 67649 | 75198 |
| 950 | 7645 | 14167 | 20885 | 28518 | 34310 | 40894 | 47822 | 54822 | 60486 | 67753 | 75210 |
| 1105 | 7666 | 14175 | 21036 | 28683 | 34383 | 40926 | 47871 | 54908 | 60794 | 67915 | 75245 |
| 1193 | 7690 | 14229 | 21318 | 28695 | 34433 | 41028 | 48262 | 54959 | 60869 | 68307 | 75321 |
| 1322 | 7845 | 14304 | 21350 | 28731 | 34608 | 41074 | 48309 | 54983 | 61022 | 68815 | 75503 |
| 1416 | 7930 | 14374 | 21549 | 28777 | 34609 | 41663 | 48338 | 55062 | 61167 | 68950 | 75553 |
| 1789 | 8092 | 14458 | 21682 | 29011 | 34624 | 41784 | 48629 | 55066 | 61233 | 68987 | 75572 |
| 1831 | 8154 | 14519 | 21715 | 29012 | 34804 | 41786 | 48648 | 55085 | 61318 | 69001 | 75607 |
| 1897 | 8211 | 14593 | 21887 | 29156 | 34879 | 41940 | 48790 | 55190 | 61373 | 69063 | 75652 |
| 2015 | 8212 | 14628 | 22105 | 29178 | 34948 | 41948 | 48822 | 55195 | 61407 | 69104 | 75777 |
| 2080 | 8231 | 14654 | 22124 | 29394 | 35068 | 42087 | 48901 | 55250 | 61570 | 69201 | 75800 |
| 2085 | 8251 | 14665 | 22144 | 29412 | 35083 | 42311 | 48930 | 55251 | 61583 | 69249 | 75806 |
| 2209 | 8298 | 14693 | 22159 | 29490 | 35086 | 42404 | 49031 | 55273 | 61607 | 69442 | 75867 |
| 2388 | 8368 | 14771 | 22182 | 29516 | 35201 | 42435 | 49365 | 55347 | 61696 | 69543 | 76080 |
| 2514 | 8565 | 14803 | 22187 | 29592 | 35226 | 42572 | 49367 | 55391 | 61721 | 69634 | 76091 |
| 2655 | 8617 | 14857 | 22194 | 29680 | 35271 | 42598 | 49377 | 55428 | 61811 | 69719 | 76100 |
| 2742 | 8695 | 14924 | 22287 | 29717 | 35483 | 42732 | 49413 | 55464 | 62213 | 69873 | 76165 |
| 2945 | 8722 | 15015 | 22332 | 29849 | 35507 | 42840 | 49517 | 55517 | 62222 | 69959 | 76324 |
| 3128 | 8765 | 15051 | 22338 | 29945 | 35544 | 42867 | 49576 | 55682 | 62276 | 70129 | 76372 |
| 3158 | 9021 | 15175 | 22442 | 30012 | 35584 | 42873 | 49735 | 55684 | 62378 | 70147 | 76422 |
| 3226 | 9042 | 15201 | 22952 | 30021 | 35604 | 42885 | 49784 | 55826 | 62396 | 70360 | 76537 |
| 3294 | 9123 | 15207 | 23063 | 30026 | 35704 | 42999 | 49924 | 55872 | 62425 | 70398 | 76670 |
| 3300 | 9223 | 15507 | 23185 | 30166 | 35843 | 43054 | 50048 | 56004 | 62458 | 70480 | 76780 |
| 3338 | 9280 | 15525 | 23327 | 30253 | 35884 | 43080 | 50108 | 56198 | 62544 | 70491 | 76860 |
| 3422 | 9377 | 15534 | 23481 | 30348 | 35978 | 43296 | 50453 | 56261 | 62585 | 70613 | 77069 |
| 3439 | 9454 | 15596 | 23529 | 30370 | 36165 | 43328 | 50604 | 56316 | 62635 | 70674 | 77121 |
| 3665 | 9483 | 15679 | 23546 | 30412 | 36187 | 43330 | 50648 | 56358 | 62646 | 70689 | 77208 |
| 3679 | 9564 | 15823 | 23668 | 30496 | 36247 | 43370 | 50656 | 56460 | 62649 | 70707 | 77308 |
| 3709 | 9592 | 15884 | 23678 | 30512 | 36313 | 43452 | 50687 | 56464 | 62759 | 70724 | 77460 |
| 3863 | 9611 | 15903 | 23738 | 30519 | 36400 | 43561 | 50818 | 56472 | 62929 | 70747 | 77462 |
| 3999 | 9688 | 16130 | 24025 | 30543 | 36639 | 43598 | 50958 | 56610 | 62949 | 70999 | 77555 |
| 4109 | 9794 | 16198 | 24107 | 30688 | 36781 | 43627 | 50972 | 56691 | 62988 | 71284 | 77629 |
| 4283 | 9890 | 16227 | 24147 | 30694 | 36788 | 43656 | 51096 | 56728 | 63183 | 71287 | 77873 |
| 4332 | 9914 | 16244 | 24508 | 30724 | 36891 | 43742 | 51109 | 56752 | 63258 | 71523 | 77972 |
| 4456 | 10185 | 16258 | 24713 | 30732 | 36946 | 43748 | 51125 | 56793 | 63612 | 71633 | 78131 |
| 4500 | 10373 | 16259 | 24774 | 30864 | 36999 | 43783 | 51226 | 56813 | 63648 | 71666 | 78136 |
| 4600 | 10519 | 16309 | 24788 | 30916 | 37086 | 43792 | 51237 | 56835 | 63831 | 71813 | 78184 |
| 4656 | 10659 | 16725 | 24940 | 31252 | 37117 | 43912 | 51356 | 56867 | 63870 | 71929 | 78265 |
| 4686 | 11005 | 16753 | 25030 | 31296 | 37248 | 43966 | 51442 | 56882 | 63902 | 71957 | 78410 |
| 4784 | 11063 | 16790 | 25082 | 31333 | 37256 | 43999 | 51573 | 56904 | 63962 | 72024 | 78496 |
| 4984 | 11082 | 16854 | 25224 | 31334 | 37271 | 44058 | 51625 | 57028 | 63965 | 72057 | 78510 |
| 5069 | 11112 | 16911 | 25274 | 31735 | 37291 | 44059 | 51777 | 57126 | 64027 | 72071 | 78541 |
| 5125 | 11261 | 16921 | 25426 | 31754 | 37349 | 44288 | 51920 | 57436 | 64069 | 72370 | 78645 |
| 5232 | 11477 | 17066 | 25473 | 31852 | 37363 | 44291 | 52061 | 57446 | 64156 | 72530 | 78792 |
| 5290 | 11503 | 17083 | 25499 | 32012 | 37515 | 44364 | 52237 | 57526 | 64226 | 72677 | 78800 |
| 5334 | 11507 | 17127 | 25558 | 32202 | 37539 | 44567 | 52418 | 57729 | 64232 | 72715 | 78844 |
| 5412 | 11523 | 17529 | 25584 | 32217 | 38009 | 44615 | 52829 | 57742 | 64421 | 72796 | 78873 |
| 5429 | 11553 | 17580 | 25864 | 32361 | 38024 | 44641 | 52880 | 57841 | 64542 | 73003 | 78963 |
| 5480 | 11754 | 17653 | 26036 | 32437 | 38089 | 45031 | 52953 | 57896 | 64612 | 73025 | 79039 |
| 5565 | 11818 | 17675 | 26104 | 32524 | 38202 | 45073 | 52997 | 57936 | 64876 | 73057 | 79150 |
| 5612 | 11901 | 18005 | 26230 | 32551 | 38237 | 45324 | 53002 | 57940 | 64903 | 73236 | 79278 |
| 5723 | 11946 | 18390 | 26244 | 32585 | 38248 | 45435 | 53034 | 58080 | 65507 | 73262 | 79496 |
| 5840 | 12080 | 18458 | 26253 | 32600 | 38380 | 45459 | 53119 | 58272 | 65611 | 73287 | 79538 |
| 5841 | 12122 | 18791 | 26286 | 32618 | 38405 | 45463 | 53125 | 58303 | 65621 | 73329 | 79582 |
| 5931 | 12324 | 18802 | 26313 | 32791 | 38687 | 45580 | 53237 | 58321 | 65734 | 73402 | 79607 |
| 6008 | 12590 | 18872 | 26508 | 32956 | 38720 | 45593 | 53310 | 58370 | 65747 | 73415 | 79705 |
| 6169 | 12591 | 18933 | 26700 | 32964 | 38726 | 45708 | 53435 | 58395 | 65753 | 73451 | |
| 6252 | 12707 | 18952 | 26822 | 33001 | 38781 | 45787 | 53450 | 58591 | 65974 | 73454 | |
| 6261 | 12810 | 19163 | 27024 | 33006 | 38791 | 45825 | 53664 | 58661 | 66051 | 73544 | |
| 6322 | 12814 | 19180 | 27133 | 33062 | 38915 | 45828 | 53675 | 58732 | 66296 | 73642 | |
| 6439 | 12946 | 19340 | 27310 | 33072 | 39299 | 45839 | 53739 | 59016 | 66319 | 73881 | |
| 6553 | 13014 | 19420 | 27313 | 33130 | 39466 | 46149 | 53747 | 59047 | 66358 | 73888 | |
| 6630 | 13105 | 19703 | 27441 | 33141 | 39479 | 46181 | 53755 | 59059 | 66365 | 73939 | |
| 6776 | 13182 | 19740 | 27464 | 33208 | 39518 | 46198 | 53902 | 59175 | 66658 | 74034 | |
| 6843 | 13280 | 19795 | 27733 | 33215 | 39594 | 46552 | 54104 | 59230 | 66701 | 74068 | |
| 6930 | 13403 | 19988 | 27753 | 33351 | 39831 | 46680 | 54187 | 59332 | 66716 | 74130 | |

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Tryggðu þér miða á sibs.is eða í síma 560 4800

Afgreiðsla vinninga hefst þann 21. mars 2016
Birt án ábyrgðar um prentvillur




**Ilmur Kristjánsdóttir leikkona fer með hlutverk lögreglukonunnar Hinriku í ófærð og virðast Bretar vera yfir sig hrifnir af henni.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Augabrúnir Ilmar vekja athygli í Bretlandi

Síðasti þátturinn af hinni geysivinsælu sjónvarpsþáttaröð Ófærð verður sýndur á BBC 4 í Bretlandi um næstkomandi helgi. Enskt heiti Ófærðar er Trapped og hafa Bretar verið mjög duglegir við að tísta.

Ég finn alveg fyrir aukinni athygli, sérstaklega þegar ég fékk símtal frá breskum blaðamanni sem vildi taka viðtal við mig, þá gerði ég mér grein fyrir því að fólk væri raunverulega að fylgjast með þáttunum,“ segir Ilmur Kristjánsdóttir leikkona sem fer með hlutverk Hinriku, lögreglukonu í bænum. Ilmur hefur fengið mjög góð viðbrögð við hlutverki sínu ásamt aukinni athygli á samfélagsmiðlunum en nú þegar hefur myndast aðdáendahópur á Twitter þar sem fólk er mikið að velta fyrir sér sérkennum Hinriku.

„Ég ákvað að byrja á Twitter til þess að geta fylgst með umræðunni um þættina undir hashtaginu #Trapped en þar hefur myndast aðdáendahópur Hinriku sem hefur gaman af því að skoða augnsvipbrigðin mín, það finnst mér mjög fyndið. Svo var ein kona búin að teikna mynd af Hinriku og sagði að þetta væri eitthvað fyrir aðdáendur Hinriku. Það finnst mér alveg ferlega fyndið líka,“ segir Ilmur og hlær.



**Listakonan RedScharlach teiknaði mynd af Hinriku á Twitter til að gleðja aðdáendahóp lögreglukonunnar.**

**ÉG ÁKVAÐ AÐ BYRJA Á TWITTER TIL ÞESS AÐ GETA FYLGST MEÐ UMRÆÐUNNI UM ÞÆTTINA UNDIR HASHTAGINU #TRAPPED.**

Síðasti þátturinn verður sýndur á BBC 4 um næstkomandi helgi og kom það fram í nýjum dómi frá breska tímaritinu The Guardian að Ófærð væri óvæntasti smellur vetrarins og yfir milljón áhorfendur bíði spenntir eftir lokauppgjörinu um helgina. Ætli fólk komi til með að þekkja íslensku leikarana á götum Lundúnaborgar?

„Ég er ekkert endilega viss um að ég sé orðin þekkt í Bretlandi en þar sem ég er nokkuð auðþekkjanleg þá held ég að fólk sem er að fylgjast með þáttunum mundi nú alveg átta sig á því hver ég væri,“ segir Ilmur létt í bragði.

**gudrunjona@frettabladid.is**

## Ólafur Darri vinsæll á Twitter

**JÁ, ÉG HEF FENGIÐ ALVEG ROSALEGA GÓÐ OG JÁKVÆÐ VIÐBRÖGÐ. Á SÍÐUSTU VIKUM HEFUR BÆST TÖLUVERT VIÐ FYLGJENDAHÓP MINN Á TWITTER EN ÞAÐ HAFA BÆST VIÐ ALVEG ALLAVEGA 300 MANNS Á SÍÐUSTU DÖGUM. JÁ, ÉG ER BÚINN AÐ FÁ MJÖG JÁKVÆÐ VIÐBRÖGÐ FRÁ ÁHUGASÖMU FÓLKI OG FJÖLMIÐLUM SEM ERU MJÖG SPENNTIR FYRIR ÞÆTTINUM OG ÍSLANDI SEM SKEMMIR EKKI FYRIR.**

Ólafur Darri Ólafsson, aðalleikari í Ófærð



Ólafur Darri Ólafsson hefur fengið mjög góð viðbrögð fyrir leik sinn í Ófærð.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


KFC
BOX MASTER
Doritos
SVOOO GOTT
Doritos Boxmaster
Original kjúklingur, flögur úr svörtum Doritos, pipar-majónes, kál, kartöfluskífa, ostur og salsa.
929 KR.
BOXMASTER
Doritos
Prins
Doritos Boxmaster, franskar, 3 Hot Wings, gos og Prins Xtra.
1.899 KR.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Frosta Logasonar




## Útrýmum viðbjóði

Hvað segja fordómafullir hommafóbar þegar þeir eru komnir út í horn? Þeir segja: Ég hef ekkert á móti hommum. Ég á fullt af vinum sem eru hommar.

Persónulega, þegar ég hugsa það í fljótu bragði, á ég ekki marga vini sem eru hommar. Ég þekki einhverja svona í kringum mig og ég veit ekki betur en þeir séu allir öndvegis náungar. Kannski er einhver vinur minn að lesa þetta sem ég er að gleyma. Ég biðst þá afsökunar á því.

Það er þá ekki vegna þess að viðkomandi er ekki eftirminnilegur karakter. Það er einfaldlega vegna þess að ég pæli ekkert í kynhneigð fólks.

En núna eru allir að tala um BDSM. Ég veit lítið sem ekkert um BDSM. Sennilega er ég ekki einn um það. Skammstöfunin stendur víst fyrir bindi, drottnun/undirgefni, sadó/masókisma og munalosta. Ég hef séð myndir af fólki meira og minna berrössuðu, tjóðruðu upp við staura, með hrossamúl á hausnum og stóra gúmmíkúlu í skoltinum. En meira veit ég ekki.

Það er auðvelt að falla í gryfju fordóma og hneykslunar þegar maður þekkir ekki eitthvað. Þannig var það jú fyrst með hommana. Fyrir tuttugu árum voru Íslendingar fullir af fordómum í garð þeirra. Þá var íslenskt samfélag viðbjóðslegt. Þegar við svo fórum að fræðast um samkynhneigð varð samfélagið aðeins minna viðbjóðslegt.

Það er nefnilega þannig að því meira sem við vitum um eitthvað því betur kunnum við að meta það. Þetta á við um allt nema trúarbrögð. Því legg ég til að við dreifum bæklingum um mismunandi kynvitund fólks í barnaskóla landsins í stað Nýja testamentisins. Smátt og smátt fjarlægjumst við þannig hið viðbjóðslega fordómasamfélag sem við eitt sinn vorum. Það væri mjög jákvætt.


LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

KRÓNAN
5 á dag!

LÁGT VERÐ ALLA DAGA
SÍÐAN 1962

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboðin gilda til 17. mars 2016.

25% AFSLÁTTUR AF BÖKUNARVÖRUM

ROYAL CANIN Josera.
20% AFSLÁTTUR AF GÆLUDÝRAVÖRUM
FÓÐUR OG LEIKFÖNG

SONAX
20-30% AFSLÁTTUR AF SONAX BÍLAVÖRUM

Palla veggljós, með segli G9
hvítur, svartur, kopar og króm
4.495 kr./stk. -25%
52238257-60
Almennt verð: 5.995 kr.

Krono Original
Harvester Oak, White Oiled Oak, Nevada Oak
192x1285mm, 8mm þykkt
1.995 kr./m² -26%
0113487/ 0113485/ 0113475
Almennt verð: 2.695 kr.

Gitter loftljós
E27, kopar/svart
4.495 kr./stk. -25%
52238125/6
Almennt verð: 5.995 kr.

MARKAÐSDAGAR
Í ÖLLUM VERSLUNUM BYKO
LÝKUR UM HELGINA!
50 kr. 100 kr. 200 kr. 300 kr. 400 kr. 500 kr. 600 kr. 800 kr. 1000 kr. 1500 kr.

SPURÐU ÍVAR UM ALLT TENGT LEIGUMARKAÐNUM — HJÁ BYKO 15 ÁR
SPURÐU KJARTAN UM ALLT TENGT GLUGGUM OG HURÐUM — HJÁ BYKO 9 ÁR
SPURÐU ÁSTU UM ALLT TENGT HÖNNUN HEIMILISINS — HJÁ BYKO 5 ÁR
SPURÐU ANÍTU UM ALLT TENGT HEIMILISVÖRUM — HJÁ BYKO 13 ÁR

byko.is
REYNSLUMIKIÐ STARFSFÓLK
ÚRVALS ÞJÓNUSTA
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN